



**Háskólinn
á Akureyri**

Sjálfbærni til framtíðar

Innleiðing Heimsmarkmiðs 4.7 á Íslandi

Bryndís Sóley Gunnarsdóttir og
Sólveig María Árnadóttir

**Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2020**

Sjálfbærni til framtíðar

Innleiðing Heimsmarkmiðs 4.7 á Íslandi

Bryndís Sóley Gunnarsdóttir og
Sólveig María Árnadóttir

30 eininga lokaverkefni sem er hluti af
Magister Educationis-prófi í menntunarfræði

Leiðsögukennarar:
Bragi Guðmundsson
Ólafur Páll Jónsson

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, júní 2020

Titill: Sjálfbærni til framtíðar – Innleiðing Heimsmarkmiðs 4.7 á Íslandi
Stuttur titill: Sjálfbærni til framtíðar
30 eininga meistaraþrófsverkefni sem er hluti af Magister Educationis-
prófi í menntunarfræði

Höfundarréttur © 2020 Bryndís Sóley Gunnarsdóttir og Sólveig María
Árnadóttir
Öll réttindi áskilin

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:
Bryndís Sóley Gunnarsdóttir og Sólveig María Árnadóttir, 2020,
meistaraprófsverkefni, kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið,
Háskólinn á Akureyri, 99 bls.

Prentun: Ásprent Akureyri
Akureyri, júní, 2020

Ágrip

Rannsóknin er hluti af samnorrænu verkefni á vegum Norrænu ráðherra-nefndarinnar sem hefur það að markmiði að kanna hvernig Norðurlöndunum hefur tekist að innleiða Heimsmarkmið 4.7 um menntun til sjálfbærrar þróunar. Í rannsókninni er einblínt á stöðu Íslands og eru rannsóknarspurningarnar þrjár: 1) Hvað segja lög og reglugerðir um menntun til sjálfbærni á Íslandi? 2) Hvernig er staðan innan veggja tveggja grunnskóla á Íslandi með tilliti til sjálfbærnimenntunar? 3) Upplifa grunnskólakennaranemar sig nægilega undirbúna fyrir sjálfbærnikennslu?

Til að leita svara við rannsóknarspurningunum var gagnaöflun rannsóknarinnar skipt í þrennt. Í fyrsta lagi var framkvæmd textagreining á lögum um grunnskóla, *Aðalnámskrá grunnskóla*, skólastefnum sex sveitarfélaga og skólanámskrám tveggja þátttökuskóla. Í öðru lagi voru tekin þrjú rýnihópaviðtöl í tveimur grunnskólum, það er Síðuskóla og Þelamerkurskóla. Í þriðja lagi var rætt við rýnihópa fjórða og fimmta árs kennaranema við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands.

Niðurstöðurnar sýna að umfjöllun um hugtökin sjálfbærni, mannréttindi, kynjajafnrétti, menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund er ábótavant í lögum um grunnskóla. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* hafa hins vegar verið sett fram metnaðarfull markmið í tengslum við þau. Þrátt fyrir að sveitarfélög leggi mismikla áherslu á hugtökin í skólastefnum sínum virðast báðir þátttökuskólarnir vinna metnaðarfullt starf í tengslum við þau. Þannig læra nemendur bæði um hugtökin í verki og í gegnum skipulögð verkefni í ólíkum námsgreinum. Niðurstöðurnar gefa einnig til kynna að hugtökin fá mismikið vægi í kennaranámi og vilja kennaranemar fá ítarlegri og heildstæðari umfjöllun um þau enda telja þeir sig heilt yfir ekki nægilega undirbúna til að fást við þau í kennslu.

Lykillhugtök: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sjálfbærni, sjálfbær þróun, menntun til sjálfbærni, mannréttindi, kynjajafnrétti, jafnrétti, menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund.

Abstract

This study is a part of the Nordic Council of Ministers' research project focusing on the implementation of the UN Sustainable Development Goal 4.7 in the Nordic countries. This study focuses on Iceland. There are three research questions: 1) What do laws and regulations in Iceland say about education for sustainability? 2) How do two compulsory schools in Iceland work towards sustainability? 3) Do student teachers feel adequately prepared for sustainability teaching?

In order to answer these questions, data collection was divided into three parts. Firstly, a content analysis was conducted on the Icelandic law on compulsory schools, the Icelandic national curriculum, the educational policy of six municipalities and the school curriculum of the two participating schools. Secondly, three focus group interviews were conducted in two compulsory schools. Thirdly, two focus group interviews were conducted with fourth and fifth year student teachers in University of Akureyri and University of Iceland.

The results indicate that there is a lack of discussion about sustainability, human rights, gender equality, global citizenship and appreciation of cultural diversity in the Icelandic law on compulsory schools. However, ambitious goals have been set in the Icelandic national curriculum. Even though there is a difference between the municipalities on how much emphasis is placed on the concepts, both of the participating schools seem to be doing an ambitious job when it comes to the concepts. In other words, students learn about them concepts both through learning by doing and also through organised projects in different subjects. The results also indicate that the key concepts receive an unequal discussion in teacher education. Therefore, student teachers would like to receive a more detailed and comprehensive discussion about them as they feel that they are not quite prepared enough to teach about them.

Keywords: UN Sustainable Development, sustainability, sustainable development, sustainable education, human rights, gender equality, equality, global citizenship and appreciation of cultural diversity.

Formáli

Rannsóknin, *Sjálfbærni til framtíðar – Innleiðing Heimsmarkmiðs 4.7 á Íslandi*, er 30 eininga meistaraþrófsverkefni til M.Ed.-þrófs í menntunarfræði. Verkefnið er hluti af 120 eininga námi til kennsluréttinda við kennaradeild á hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri. Rannsóknin er hluti af samnorrænu verkefni, *Education for Sustainable Development in the Nordic Countries: A Comparative Examination*, á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem Ísland fer með formennsku í. Verkefnið hefur skapað einstakt tækifæri til að kortleggja stöðuna á Norðurlöndum og dýpka þekkingu okkar á viðfangsefninu. Haustið 2019 sóttum við sameiginlegan fund rannsóknarhópsins í Kaupmannahöfn auk þess sem við tókum þátt í NERA ráðstefnunni í Turku í Finnlandi í byrjun árs 2020 þar sem við kynntum hluta af niðurstöðum verkefnisins. Leiðbeinendur okkar voru prófessor Bragi Guðmundsson og prófessor Ólafur Páll Jónsson og færum við þeim bestu þakkir fyrir samstarfið sem hefur verið afar ánægjulegt og lærdómsríkt.

Sérstakar þakkir fá þátttakendur rannsóknarinnar og þá einkum starfsfólk og nemendur Síðuskóla á Akureyri og Þelamerkurskóla í Hörgársveit sem voru boðnir og búnir til að veita okkur alla þá aðstoð sem við þurfum.

Efnisyfirlit

Myndir	xí
1. Inngangur.....	1
2. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun	3
2.1 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	3
2.2 Sjálfbærni og sjálfbær þróun.....	5
2.3 Mannréttindi.....	8
2.4 Kynjajafnrétti	10
2.5 Menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund.....	12
3. Rannsóknin	13
3.1 Rannsóknaraðferð	13
3.2 Framkvæmd og gagnaöflun	15
3.3 Þátttakendur	16
3.4 Siðferðileg atriði	17
4. Niðurstöður	18
4.1 Lög um grunnskóla	18
4.2 Aðalnámskrá grunnskóla	19
4.3 Skólastefnur sex sveitarfélaga.....	24
4.3.1 Skólastefna Akureyrarbæjar.....	25
4.3.2 Menntastefna Fljótsdalshéraðs.....	26
4.3.3 Skólastefna Hörgársveitar	26
4.3.4 Skólastefna Ísafjarðarbæjar.....	27
4.3.5 Menntastefna Reykjavíkurborgar.....	28
4.3.6 Menntastefna Skaftárhrepps.....	29
4.3.7 Samantekt á stefnum sveitarfélaganna.....	30
4.4 Skólanámskrár þáttökuskólanna	32
4.4.1 Skólanámskrá Síðuskóla	32
4.4.2 Skólanámskrá Þelamerkurskóla.....	35

4.5	Starfsemi Síðuskóla.....	37
4.5.1	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í Síðuskóla	37
4.5.2	Sjálfbærnimenntun í Síðuskóla	38
4.5.3	Mannréttindi og jafnrétti í Síðuskóla	41
4.5.4	Menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund í Síðuskóla.....	42
4.6	Starfsemi Þelamerkurskóla.....	44
4.6.1	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í Þelamerkurskóla	44
4.6.2	Sjálfbærnimenntun í Þelamerkurskóla	45
4.6.3	Mannréttindi og jafnrétti í Þelamerkurskóla	49
4.6.4	Menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund í Þelamerkurskóla	50
4.7	Upplifanir kennaranema.....	51
4.7.1	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í kennaranámi.....	51
4.7.2	Sjálfbærni í kennaranámi	52
4.7.3	Mannréttindi og jafnrétti í kennaranámi.....	53
4.7.4	Menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund í kennaranámi	53
5.	Umræður	55
5.1	Íslensk menntastefna	55
5.2	Stefnur íslenskra sveitarfélaga í menntamálum	57
5.3	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í íslensku skólakerfi	58
5.4	Sjálfbærnimenntun í íslensku skólakerfi	60
5.5	Mannréttinda- og jafnréttisfræðsla í íslensku skólakerfi.....	63
5.6	Menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund í íslensku skólakerfi.....	65
5.7	Undirbúningur kennaranema.....	66
6.	Samantekt.....	69
	Heimildaskrá.....	71
	Munnleg heimild	80
	Fylgiskjöl	81

Myndir

<i>Mynd 1 Unnið með heimsmarkmiðin í Síðuskóla</i>	37
<i>Mynd 2 Flokkunarkeppni í Síðuskóla</i>	38
<i>Mynd 3 Fjallganga upp að Hraunsvatni á umhverfisdegi</i>	39
<i>Mynd 4 Listaverk eftir nemendur, unnið í myndmennt</i>	40
<i>Mynd 5 Útiskólasvæði Síðuskóla</i>	40
<i>Mynd 6 Nemendaverkefni um mannréttindi</i>	41
<i>Mynd 7 Nemendaverkefni unnið úr endurnýjanlegum efnivið</i>	45
<i>Mynd 8 Skip smíðað úr afgangsbroti úr smíðastofunni</i>	45
<i>Mynd 9 Veiðiferð í Hörgá sem rennur neðan við skólann</i>	46
<i>Mynd 10 Fjörufurð á útivistardegi</i>	46
<i>Mynd 11 Kofi á útiskólasvæðinu</i>	47
<i>Mynd 12 Eldað í útielðhúsi á útiskólasvæðinu</i>	47
<i>Mynd 13 Kort af vistheimtarsvæði</i>	48
<i>Mynd 14 Nemendur mæla vatnsstöðu í Hrauni í Öxnadal</i>	48

1. Inngangur

Íslensk menntastefna kveður á um mikilvægi sjálfbærni þar sem sjálfbærni er einn af grunnþáttum menntunar og á að fléttast inn í allt skólastarf. Grunnþættirnir birtust fyrst í aðalnámskrám árið 2011 en síðan þá hafa stjórnvöld haft mismikið frumkvæði að því að fylgja þeim eftir sem og öðrum áherslum stefnunnar. Það er ljóst að tiltölulega auðvelt er að breyta áherslum í orði þó að deila megi um það hversu hratt kerfið tekur við sér. Með tilkomu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland þurft að setja sér háleit og skýr markmið til að ná þeim. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun á tímabilinu 2016–2030 hafa þann tilgang að leiða til betra lífs, lífskilyrða og umhverfis og eru aðildarríki Sameinuðu þjóðanna skuldbundin til að innleiða þau á gildistíma þeirra. Alls eru markmiðin sautján talsins og undirmarkmiðin 169.

Undir forystu Íslands í Norrænu ráðherranefndinni var hrundið af stað verkefni til að kortleggja stöðuna á Norðurlöndunum í tengslum við innleiðingu á Heimsmarkmiði 4.7 um menntun til sjálfbærni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði rannsóknarhóp sem í voru fræðimenn og framhaldsnemar frá öllum Norðurlöndunum. Hópurinn vinnur nú að rannsókninni *Education for Sustainable Development in the Nordic Countries: A Comparative Examination*. Í henni er sérstök áhersla lögð á að greina lög og reglugerðir ásamt því að rannsaka stöðuna í grunnskólum sem og í kennaranámi í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð.

Í þessari rannsókn er sjónum beint að Íslandi. Rannsóknarspurningarnar eru þrjár: 1) Hvað segja lög og reglugerðir um menntun til sjálfbærni á Íslandi? 2) Hvernig er staðan innan veggja tveggja grunnskóla á Íslandi með tilliti til sjálfbærnimenntunar? 3) Upplifa grunnskólakennaranemar sig nægilega undirbúna fyrir sjálfbærnikennslu? Til að leita svara við rannsóknarspurningunum var gagnaöflun skipt í þrennt. Í fyrsta lagi var framkvæmd textagreining þar sem rýnt var í lög um grunnskóla, *Aðalnámskrá grunnskóla*, skólastefnur sex sveitarfélaga og skólanámskrár þátttökuskólanna tveggja. Í öðru lagi voru tekin þrjú rýnihópaviðtöl í tveimur grunnskólum. Í hvorum skóla var rætt við 1) skólastjórnendur, 2) rýnihóp kennara og 3) rýnihóp fimmtán til sextán ára

nemenda. Í þriðja lagi var rætt við rýnihóp fjórða og fimmta árs kennaranema, annars vegar í Háskólanum á Akureyri og hins vegar í Háskóla Íslands. Takmörkun rannsóknarinnar felst fyrst og fremst í því að ekki fékkst skóli á höfuðborgarsvæðinu til þátttöku en upphaflega var gert ráð fyrir þátttökuskóla þar til að geta greint stöðuna á ólíkum svæðum á Íslandi.

Rannsóknarrit þetta skiptist í sex kafla og er sá fyrsti inngangur. Annar kafli fjallar um fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar þar sem sérstaklega er gerð grein fyrir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, tilkomu þeirra og gildum. Sérstaklega eru dregnir fram þeir þættir sem falla undir markmið 4.7 og eru það lykilhugtök rannsóknarinnar. Þau eru sjálfbærni, mannréttindi, kynjajafnrétti, menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund. Þriðji kafli snýr að þeim rannsóknaraðferðum sem var beitt við gagnaöflunina. Í fjórða kafla er greint frá niðurstöðum textagreiningarinnar og rýnihópaviðtalanna. Fimmti kafli er umræðukafli þar sem niðurstöður rannsóknarinnar eru sérstaklega ígrundaðar og vangaveltur lagðar fram. Í sjötta kafla er verkefnið allt loks dregið saman.

2. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Í þessum kafla verður fjallað um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun með áherslu á markmið 4.7 sem varðar menntun til sjálfbærrar þróunar. Rýnt verður sérstaklega í lykilhugtök markmiðsins, það er sjálfbærni og sjálfbær þróun, mannréttindi, kynjajafnrétti, alheimsvitund, menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund. Skilgreina mætti friðsamlega menningu sem eitt af lykilhugtökum markmiðsins en hér er litið á það sem yfirhugtak fyrrnefndra hugtaka. Þannig að með því að vinna að þeim náist lokatakmarkið, það er friðsamleg menning.

2.1 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar, þann 24. október 1945, stofnuðu 51 ríki alþjóðasamtökin Sameinuðu þjóðirnar í þeim tilgangi að efla alþjóðlegt samstarf og auka öryggi í heiminum til að viðhalda friði. Aðildarríkjunum hefur fjölgað og eru þau nú orðin 193 talsins, þar á meðal Ísland. Til að geta gerst aðili að Sameinuðu þjóðunum þarf ríki að vera fullvalda að þjóðarrétti og taka á sig þær skuldbindingar sem kveðið er á um í stofnsáttmála samtakanna. Í honum eru settar fram grundvallarreglur í alþjóðlegum samskiptum og markmið. Þau eru eftirfarandi:

- að viðhalda friði og öryggi í heiminum
- að stuðla að vinsamlegum samskiptum milli þjóða
- að taka þátt í lausn alþjóðlegra vandamála
- að auka virðingu fyrir mannréttindum
- að vera samráðsvettvangur þjóða (Félag Sameinuðu þjóðanna, e.d.b).

Með öðrum orðum er tilgangur Sameinuðu þjóðanna fyrst og fremst að stuðla að lausn alþjóðaátaka og móta stefnu um mál sem koma öllum við (Félag Sameinuðu þjóðanna, e.d.b).

Um aldamótin 2000 samþykktu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna átta Þúsaldarmarkmið sem gilda áttu til ársins 2015 í því augnamiði að stuðla að bættum heimi fyrir alla (Félag Sameinuðu þjóðanna, e.d.a). Í september 2015 viku markmiðin fyrir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem gilda á tímabilinu 2016–2030. Tilgangur þeirra er að leiða til betra lífs, lífsskilyrða og umhverfis. Markmiðin ná bæði yfir innanlandsmál og alþjóðasamstarf og eru algild sem þýðir að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eru skuldbundin til að innleiða þau á gildistíma þeirra. Alls eru markmiðin sautján og undirmarkmiðin 169 talsins (Verkefnastjórn íslenskra stjórnvalda um Heimsmarkmiðin, e.d.a). Heimsmarkmiðin sautján eru eftirfarandi:

1. Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar.
2. Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bættu næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði.
3. Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.
4. Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.
5. Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflid.
6. Tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu, allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu.
7. Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.
8. Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.
9. Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.
10. Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa.
11. Gera borgir og íbúasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær.
12. Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð.
13. Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.
14. Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun.
15. Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi, sjálfbærristjórnun skógarauðlindarinnar, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.
16. Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla menn, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla menn á öllum sviðum.
17. Styrkja framkvæmd og blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun (Stjórnarráð Íslands, e.d.a).

Eins og sjá má kveður markmið fjögur á um að tryggja eigi öllum jafnan aðgang að „góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.“ Undir þetta markmið falla tíu undirmarkmið og kveður markmið 4.7 á um menntun til sjálfbærni, nánar tiltekið að

eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar (Verkefnastjórn íslenskra stjórnvalda um Heimsmarkmiðin, e.d.b).

Í næstu köflum verður fjallað nánar um lykilhugtök þessa markmiðs, það er sjálfbærni og sjálfbæra þróun, mannréttindi, kynjajafnrétti, menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund.

2.2 Sjálfbærni og sjálfbær þróun

Allt frá því að Brundtland-skýrsla Sameinuðu þjóðanna um umhverfis- og þróunarmál kom út árið 1987 hafa hugtökin sjálfbærni og sjálfbær þróun verið áberandi í opinberri umræðu og stefnumótun. Hugtökin fela í sér að einstaklingar lifi og breyti á þann hátt að það hafi sem minnst neikvæð áhrif á möguleika næstu kynslóðar. Þó að sjálfbær viðleitni sé ekki ný af nálinni má segja að nokkur áherslumunur hafi orðið á því hvað telst vera jákvæð þróun eða framfarir. Þannig er nú á dögum talað um að sjálfbærni og sjálfbær þróun byggist á þremur stöðum, það er að segja efnahagsvexti, félagslegri velferð og jöfnuði og vernd umhverfisins. Í upphafi var litið svo á að stöðirnar þrjár væru aðskildir þættir og tengdu margir hugtakið sjálfbærni einungis við umhverfisvernd. Nú er fólk hins vegar sammála um að stöðirnar þrjár séu háðar hver annari og að vinna þurfi samtímis að þeim öllum (Brundtland, 1987, bls. 13; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Kristín Norðdahl, Auður Pálsdóttir, Björg Pétursdóttir, Eygló Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Þórunn Reykdal, 2008, bls. 7–8).

Íslensk stjórnvöld hafa mótað stefnu um sjálfbæra þróun sem birtist meðal annars í alþjóðlegum samningum og löggjöf. Til að mynda er fjallað um sjálfbærni í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla en með tilkomu nýrrar aðalnámskrár árið 2011 varð sjálfbærni í fyrsta sinn einn af sex grunnþáttum

menntunar (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson o.fl., 2008, bls. 7; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2017, bls. 20). Segja má að sú breyting hafi verið í takt við auknar og breyttar kröfur um menntun til sjálfbærni víðs vegar um heiminn, þar á meðal á Íslandi, þar sem árin 2005–2014 höfðu verið skilgreind af Sameinuðu þjóðunum sem áratugur menntunar til sjálfbærrar þróunar (UNESCO, e.d.).

Í námskránni er rætt um sjálfbærni sem jafnvægi á milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar, það er hinnar umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu. Hugtakinu sjálfbærri þróun er lýst sem ferli sem á sér stað þegar jafnvægi er komið á í þjóðfélagi eða minni einingu. Með menntun til sjálfbærni er því átt við að nemendur læri að þekkja, skilja og virða náttúruna og geri sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar og annarra til að öðlast hæfni til að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Auk þess eru neytendafræðsla og fjármálalæsi mikilvægar forsendur sjálfbærrar þróunar. Með öðrum orðum er tilgangurinn með menntun til sjálfbærni að skapa samábyrgt samfélag þar sem hver og einn einstaklingur er virkur borgari sem er meðvitaður um gildi sín, viðhorf og tilfinningar gagnvart umhverfi, efnahag og félagslegri samgirni (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 19–20).

Samkvæmt stöðuskýrslu sem rituð var af verkefnastjórn íslenskra stjórnvalda um Heimsmarkmiðin hefur innleiðing á grunnþáttum menntunar, þar á meðal sjálfbærni, gengið vel á öllum skólastigum. Það sem vefst þó fyrir mörgum kennurum er að samþætta grunnþættina við daglegt skólastarf. Auk þess hefur það reynst áskorun að viðhalda því að allir aðilar skólasamfélagsins vinni saman að innleiðingu grunnþáttanna (Verkefnastjórn íslenskra stjórnvalda um Heimsmarkmiðin, 2018, bls. 20).

Gefin hafa verið út svokölluð gæðaviðmið sem hafa það að markmiði að koma af stað umræðu um menntun til sjálfbærrar þróunar. Með öðrum orðum er þeim ætlað að stuðla að markvissum breytingum í skólum sem leiði til aukinnar getu skóla til að móta eigin viðmið um sjálfbærnimenntun. Gæðaviðmiðin voru upphaflega gefin út árið 2005 af evrópska samstarfsnetinu *School Development through Environmental Education* (SEED). Í kjölfarið hafa þau verið þýdd á fjölmörg tungumál, þar á meðal á íslensku árið 2008. Viðmiðin eru byggð á viðamiklum skýrslum um þróun vistskóla (skóla sem hafa valið að gera menntun til sjálfbærrar þróunar að meginmarkmiði) og Grænfanaskóla í þrettán löndum. Skilgreind eru fimmtán viðmið um menntun til sjálfbærrar þróunar. Þau eru sett fram í þremur meginflokkum, það er 1) *Nám og kennsla*, 2) *Skipulag og skólastefna* og 3) *Tengsl út á við*. Undir hvern

flokk falla tvö til níu minni svið þar sem sett eru fram dæmi úr skólastarfi, lýsing á meginforsendum og nokkur viðmið sem gefa innsýn í fjölbreytileika skólastarfsins (Breiting, Mayer og Mogensen, 2005, bls. 7–10; Stefán Bergmann, Erla Kristjánsdóttir, Eygló Björnsdóttir, Kristín Norðdahl, Þórunn Reykdal og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2010, bls. 7).

Veturinn 2008–2009 unnu átta íslenskir leik- og grunnskólar ásamt Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri að þróunarstarfi sem nefnt var *GETA til sjálfbærni – menntun til aðgerða*. Meginmarkmið verkefnisins var að þróa skólastarf skólanna í átt að menntun til sjálfbærrar þróunar. Lögð var áhersla á að skapa heildarsýn á skólastarfið og koma í veg fyrir að markmið eða sjónarmið einstakra fræðigreina stýrðu starfinu. Sjálfbær þróun var því gerð að viðmiði við val á viðfangsefnum. Auk þess var leitast við að virkja nemendur og kennara með það markmið í huga að allir þjálfuðust í verki til lýðræðislegrar þátttöku og ábyrgðar. Í ágúst 2010 kom út skýrsla þar sem greint var frá helstu verkefnum sem unnin voru í skólunum og tengdust menntun til sjálfbærni og þau metin út frá fyrrnefndum gæðaviðmiðum. Að sögn þátttakenda leituðust skólarnir við að byggja ofan á reglulegt skólastarf eða önnur þróunarverkefni en töldu að *GETU* verkefnið hefði leitt til þess að einhver verkefnanna öðluðust nýja vídd. Til dæmis fékk verkefni um umhverfismál í fyrsta sinn samfélagslega vídd. Þróunarverkefnið sýndi jafnframt fram á hversu mikilvægt er að virkja samfélagið til þátttöku þegar kemur að menntun til sjálfbærni. Þannig leiðir aukið samstarf til farsælla skólastarfs enda er það eitt af lykilatriðum sjálfbærrar þróunar (Stefán Bergmann o.fl., 2010, bls. 5 og 49).

Alþjóðlega verkefnið *Skólar á grænni grein*, sem þróað hefur verið í tengslum við sjálfbærni, menntar nemendur í 51.000 skólum í 67 löndum í sjálfbærni og umhverfisvernd. Í verkefninu er lögð áhersla á lýðræðismenntun og getu til aðgerða. *Skólar á grænni grein* byggir á sjö skrefa ferli sem stuðla á að vitund nemenda, kennara og starfsmanna skóla um umhverfismál. Takist skóla að stíga öll skrefin og ná markmiðum sínum fær hann svokallaðan Grænfána sem hann getur flaggað í tvö ár. Ef skólanum tekst að viðhalda starfinu fæst viðurkenningin endurnýjuð. Landvernd hefur umsjón með verkefninu á Íslandi og á vef samtakanna eru kennsluhugmyndir, námsefni, fyrirlestrar og handbækur í tengslum við það (Landvernd, e.d.).

2.3 Mannréttindi

Mannréttindi eru réttur hvers og eins til að lifa með reisn óháð stöðu, til að mynda vegna kynþáttar, kyns, þjóðernis, tungumáls, búsetu eða trúarbragða. Með öðrum orðum fela mannréttindi í sér ákveðin grundvallarréttindi sem allir einstaklingar eiga að njóta án mismununar, svo sem réttinn til lífs, frelsis, vinnu, menntunar og skoðana- og tjáningarfrelsis (United Nations, e.d.). Alla jafna er lagður þrenns konar skilningur í hugtakið mannréttindi, það er laga- legur, pólitískur og siðfræðilegur skilningur. Þetta stafar af því að mannréttindi byggja á ýmsum gildum og siðferðilegum kröfum sem réttarkerfið byggir á en ráðast ekki af lagalegum skilgreiningum né eru veitt með lögum. Hins vegar eru mannréttindi oft skilgreind eða tryggð með lögum, til dæmis í ýmsum lögum um jafnrétti, Mannréttinasáttmála Evrópu, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Í alþjóðlegri löggjöf er svo kveðið á um skyldur stjórnvalda til að stuðla að og vernda mannréttindi (Alþingi, 2019; Stjórnarráð Íslands, e.d.a).

Í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem tók gildi 10. desember 1948 er kveðið á um uppbyggingu hins alþjóðlega mannréttindakerfis. Í gegnum tíðina hefur yfirlýsingin orðið að nokkurs konar leiðarljósi til að tryggja mannréttindi og koma í veg fyrir mannréttindabrot (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.). Lykilatriði í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna er að allir einstaklingar fæðast frjálssir og jafnir og eiga tilkall til allra þeirra réttinda sem lýst er í yfirlýsingunni óháð stöðu. Í raun felur yfirlýsingin í sér ákveðnar siðareglur samskipta, bæði á milli einstaklinga sem og á milli aðildarríkjanna. Í henni er meðal annars gerð krafa um að aðildarþjóðir samtakanna kynni og útskýri reglurnar fyrir öllum þeim sem búa og lifa í hverju ríki, einkum þeim sem starfa í menntastofnunum (Stjórnarráð Íslands, 2008, bls. 5–6). Samkvæmt 26. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar skal beina menntun

í þá átt að þroska persónuleika einstaklinganna og auka virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi. Hún skal miða að því að efla skilning, umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúarhópa og að styrkja starf Sameinuðu þjóðanna í þágu friðar (Stjórnarráð Íslands, 2008, bls. 13).

Mannréttinasáttmáli Evrópu, sem samþykktur var í Róm 4. nóvember 1950, rímar vel við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Í honum er kveðið á um að réttur hvers manns skuli verndaður með lögum og eru aðilar

sáttmálans skyldugir til að tryggja hverjum þeim sem býr í landi samningsaðila réttindi og frelsi sem skilgreind eru í samningnum. Í honum er fjallað um bann við pyndingum, þrældómi og nauðungarvinnu, rétt einstaklinga til frelsis, mannhelgi og réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi og að ekki skuli refsá einstaklingi fyrir brot sem hann hefur ekki verið dæmdur sekur um fyrir dómi. Kveðið er á um friðhelgi einkalífsins, hugsana-, samvisku- og trúfrelsi auk tjáningar-, funda- og félagafrelsis (European court of human rights, 2010, bls. 5–6).

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* er hugtökunum mannréttindi og lýðræði skeytt saman í einn grunnþátt. Í námskránni er kveðið á um að mannréttindi allra verði ekki tryggð nema með því að stuðla að og skapa vettvang þar sem gætt er að heilbrigði og velferð hvers og eins ásamt því að berjast gegn mismunun og hvers konar ofbeldi. Þar segir jafnframt að gagnrýnin hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins séu lykilatriði í lýðræðis- og mannréttindamenntun. Þetta felur meðal annars í sér að koma þarf á virku samstarfi skóla við heimili nemenda, æskulýðs- og íþróttastarf og grenndarsamfélagið allt. Slíkt samstarf er einmitt einn af hornsteinum sjálfbærrar þróunar. Þannig er lögð áhersla á að skólar geti tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 16–17 og 21).

Samkvæmt Íslandsdeild mannréttindahreyfingarinnar Amnesty International (e.d.) er markmið mannréttindafræðslu að stuðla að skilningi á mannréttindum og þekkingu fólks á réttindum sínum. Jafnframt felur hún í sér að fræða einstaklinga um sögu mannréttinda, mannréttinasáttmála og lagaumhverfi. Með slíkri fræðslu má stuðla að því að einstaklingar geri tilkall til réttinda sinna, komi í veg fyrir mannréttindabrot og leitist við að byggja upp samfélag þar sem mannréttindi eru virt í hvívetna. Á vef hreyfingarinnar má bóka fræðsluheimsókn í skóla og þar eru auk þess ýmis verkefni sem hægt er að nýta til að auka þekkingu nemenda á mannréttindum.

Árið 2009 gaf Námsgagnastofnun út fyrsta heildstæða kennsluefnið á íslensku um mannréttindafræðslu, nánar tiltekið bókina *Kompás: handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk*. Bókin var unnin af þverfaglegu og þvermenningarlegu teymi og samin innan ramma áætlunar æskulýðs- og íþróttadeildar Evrópuráðsins um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk. Hún er ætluð kennurum, æskulýðsleiðtogum, öðrum fagaðilum og áhugafólki sem vinnur með ungum krökkum. Í bókinni eru ýmsar hugmyndir og hagnýt verkefni sem

hægt er að nota í mannréttinda- og jafnréttisfræðslu til að virkja og vekja jákvæða vitund ungs fólks um mannréttindi (Brander, 2009, bls. 9–10).

2.4 Kynjajafnrétti

Kynjajafnrétti felur í sér að konur og karlar njóti sömu réttinda og tækifæra á öllum sviðum samfélagsins, hvort heldur sem er í opinberu lífi eða einkalífi. Þá felur það einnig í sér að kynin séu jafn sjáanleg í samfélaginu og jafn valdamikil. Það merkir þó ekki að kynin séu eins heldur að þau njóti sömu réttinda og virðingar (Jafnréttisstofa, e.d.; World health organization, e.d.).

Jafnréttislög voru fyrst sett á Íslandi árið 1976. Nú eru í gildi lög frá árinu 2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Í lögnum er kveðið á um að nemendur á öllum skólastigum skuli fá fræðslu um jafnréttismál. Jafnframt þurfa skólar að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu þannig að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Auk þess er lögð áhersla á að ákvæði laganna séu höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi, það er í kennslustundum og í öllum samskiptum (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008). Nánar er kveðið á um útfærslu laganna í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem jafnrétti er skilgreint sem einn af grunnþáttum menntunar. Talað er um jafnrétti sem regnhlífarhugtak yfir marga þætti, þar á meðal kynjajafnrétti. Í námskránni er kveðið á um að jafnréttismenntun eigi að fara fram á öllum skólastigum og er markmiðið með henni er að skapa öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og læra að lifa ábyrgu lífi. Þannig á skólastarf að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu. Jafnframt þarf námsefni að höfða jafnt til beggja kynja og er mikilvægt að bæði kyn eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 22, 38 og 49).

Vert er að taka fram að kynjatvíhyggja (e. gender dualism) er ríkjandi í lögum um grunnskóla og aðalnámskrá þar sem einungis er gert ráð fyrir tveimur kynjum, það er karlkyni og kvenkyni. Þó hefur umræðan í samfélaginu síðustu ár leitt til aukinnar vitundarvakningar um mikilvægi þess að breyta orðræðunni og gera hana kynlausu þar sem kynin eru fleiri en tvö og sumir einstaklingar kjósa að skilgreina ekki kyn sitt (Hinsegin frá Ö til A, e.d.; Killerman, e.d.).

Samkvæmt rannsókn Þorgerðar Einarsdóttur og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar (2011) er kynjajafnréttisfræðsla veik hér á landi þrátt fyrir ákvæði jafnréttislaga. Niðurstöðuna rekja höfundar fyrst og fremst til áhugaleysis þeirra sem sinna kennaramenntun í háskólum landsins en vænta má að skortur á kynjajafnréttisfræðslu í kennaranámi leiði til þess að nýútskrifaðir kennarar forðist að sinna kynjajafnréttisfræðslu. Þá telja þeir einnig að skortur á náms efni um kynjajafnrétti sé ein ástæða þess að fræðslan er ekki meiri en raun ber vitni. Að sögn þeirra hafa einhver tilraunaverkefni verið sett af stað í grunn- og framhaldsskólum landsins en öll hafa þau átt það sameiginlegt að ljúka án þess að skapa jafnréttismenntun fastan sess í skólastarfinu (bls. 9–11).

Í MA ritgerð Eyglóar Árnadóttur (2009), sem fjallaði um framkvæmd jafnréttislaga frá 1991, kemur fram að lögin dugi ekki til að kynjajafnréttisfræðslu sé sinnt í grunnskólum. Hún telur lögin vera of óskýr og óljós þar sem ekki er tilgreint hvað felist í kynjajafnréttisfræðslu og hvernig hún eigi að fara fram. Þá er ekki kveðið á um hver eigi að bera ábyrgð á fræðslunni. Í rannsóknarvinnu sinni komst Eygló jafnframt að því að áhugaleysi og ótti við hugtakið *femínisti* hafi verið meginástæður þess að kennarar voru hræddir við að taka skrefið og taka að sér kynjajafnréttisfræðslu (bls. 127).

Í spurningakönnun Guðnýjar S. Guðbjörnsdóttur og Steinunnar Helgu Lárusdóttur (2017) leituðu höfundar eftir viðhorfum, þekkingu og áhuga skólastjóra í leik-, grunn- og framhaldsskólum í Reykjavík á kynjajafnrétti og kynjajafnréttisfræðslu. Niðurstöður leiddu í ljós mikinn áhuga og ákall eftir aukinni kynjajafnréttisfræðslu fyrir nemendur, kennara og stjórnendur. Samkvæmt viðmælendum er helst fjallað um jafnréttismál í lífsleikni og samfélagsgreinum og einnig í samverustundum og daglegu samtali við nemendur. Ekki var hægt að segja til um út frá niðurstöðum rannsóknarinnar hversu markviss jafnréttisfræðslan er en flestir skólastjórnanna sögðust telja að margt mætti bæta í þessu samhengi og voru áhugasamir um að fá fræðslu um kynjajafnrétti inn í skólana til að vinna gegn staðalmyndum og kynferðislegri áreitni (bls. 1 og 19).

Jafnréttisnefnd Kennarasambands Íslands og Landssamtök íslenskra stúdenta hafa nýlega kallað eftir því að kynjafræði verði gerð að skyldufagi í öllu kennaranámi. Með því telur Jafnréttisnefnd KÍ að kennaraefni verði betur í stakk búin til að takast á við kynjajafnréttisfræðslu og geti þannig einnig stuðlað að markvissari fræðslu (Kennarasamband Íslands, 2019; Landssamtök íslenskra stúdenta, 2019).

2.5 Menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund

Í Alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (nr. 10/1979) er kveðið á um skuldbindingar þeirra ríkja sem hafa fullgilt samninginn, þar á meðal í tengslum við menningarlega fjölbreytni. Ákvæðið felur í sér rétt hvers menningarhóps til að þróa og viðhalda eigin menningu og rétt einstaklinga til að ástunda þá menningu sem þeir kjósa. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform segir að menningarleg fjölbreytni sé sameiginleg arfleifð mannkyns og forsenda friðar og öryggis. Hún er jafnframt helsti hvati sjálfbærrar þróunar þar sem hún stuðlar að fjölbreytilegum heimi með margvíslegum möguleikum hvers og eins til að nýta hæfileika sína (Menningar-málastofnun Sameinuðu þjóðanna, 2005, bls. 1).

Til að stuðla að, efla og viðhalda menningarlegri fjölbreytni er mikilvægt að einstaklingar búi yfir alheimsvitund sem felur í sér að þekkja, skilja og virða mismunandi gildi og menningu og ólíkar borgaralegar skyldur og réttindi fólks í ólíkum menningarsamfélögum. Segja má að menntun til sjálfbærni stuðli að aukinni alheimsvitund þar sem nemendur öðlast aukinn skilning á því hvernig daglegar ákvarðanir í eigin lífi geta haft áhrif á líf fólks um allan heim. Á sama tíma má færa fyrir því rök að aukin alheimsvitund stuðli að aukinni hæfni nemenda til að tileinka sér sjálfbæran lífsstíl. Séu nemendur færir um að setja sig í spor annarra og þekkja til ólíkra menningarheima eru þeir betur í stakk búnir til að taka upplýstar ákvarðanir um málefni sem tengjast umhverfis-, félags- og efnahagslegum stoðum sjálfbærrar þróunar. Með öðrum orðum eru þeir hæfari til að koma á og viðhalda því breytingaferli sjálfbærrar þróunar (Sisk, 2010, bls. 10–11; van der Westhuizen og Maree, 2010, bls. 54).

Hægt er að fjalla um og þróa með nemendum alheimsvitund á margan hátt í kennslu. Í því samhengi má nefna aðferðir eins og samvinnunám, hugræna kortagerð, verkefna miðað nám, þemanám og hlutverkaleiki. Til að kennslan geti skilað árangri þurfa nemendur að fá tækifæri til að skilgreina eigin gildi með því að ígrunda það sem verið er að fást við hverju sinni. Þannig má stuðla að því að nemendur verði meðvitaðir um það hvað hefur áhrif á ákvarðanatöku þeirra (Sisk, 2010, bls. 11–12).

3. Rannsóknin

Rannsóknin sem er efni þessara verkefnis er hluti af samnorraenu verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Markmið þess er að kanna hver staða Norðurlandanna er varðandi innleiðingu á Heimsmarkmiði 4.7 um menntun til sjálfbærrar þróunar. Sérstök áhersla er lögð á að greina lög og reglugerðir ásamt því að rannsaka stöðuna í grunnskólum sem og í kennaranámi. Í þessari rannsókn er sjónum beint að Íslandi. Rannsóknarspurningar eru þrjár: 1) Hvað segja lög og reglugerðir um menntun til sjálfbærni á Íslandi? 2) Hvernig er staðan innan veggja tveggja grunnskóla á Íslandi með tilliti til sjálfbærni-menntunar? 3) Upplifa grunnskólakennaranemar sig nægilega undirbúna fyrir sjálfbærnikennslu?

Til að leita svara við rannsóknarspurningunum var gagnaöflun skipt í þrennt. Í fyrsta lagi var framkvæmd textagreining. Rýnt var í lög um grunnskóla, *Aðalnámskrá grunnskóla*, skólastefnur sex sveitarfélaga og skólánámskrár þátttökuskólanna tveggja. Gögnin voru greind með tilliti til umfjöllunar um menntun til sjálfbærni, mannréttindi, kynjajafnrétti, menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund. Í öðru lagi voru tekin þrjú rýnihópaviðtöl í tveimur grunnskólum. Í hvorum skóla var rætt við 1) skólastjórnendur, 2) rýnihóp kennara og 3) rýnihóp fimmtán til sextán ára nemenda. Í þriðja lagi var rætt við rýnihóp fjórða og fimmta árs kennaranema, annars vegar í Háskólanum á Akureyri og hins vegar Háskóla Íslands.

Í næstu köflum verður nánar rætt um rannsóknina. Í upphafi verður fjallað um rannsóknaraðferðirnar. Því næst verður greint frá framkvæmd og gagnaöflun. Að því búnu verður fjallað um þátttakendur í rannsókninni. Að lokum verða sett fram þau siðferðilegu atriði sem hafa þurft í huga.

3.1 Rannsóknaraðferð

Rannsóknin byggir á eigindlegum rannsóknaraðferðum (e. qualitative research), nánar tiltekið textagreiningu (e. content analysis) og samræðum í rýnihópum (e. focus groups). Í eigindlegum rannsóknum er miðað að því að leita skilnings á ákveðnu viðfangsefni með því að taka viðtöl eða gera athugun af einhverju tagi (Creswell, 2012, bls. 16). Textagreining einkennist af því að rannsakandi skoðar og greinir texta með tilliti til innihalds, merkingar og táknræna eiginleika. Helsti kostur aðferðarinnar er sá að hún gerir rannsakanda

kleift að greina og túlka gögn sem hafa óljósa eða tvíræða merkingu. Stærsti ókostur rannsóknaraðferðarinnar er hins vegar sá að hún byggir að miklu leyti á túlkun rannsakenda og er mismunandi hvernig þeir nálgast efnið (Krippendorff, 2013, bls. 49; Kvale, 1996, bls. 187; Lacity og Janson, 1994, bls. 139–140; Schreier, 2012, bls. 2; Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 232).

Samræður í rýnihópum einkennast af því að rætt er á markvissan hátt um tiltekið viðfangsefni við hóp af fólki með sameiginleg einkenni. Markmið rýnihópaviðtala er fyrst og fremst að öðlast skilning á viðhorfum og reynslu fólks. Félagsleg samskipti innan hópsins eru því grundvallarþáttur þess að markmiðið náist. Þannig er leitast við að afla nýrrar þekkingar með því að hlusta á fólk ræða saman (Creswell, 2012, bls. 218; Sóley S. Bender, 2013, bls. 299–300).

Kostir rýnihópaviðtala eru ýmsir, til dæmis er hægt að safna fjölbreyttum gögnum frá mörgum aðilum á stuttum tíma. Samræður í hóp gera þátttakendum einnig kleift að veita nákvæmar upplýsingar og tjá sig að vild um rannsóknar efnið. Það auðveldar rannsakandanum að nálgast veröldina eins og fólkið sjálft sér hana og fá innsýn í viðhorf og skoðanir. Auk þess myndast oft traust milli spyrjanda og viðmælenda. Það eykur skilning og gerir rannsakandanum mögulegt að afla nákvæmra og einlægra upplýsinga um tiltekið viðfangsefni. Þá er hægt að skoða mörg viðfangsefni og mynda margar gerðir af hópum í rýnihópaviðtölum og því er aðferðin sveigjanleg. Hópumræður eru jafnframt þess eðlis að oft er hægt að draga fram upplýsingar sem ekki er hægt að fá í einstaklingsviðtölum. Það getur til að mynda stafað af þeirri öryggistilfinningu sem fólk upplifir þegar það tilheyrir hóp (Creswell, 2012, bls. 218–219; Sóley S. Bender, 2013, bls. 309–310).

Helstu ókostir rýnihópaviðtala eru þeir að oft getur reynst erfitt að ná saman hóp og finna stað sem þátttakendur þekkja og líður vel á. Auk þess getur úrvinnsla viðtalanna reynst tímafrek og jafnvel torveld ef erfitt er að heyra orðaskil í upptöku. Þá hentar aðferðin ekki þegar ræða á um viðkvæm og persónuleg viðfangsefni. Þegar kemur að vali á þátttakendum er gjarnan miðað við að einstaklingar séu færir um og reiðubúnir til að ræða viðfangsefnið í hóp. Þetta veldur því að einstaklingar sem hafa skoðanir á efninu en eru feimnir eða óframfærnir veljast ekki til þátttöku. Gæði viðtalsrannsókna markast oft af hæfni rannsakandans til að taka viðtöl og stýra umræðunni og er talið að rýnihópaviðtöl geri meiri kröfur til stjórnandans en einstaklingsviðtöl. Þannig getur málglæður einstaklingur sem kemur í veg fyrir að aðrir tjái sig um efnið

valdið því að niðurstöður verði einsleitari en efni standa til. Eins hefur fólk tilhneigingu til að vera sammála í formlegum viðtölum sem leiðir til þess að umræðan getur gefið takmarkaða mynd af því hversu breytileg viðhorfin kunna að vera (Creswell, 2012, bls. 218; Sóley S. Bender, 2013, bls. 310–311).

3.2 Framkvæmd og gagnaöflun

Gagnaöflun rannsóknarinnar var skipt í þrennt. Í fyrsta lagi var framkvæmd textagreining á þeim gögnum sem tengjast viðfangsefninu með tilliti til umfjöllunar um menntun til sjálfbærni, mannréttindi, kynjajafnrétti, menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund. Rýnt var í lög um grunnskóla frá 2008. Einnig var almennur hluti *Aðalnámskrár grunnskóla* frá 2011 skoðaður sem og greinasvið námskrárinnar frá 2013. Til að fá þversnið af skólastefnum íslenskra sveitarfélaga var rýnt í sex stefnur. Í fyrsta lagi þeirra sveitarfélaga sem þátttökuskólarnir tilheyra, það er Akureyrarbæjar og Hörgársveitar. Í öðru lagi stefnur fjögurra víðfeðmra og/eða fjölmennra sveitarfélaga í ólíkum landshlutum, það er Fljótsdalshéraðs, Ísafjarðarbæjar, Reykjavíkurborgar og Skaftárhrepps. Að lokum voru skoðaðar og greindar skólanámskrár þátttökuskólanna tveggja, það er Síðuskóla á Akureyri og Þelamerkurskóla í Hörgársveit. Í upphafi verkefnisins var gert ráð fyrir að þátttökuskólarnir yrðu þrír, það er að segja einn frá höfuðborgarsvæðinu, einn frá Akureyri og einn úr Hörgársveit. Ekki tókst að fá skóla í Reykjavík til þátttöku og urðu þátttökuskólarnir því einungis tveir.

Í öðru lagi voru tekin hljóðrituð viðtöl í nóvember 2019 við þrjá rýnihópa í tveimur grunnskólum, það er Síðuskóla og Þelamerkurskóla. Í hvorum skóla var rætt við 1) skólastjórnendur, 2) rýnihóp kennara og 3) rýnihóp fimmtán til sextán ára nemenda. Í viðtölunum var leitast við að fá innsýn í reynsluheim og skoðanir þátttakenda varðandi sjálfbærnimenntun. Stuðst var við viðtalsramma sem útbúinn var í október og nóvember 2019. Greining fór fram á meðan á samræðunum stóð, strax eftir að þeim var lokið og eftir að viðtölin höfðu verið skrifuð upp.

Í þriðja lagi voru tekin tvö hljóðrituð rýnihópaviðtöl við kennaranema í mars 2020. Í öðrum rýnihópnum voru fjórða og fimmta árs kennaranemar sem stundað hafa nám við Háskólann á Akureyri. Í hinum hópnum voru fjórða og fimmta árs kennaranemar úr Háskóla Íslands. Tilgangurinn með viðtölunum var fyrst og fremst að fá innsýn í upplifanir og skoðanir þátttakenda varðandi

sjálfbærnikennslu í kennaranámi. Í viðtölunum var stuðst við viðtalsramma sem útbúinn var í mars 2020 og fór greining fram bæði á meðan samræðunum stóð og strax eftir að viðtölin höfðu verið skrifuð upp.

3.3 Þátttakendur

Við val á þátttakendum var tekið mið af markmiði rannsóknarinnar. Valdir voru tveir íslenskir grunnskólar með hagkvæmniúrtaki (Björn Bergsson, 2014, bls. 173) í þeim tilgangi að fá innsýn í upplifanir og viðhorf skólastjórna, kennara og nemenda í tengslum við menntun til sjálfbærni. Annar þátttökuskólinn sem varð fyrir valinu er á Akureyri (Síðuskóli) og hinn í dreifbýli á Norðurlandi (Þelamerkurskóli). Stærð skólanna er ólík. Í Síðuskóla eru um þrjú hundruð og sjötíu nemendur en í Þelamerkurskóla eru þeir í kringum sjötíu. Báðir skólarnir eru heildstæðir með nemendur á aldrinum sex til sextán ára. Í Síðuskóla fer fram óblönduð bekkjarkennsla þar sem hverjum árgangi er skipt upp í tvær bekkjardeildir. Í Þelamerkurskóla er hins vegar þremur til fjórum árgöngum kennt saman.

Líkt og áður hefur komið fram voru myndaðir þrír viðtalshópar í hvorum skóla. Í hóp stjórna var notast við heildarúrtak þar sem rætt var við bæði skólastjóra og deildarstjóra eða aðstoðarskólastjóra. Kennarar voru valdir með sjálfboðaliðaúrtaki og var rætt við fjóra kennara í Síðuskóla og tvo í Þelamerkurskóla. Nemendur voru valdir með tilgangsurttaki þar sem umsjónar-kennari/kennarar völdu þrjá til sex nemendur sem þeir töldu að hentuðu markmiði rannsóknarinnar og hefðu eitthvað til málanna að leggja (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 130–131).

Við val á kennaranemum var notast við hagkvæmniúrtak í þeim tilgangi að auðvelt væri að ná til þeirra og mynda rýnihópa (Björn Bergsson, 2014, bls. 173). Valdir voru sérstaklega kennaranemar á fjórða og fimmta ári í báðum skólum, það er í Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands, til að fá sem heildstæðasta mynd af upplifun kennaranema á kennaranámi einkum í tengslum við sjálfbærnimenntun. Í hvorum hóp voru fjórir þátttakendur.

3.4 Siðferðileg atriði

Að ýmsum siðferðilegum atriðum þurfti að huga við framkvæmd rannsóknarinnar. Til að fá upplýst samþykki frá þátttakendum voru þeir upplýstir um tilgang og hvernig unnið yrði úr niðurstöðum. Í því fólst meðal annars að gera þátttakendum ljóst að nöfn þeirra grunnskóla sem tækju þátt yrðu birt í verkefninu til að auka gagnsæi og trúverðugleika rannsóknarinnar. Eins var kennaranemum sem tóku þátt gert ljóst að nöfn háskólanna yrðu birt. Allir þátttakendur voru jafnframt upplýstir um að persónugreinanleg atriði, svo sem nöfn starfsmanna eða nemenda, myndu ekki koma fram. Jafnframt var þeim gert ljóst að þeir væru ekki skyldugir til að taka þátt og mættu hætta við þátttöku hvenær sem væri. Fengið var skriflegt leyfi frá foreldrum fyrir þátttöku barna þeirra í rýnihópaviðtölum. Á meðan á viðtölunum stóð leituðust stjórnendur við að takmarka þau áhrif sem þeir sjálfir höfðu á samræðurnar (Creswell, 2012, bls. 230–231; Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 134; Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018; Sigurður Kristinsson, 2013, bls. 83).

4. Niðurstöður

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum textagreiningarinnar og rýnihópaviðtalanna. Í upphafi verður fjallað um tilmæli laga um grunnskóla og *Aðalnámskrár grunnskóla* í tengslum við lykilþætti rannsóknarinnar, það er sjálfbærni, mannréttindi, kynjajafnrétti, menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund. Því næst verður rýnt í skólastefnur sex sveitarfélaga út frá sömu lykilþáttum og loks skólanámskrár þátttökuskólanna tveggja. Að því búnu verður greint frá niðurstöðum rýnihópaviðtalanna. Fyrst verður fjallað um niðurstöður úr Síðuskóla, því næst Þelamerkurskóla og loks upplifun kennaranema af kennaranámi í tengslum við menntun til sjálfbærni.

4.1 Lög um grunnskóla

Lög um skólaskyldu hér á landi voru fyrst sett árið 1907. Síðan þá hefur skólastarf tekið miklum breytingum og skólaskylda lengst úr fjórum árum í tíu. Alþingi ber ábyrgð á skólakerfinu og ákveður grundvallarmarkmið skólastarfs og skipan þess. Menntun á öllum skólastigum landsins heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið (Menntamálaráðuneytið, 2002, bls. 6).

Núgildandi lög um grunnskóla eru frá árinu 2008. Þau hafa tekið nokkrum áherslubreytingum frá því að þau voru samþykkt og er nýjasta uppfærsla þeirra frá 5. júlí 2019. Samkvæmt lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) eiga íslenskir grunnskólar í samvinnu við heimilin að stuðla að alhliða þroska og þátttöku nemenda í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þá skulu starfshættir skólanna „mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.“ Þá á grunnskólinn að stuðla að víðsýni meðal nemenda og auka hæfni þeirra til íslenskrar málnotkunar ásamt því að efla skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og einkennum, lífskjörum fólks og skyldum einstaklinga gagnvart samfélagi, umhverfi og heiminum (grein 2).

Ekki er minnst á hugtakið sjálfbærni í lögunum en orðið umhverfi kemur fyrir sex sinnum, þó aðeins einu sinni með vísan til náttúrulegs umhverfis. Í öðrum tilvikum snýr umfjöllun að námsumhverfi eða umhverfi í framhaldsskólum. Orðin náttúra, náttúruvernd og loftslag koma heldur ekki fyrir í lögunum. Lögin eru þó ekki alveg þögul um sjálfbærnimál. Í sérstökum kafla sem fjallar um inntak náms, námsskipan, námsframboð, námsmat og starfstíma er

listi yfir tólf námsgreinar eða fræðasvið sem aðalnámskrár ættu að útfæra. Þær er meðal annars kveðið á um að ein greinin skuli leggja áherslu á „líkamlega og andlega velferð, heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi“ (greinar 2, 24, 33 og 42). Þetta er það næsta sem lögin komast því að fjalla um sjálfbærnimenntun.

Hugtakið mannréttindi kemur aldrei fyrir í lögnum þó að fjallað sé um atriði sem varða mannréttindi. Til að mynda er í þrettánda grein laganna kveðið á um að allir nemendur grunnskóla eigi rétt á kennslu við hæfi í námsumhverfi sem tekur mið af þörfum hvers og eins. Einnig er lögð áhersla á sérstaka mót-tökuáætlun er varðar nemendur með annað móðurmál en íslensku. Þá segir í sautjándu grein laganna að „nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis“.

Hugtakið jafnrétti kemur tvisvar sinnum fyrir í lögnum. Kveðið er á um að starfshættir grunnskóla skuli mótast af jafnrétti. Auk þess er tilgreint að í aðalnámskrá skuli vera ákvæði er varðar jafnréttismál og að undirbúa eigi bæði kyn undir þátttöku í samfélaginu (greinar 2, 25 og 24).

Í annari grein laganna er kveðið á um að grunnskólar eigi að leggja áherslu á íslenska menningu og þátttöku í lýðræðislegu samfélagi sem er í stöðugri þróun. Auk þess eiga grunnskólar að stuðla að víðsýni nemenda og efla skilning þeirra á umheiminum. Þó er hvorki minnst á menningarlega fjölbreytni né alheimsvitund.

4.2 Aðalnámskrá grunnskóla

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út *Aðalnámskrá grunnskóla* á grundvelli laga um grunnskóla. „Aðalnámskrár hafa ígildi reglugerðar og í þeim er kveðið nánar á um útfærslu laga og reglugerða. Þær kveða m.a. á um markmið og fyrirkomulag skólastarfs, kennsluskipan og viðmið um námskröfur og námsframvindu“ (Stjórnarráð Íslands, e.d.b). Samkvæmt ráðuneytinu eru aðalnámskrár í sífelltri endurskoðun og eru breytingar kynntar með auglýsingum í Stjórnartíðindum (Stjórnarráð Íslands, e.d.b). Í *Aðalnámskrá grunnskóla* er meðal annars kveðið á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan. Námskráin er rammi um skóla-

starfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Í henni er birt heildarsýn um menntun og útfærsla á menntastefnu í samræmi við lög um grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 7).

Sú nýjung var gerð árið 2011 að sérstaklega voru skilgreindir sex grunnþættir menntunar sem mynda kjarna menntastefnunnar og varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum. Tilgangur þeirra er meðal annars að skapa samfellu í íslensku skólasterfi. Grunnþættirnir eru læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 11–13). Segja má að tilkoma grunnþáttanna hafi verið svar stjórnvalda við ákalli og kröfu um breytingar í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Í kjölfar þess var skýr krafa um endurskoðun á öllu lýðræðiskerfinu og menntakerfið var ekki undanskilið þeirri kröfu. Aðalnámskrár voru því endurskoðaðar og grunnþættir menntunar birtir (Ólafur Páll Jónsson, 2018, bls. 47 og 62; Sigrún Helgadóttir, 2013, bls. 7 og 10).

Í grein sinni birtir Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2017) niðurstöður athugunar sinnar á því hvernig hugmyndir um sjálfbærni í grunnþáttakafli aðalnámskrár frá 2011 samræmast sérnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla. Samkvæmt niðurstöðum athugunarinnar koma hugtökin sjálfbærni, sjálfbær þróun og sjálfbærnimenntun alls 65 sinnum fyrir á einhvern hátt í *Aðalnámskrá grunnskóla*. Þegar nánar er að gáð koma hugtökin alls 27 sinnum fyrir í umfjöllun um grunnþættina, ýmist í almennum kafla um grunnþætti menntunar, sérstökum kafla um sjálfbærni eða í umfjöllun um aðra grunnþætti. Þá koma hugtökin 29 sinnum fyrir í greinasviðahluta en einungis eru þrjú dæmi um notkun hugtakanna í almennum köflum námskrárinnar. Í grein Ingólfs kemur jafnframt fram að nokkurt jafnvægi er á milli umfjöllunar um sjálfbærni í tengslum við hinar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar, það er hinnar umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu. Þá leiddi athugunin einnig í ljós að áhersla á getu nemenda til aðgerða í öðrum köflum en grunnþáttakaflanum virðist vera fylgt nokkuð vel eftir, einkum í umfjöllun um náttúrugreinar (bls. 6–9).

Í umfjöllun *Aðalnámskrár grunnskóla* um grunnþáttinn sjálfbærni kemur fram að tilgangur sjálfbærnimenntunar sé meðal annars að nemendur læri „að þekkja, skilja, og virða náttúruna, bæði vegna sjálfgildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfólkið“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 20). Einnig er fjallað um mikilvægi sjálfbærnimenntunar í samfélagslegu tilliti og er jöfnuður grundvallaratriði í því samhengi. Þá

kemur jafnframt fram að sjálfbærnimenntun eigi að leiða til skilnings nemenda á eigin vistspori og vistspori samfélaga þar sem það stuðlar að sjálfbærri þróun. Neytendafræðsla og fjármálalæsi leika þar lykilhlutverk. Að lokum er kveðið á um í umfjöllun um grunnþáttinn að sjálfbærnimenntun felist í að skapa samábyrgt samfélag þar sem hver og einn „er virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn“ (bls. 20).

Hugtakið mannréttindi kemur fimmtán sinnum fyrir á einhvern hátt í *Aðalnámskrá grunnskóla*. Þegar nánar er að gáð kemur hugtakið tíu sinnum fyrir í umfjöllun um grunnþættina. Minnst er á mannréttindi í tengslum við kennsluhætti og námsmat í íslensku þar sem kveðið er á um að samræður og tjáning í ræðu og riti sé forsenda þess að standa vörð um mannréttindi (bls. 116). Auk þess er lögð áhersla á hugtakið í hæfniviðmiðum fyrir samfélagsgreinar þar sem markmiðið er að nemendur geti „rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi“ (bls. 202). Loks er minnst á hugtakið í tengslum við upplýsinga- og tæknimennt (bls. 225).

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* er hugtökunum mannréttindi og lýðræði skeytt saman í einn grunnþátt. Í umfjöllun um grunnþáttinn kemur fram að mannréttindi séu ein forsenda lýðræðis og að skólum beri að rækta það viðhorf meðal nemenda að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt. Einnig er kveðið á um að nemendur eigi að læra um lýðræði í lýðræði og að skólum beri að taka „tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Einnig þarf að efla þekkingu á grundvallarréttindum barna og fullorðinna með hliðsjón af íslenskri löggjöf og alþjóðasamningum“ (bls. 21). Í námskránni eru samfélagsgreinar og lífsleikni taldar upp sem kjölfesta þekkingar og viðhorfa gagnvart lýðræði og mannréttindum þó að lýðræðislegur hugsunarháttur eigi við í öllum námsgreinum. Að lokum kemur fram í umfjöllun um grunnþáttinn að lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunn-gildi samfélagsins sem krefst samstarfs bæði innan og utan veggja skólans, meðal annars við heimili nemenda, æskulýðs- og íþróttastarf og grenndar-samfélagið allt. Þannig er lögð áhersla á að skólar taki þátt í að skapa sam-ábyrgt og sjálfbært samfélag (bls. 21).

Hugtakið jafnrétti kemur 61 sinni fyrir í *Aðalnámskrá grunnskóla*. Þar af kemur það 26 sinnum fyrir í umfjöllun um grunnþættina, ýmist í almennum kafla um grunnþætti menntunar, sérstökum kafla um jafnrétti eða í umfjöllun um aðra grunnþætti. Þá kemur hugtakið þrettán sinnum fyrir í umfjöllun sem snýr að almennri menntun í grunnskóla, námi, kennslu, inntaki og skipulagi skólustarfs. Þegar námskráin er skoðuð kemur hugtakið oftast fyrir í tengslum við samfélagsgreinar eða samtals sex sinnum. Minnst er á það í umfjöllun um list- og verkgreinar, stærðfræði og íslensku (bls. 16–17, 21–22, 36–38, 52 og 194–195).

Í umfjöllun *Aðalnámskrár grunnskóla* um grunnþáttinn jafnrétti segir meðal annars að markmið jafnréttismenntunar sé „að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis“ (bls. 21–22). Undir jafnréttismenntun fellur meðal annars nám um kyn og kynhneigð, menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir, fötlun, þróun Íslands sem fjölmenningsarsamfélags og mismunandi félagsstöðu og vægi fólks eftir aldri, stétt, búsetu og fjárráðum. Jafnframt er kveðið á um að jafnréttismenntun eigi að fara fram á öllum skólastigum og eigi að fela í sér „gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra“ (bls. 22).

Hugtökin menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund eru ekki nefnd í *Aðalnámskrá grunnskóla*. Í formála er minnst á gildi og hlutverk skólafnana til að tryggja uppvasandi kynslóðum tækifæri til að mæta ólíkum menningarlegum aðstæðum. Í greinasviði frá 2013 er settur fram ítarlegur kafli um íslensku sem annað tungumál og kemur þar fram að mikilvægt sé að huga að reynslu nemenda og fjölbreyttum menningarlegum bakgrunni þeirra þegar kemur að skipulagi náms. Þá er kveðið á um að tilgangur tungumálanáms sé að veita nemendum tækifæri til að rækta með sér skilning á menningarlegum aðstæðum hjá öðrum þjóðum. Í hæfniviðmiðum er varða erlend tungumál eru sérstaklega dregnir fram þættir sem snúa að menningarläsi. Þá er kveðið á um í hæfniviðmiðum list- og verkgreina að nemendur eigi að geta sett verkefni sín í menningarlegt samhengi. Loks er minnst á hugtakið menningarläsi í samfélagsgreinum (bls. 7, 106–107, 124, 130, 142 og 197).

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ekki haft frumkvæði að framkvæmd aðalnámskrár fyrir utan stuttar bækur sem gefnar voru út fyrir hvern

grunnþátt. Eftir stjórnarskipti árið 2013 gaf nýr menntamálaráðherra út *Hvítbók um umbætur í menntamálum* árið 2014. Skjalið tekur skarpa beygju frá félagslegri og umhverfislegri áherslu námskrárinnar í átt að einstaklingsbundnari og þrengri menntun þar sem læsi og minnkun brottfalls eru aðal áhersluatriðin (Brynja E. Halldórsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016, bls. 436–437; Kristín Dýrfjörð og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016, bls. 85–86). Orðið sjálfbærni birtist einu sinni í öllu skjalinu (47 blaðsíður), nánar tiltekið í inngangi þar sem alþjóðlegri orðræðu um mikilvæga menntun og hæfni sem nemendur þurfa að tileinka sér er lýst. Orðin náttúra og umhverfi koma ekki fyrir í skjalinu og ekki heldur orðið mannréttindi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014). Í kjölfar stjórnarskipta haustið 2017 endurvakti nýr ráðherra grunnþættina sex og tók frumkvæði að norrænu verkefni um þátttöku ungmenna í menntun til sjálfbærrar þróunar (Nordic council of ministers, 2018, bls. 9).

Núverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, hefur birt drög að tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030. Í ályktuninni kemur orðið sjálfbærni fyrir fimm sinnum (Þingskjal nr. xxx/2019–2020, bls. 1–9). Í henni segir meðal annars að „menntastefna til ársins 2030 endurspeglar leiðarljósið að allir geta lært sem felur í sér áherslu á virka þátttöku allra í lýðræðissamfélagi sem byggir á jafnrétti og mannréttindum, heilbrigði og velferð og sjálfbærni“ (bls. 1). Í sérstökum kafla um jöfn tækifæri til menntunar segir að sjálfbærnimenntun, umhverfisvitund, samfélagskennd og loftslagsmál eigi erindi í alla skóla og að markmiðið sé að vinna að því að efla sameiginlegan skilning á mikilvægi menntunar á öllum sviðum samfélagsins (bls. 3). Þá segir jafnframt í meðfylgjandi greinargerð að „menntun og aukin hæfni er undirstaða sjálfbærni, framfara og aukinna lífsgæða“ (bls. 9).

Hugtakið mannréttindi kemur tvisvar sinnum fyrir í ályktuninni, nánar tiltekið í sérstökum kafla sem snýr að stafrænni borgaravitund og lýðræði þar sem vísað er í hæfniramma Evrópuráðsins um lýðræðismenntun og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi allra barna. Þá kemur hugtakið lýðræði alls 25 sinnum fyrir og kemur meðal annars fram að skólar og fræðsluáðilar séu einu stofnanir samfélagsins sem geta tryggt öllum tækifæri til að búa sig undir virka þátttöku í lýðræði. Einnig er nemendalýðræði gerð skil í sérstökum kafla sem tekur jafnframt á menntun til sjálfbærni (bls. 1 og 15–16).

Hugtakið jafnrétti kemur ellefu sinnum fyrir. Í kafla sem snýr að stafrænni borgaravitund og lýðræði er kveðið á um að menntastofnanir skuli leggja áherslu á jafnrétti og að í námsmati þurfi sérstaklega að gæta að jafnrétti. Þó er ekki sérstaklega kveðið á um jafnréttismenntun í ályktuninni (bls. 6).

Hugtakið menningarleg fjölbreytni kemur einu sinni fyrir í ályktuninni þar sem kveðið er á um að „góður skilningur á tungumálum og ólíkri menningu stuðli að auknum skilningi og samkennd milli fólks auk þess sem vernd tungumála stuðli að auknu lýðræði og menningarlegri fjölbreytni“ (bls. 14). Hugtakið alheimsvitund kemur ekki beint fyrir í stefnunni en þó er vísað til þess í umfjöllun um menningarlega fjölbreytni. Þá kemur fram í ályktuninni að mikilvægt sé að skólastarf taki mið af fjölbreytni og fjölmenningu og að nemendur geti nýtt styrkleika sína. Auk þess er í sérstökum kafla um stafræna borgaravitund og lýðræði dregin fram grunnþættir menntunar þar sem fjallað er sérstaklega um virðingu fyrir margbreytileika og öðrum menningarheimum (bls. 12).

4.3 Skólastefnur sex sveitarfélaga

Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga og ber hverju sveitarfélagi að setja almenna stefnu um grunnskólahlald (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Skólarnir tveir sem taka þátt í þessari rannsókn tilheyra tveimur sveitarfélögum, það er Akureyrarbæ og Hörgársveit. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir því hvernig lykilhugtök rannsóknarinnar koma fyrir í skólastefnum sveitarfélaganna tveggja. Auk þess verður rýnt í skólastefnur fjögurra annarra sveitarfélaga, það er Fljótaldalshéraðs, Ísafjarðarbæjar, Reykjavíkurborgar og Skaftárhrepps, í því augnamiði að draga upp mynd af landinu öllu. Elsta stefnan er skólastefna Akureyrarbæjar sem er frá árinu 2006 og er tuttugu blaðsíður að lengd. Hún er jafnframt eina stefnan sem hér er tekin fyrir sem ekki hefur verið uppfærð eftir að nágildandi aðalnámskrá var gefin út. Stefnur Hörgársveitar, Fljótaldalshéraðs og Skaftárhrepps voru allar samþykktar árið 2016 og eru sjö blaðsíður að lengd. Nýjustu stefnurnar eru menntastefnur Ísafjarðarbæjar (þrettán blaðsíður) og Reykjavíkurborgar (átján blaðsíður) sem voru samþykktar árið 2019.

4.3.1 Skólastefna Akureyrarbæjar

Akureyri er þéttbýli á Norðurlandi eystra auk tveggja eyjasamfélaga, það er Grímseyjar og Hríseyjar. Íbúar eru rétt tæplega 19.000 (Þjóðskrá Íslands, 2019). Akureyrarbær rekur níu leikskóla og tíu grunnskóla. Þar að auki styrkir bærinn Hólmasól sem er einkarekinn leikskóli (Akureyrarbær, 2019; Akureyrarbær, 2020). Skólastefna Akureyrarbæjar er frá árinu 2006. Stefnan byggir á fjórum grundvallarþáttum, það er þekking, leikni, virðing og vellíðan (Akureyrarbær, 2006, bls. 17).

Hugtakið sjálfbær þróun kemur einu sinni fyrir í skólastefnu Akureyrarbæjar. Þegar nánar er rýnt í stefnuna kemur í ljós að lögd er rík áhersla á umhverfismennt. Kveðið er á um að grunnskólar bæjarins eigi að skapa góðar aðstæður til menntunar í tengslum við umhverfið (bls. 9). Þá segir jafnframt að „skólar Akureyrarbæjar séu lifandi miðstöðvar í sínu hverfi og í virkum tengslum við umhverfi sitt – náttúru, atvinnulíf og menningu í bæjarfélaginu“ (bls. 10). Í stefnunni er einnig fjallað um hvað einkennir góða skóla. Fram kemur að í góðum skóla sé til staðar skýr umhverfisstefna þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi og samband við nærsamfélagið er styrkt með þátttöku nemenda í að bæta umhverfi sitt (bls. 13).

Hugtakið mannréttindi kemur hvergi fyrir í stefnunni. Tveir grundvallarþættir stefnunnar, það er virðing og vellíðan, koma inn á mannréttindi þar sem kveðið er á um mikilvægi skilnings nemenda á ólíkum lifnaðarháttum manna. Þá er kveðið á um að í góðum skóla sé borin virðing fyrir öllum einstaklingum, óháð menningu og siðum (bls. 6).

Hugtakið jafnrétti kemur einu sinni fyrir í stefnunni þar sem segir að í góðum skóla sé „hlúð að jafnrétti kynjanna og leiða leitað til þess að árangur og líðan stúlkna og drengja sé sem best“ (bls. 13).

Komið er inn á menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund í skólastefnu Akureyrarbæjar þar sem kveðið er á um að í góðum skóla sé lögd áhersla á að efla skilning og þekkingu nemenda á því að í öllum samfélögum manna séu ólíkir menningarheimar. Þá eiga skólar jafnframt að leggja áherslu á að efla skilning nemenda á sambúðarháttum manna og háttarnisreglum og efla víðsýni og umburðarlyndi þeirra (bls. 8 og 12).

4.3.2 Menntastefna Fljótshéraðs

Sveitarfélagið Fljótshérað á Austurlandi varð formlega til sem stjórnsýslueining 1. nóvember 2004 þegar sameinuð voru Austur-Hérað, Fellahreppur og Norður-Hérað. Við sameininguna varð Fljótshérað fjölmennasta sveitarfélag á Austurlandi með um 4.000 íbúa en þar af búa rúmlega 2.300 manns í þéttbýlinu á Egilsstöðum og í Fellabæ. Sveitarfélagið rekur þrjá grunnskóla og jafnmarga leikskóla (Fljótshérað, 2016; Fljótshérað, 2019). Menntastefna sveitarfélagsins er frá árinu 2008 og gildir til ársins 2027 (Fljótshérað, 2008, bls. 5).

Hugtakið sjálfbær þróun kemur einu sinni fyrir í stefnunni þar sem vísað er í gildi þess að efla sjálfsvitund nemenda og stuðla að hegðun sem styður við sjálfbæra þróun. Þá er auk þess kveðið á um mikilvægi þess að íbúar stuðli að sjálfbæru samfélagi þar sem markmiðið er meðal annars að styðja við menningarlega fjölbreytni og fjölgun íbúa. Jafnframt kemur fram í stefnunni að grunnskólar sveitarfélagsins eigi að stefna að auknu vægi umhverfisfræðslu og útináms (bls. 8 og 11–12).

Hugtökin mannréttindi, jafnrétti og alheimsvitund koma ekki fyrir í stefnunni en þó er vísað til þeirra í inngangskafli þar sem kveðið er á um mikilvægi þess að hlúa að skóla margbreytileikans og gæta að jöfnu aðgengi allra að námi með öflugri stoð- og ráðgjafarþjónustu. Hugtakið menningarleg fjölbreytni kemur hins vegar fyrir fjórum sinnum í stefnunni þar sem kveðið er á um mikilvægi þess að styðja við menningarlega fjölbreytni og fjölgun íbúa. Þá kemur jafnframt fram að það eigi að vera markmið menntastofnana í sveitarfélaginu að stuðla að „hæfni til virkrar þátttöku í alþjóðlegu, fjölmennarlegu, síbreytilegu og lýðræðislegu samfélagi“ (bls. 10).

4.3.3 Skólastefna Hörgársveitar

Hörgársveit er sveitarfélag við vestanverðan Eyjafjörð sem nær yfir Hörgárdal, Öxnadal og þverdali þeirra, Kræklingahlíð og Galmaströnd (Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhann Ólafur Halldórsson og Valdimar Gunnarsson, 2013, bls. 182). Íbúar Hörgársveitar eru í kringum 600 talsins. Stærsti hluti sveitarfélagsins er dreifbýli þar sem stundaður er búskapur af ýmsu tagi. Tveir litlir byggðarkjarnar eru í Hörgársveit, það er Lónsbakki við bæjarmörk Akureyrar og Hjalteyri nyrst í sveitarfélaginu. Í Hörgársveit er rekinn einn grunnskóli og einn leikskóli (Hörgársveit, e.d.). Skólastefna sveitarfélagsins er frá árinu

2016. Samkvæmt henni er unnið að því í skólastarfi að efla með börnum virðingu, samkennd, félagsfærni, sjálfstraust, skapandi hugsun og lífsgleði (Hörgársveit, 2016, bls. 5).

Hugtakið sjálfbærni kemur ekki fyrir í skólastefnunni. Hins vegar koma hugtökin umhverfisvitund og umhverfismennt fyrir. Þau eru einkum dregin fram í tengslum við sérstöðu skólanna í sveitarfélaginu og er lögð áhersla á það í stefnunni að unnið sé markvisst að umhverfismennt í öllu skólastarfi (bls. 5 og 7).

Hugtökin mannréttindi, jafnrétti, menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund koma ekki fyrir í stefnunni. Þó má rekja tvo grundvallarþætti stefnunnar, það er virðing og samkennd, til þessara þátta. Í stefnunni segir meðal annars að „í skólastarfinu er unnið að því að efla með börnum virðingu, samkennd, félagsfærni, sjálfstraust, skapandi hugsun og lífsgleði“ (bls. 5). Í því ljósi er gert ráð fyrir að börn og ungmenni efli með sér samkennd og virðingu fyrir náunganum en til að það takist þurfa jafnrétti, mannréttindi og alheimsvitund að koma við sögu (bls. 5).

4.3.4 Skólastefna Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær er sveitarfélag á Vestfjörðum. Helstu þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins eru Ísafjörður sem er jafnframt stærsta þéttbýli Vestfjarða, Þingeyri, Suðureyri, Flateyri og Hnífsdalur. Sveitarfélagið varð til 1996 við sameiningu sex sveitarfélaga á Vestfjörðum, það er Þingeyrarhrepps, Mýrahrepps, Mosvallahrepps, Flateyrarhrepps, Suðureyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar. Þann 1. janúar 2019 voru íbúar sveitarfélagsins í kringum 3.800. Helstu atvinnuvegir í Ísafjarðarbæ eru sjávarútvegur, ferðaþjónusta og þjónustustörf (Ísafjarðarbær, e.d.c). Grunnskólar sveitarfélagsins eru fjórir og eru þeir staðsettir á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Sveitarfélagið starfrækir einnig fjóra leikskóla á sömu stöðum en auk þess rekur Hjallastefnan einn leikskóla á Ísafirði (Ísafjarðarbær, e.d.a; Ísafjarðarbær, e.d.b). Menntastefna Ísafjarðarbæjar er frá árinu 2019 og eru grunngildi hennar virðing, ábyrgð, metnaður og gleði (Ísafjarðarbær, 2019, bls. 4).

Hugtökin sjálfbærni, sjálfbær þróun, umhverfismennt og umhverfisvitund koma hvergi fyrir í stefnunni. Þó er kveðið á um í sérstökum kafla sem ber heitið *Læsi í viðum skilningi* að skólar sveitarfélagsins eigi að vinna að því að efla virðingu nemenda fyrir umhverfinu (bls. 10).

Hugtakið mannréttindi kemur ekki fyrir í stefnunni. Í henni er þó að finna sérstakan kafla sem fjallar um samskiptafærni og er þar kveðið á um kennslu um jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við aðra einstaklinga. Jafnframt kemur fram í stefnunni að hlutverk skóla sé að stuðla að því að „einstaklingar átti sig á því hvað felst í því að búa í samfélagi með öðrum og öðlist hæfni til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi í samræmi við réttindi sín og skyldur“ (bls. 9). Í þessu ákvæði speglast meðal annars hugtökin mannréttindi og alheimsvitund.

Hugtakið jafnrétti kemur tvisvar fyrir í inngangi stefnunnar. Í báðum tilfellum er vísað í hlutverk leik- og grunnskóla þar sem annars vegar er vitnað beint í lög um grunnskóla og hins vegar í lög um leikskóla (bls. 1). Tvö grunnildir stefnunnar, það er virðing og ábyrgð, fela í sér jafnrétti, mannréttindi og alheimsvitund þar sem kveðið er á um að í skólum sveitarfélagsins „er unnið að því að auka skilning nemenda á því hversu fólk er ólíkt og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs og menningar“ (bls. 10).

4.3.5 Menntastefna Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg er höfuðborg Íslands og er innst við sunnanverðan Faxaflóa. Sveitarfélagið er nær eingöngu þéttbýlissamfélag ásamt fámennu dreifbýli á Kjalarnesi. Íbúar eru um 126.000 og er Reykjavík því fjölmennasta sveitarfélag landsins (Þjóðskrá Íslands, 2019). Reykjavíkurborg rekur 36 grunnskóla og 63 leikskóla (Reykjavíkurborg, e.d.a; Reykjavíkurborg, e.d.b). Menntastefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030 kom út haustið 2019. Að gerð stefnunnar kom fjölbreyttur hópur einstaklinga en sérstakur samráðshópur var settur á laggirnar í lok árs 2016 auk þess sem haldnir voru sérstakir fundir þar sem nemendur, forráðamenn og ýmsir lykilaðilar fengu tækifæri til að hafa áhrif á stefnumótunina. Stefnan byggir á fimm grundvallarþáttum, það er félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði (Reykjavíkurborg, 2019, bls. 9).

Hugtakið sjálfbærni kemur hvergi fyrir í stefnunni. Þá eru heldur ekki ákvæði í tengslum við umhverfismennt eða umhverfisvitund.

Hugtakið mannréttindi kemur tvisvar sinnum fyrir í menntastefnu Reykjavíkurborgar. Í almennum kafla kemur fram að stefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem meðal annars er kveðið á um að búa þurfi börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda mannréttinda.

Þá er kveðið á um að meginmarkmið stefnunnar sé að öll börn uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum (bls. 4 og 9).

Hugtakið jafnrétti kemur einu sinni fyrir í menntastefnu Reykjavíkurborgar þar sem fjallað er um það í tengslum við uppeldi og menntun barna. Í umfjölluninni er greint frá því að uppeldi og menntun séu samfélagsleg verkefni sem eiga sér stað með formlegum og óformlegum hætti (bls. 5).

Hugtökin menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund koma ekki fyrir í stefnunni. Þó er á einum stað minnst á fjölbreytileika mannlífs og er það gert í tengslum við meginmarkmið stefnunnar, það er að börn vaxi og dafni í samfélagi þar sem borin er virðing fyrir fjölbreytileika mannlífs (bls. 9).

4.3.6 Menntastefna Skaftárhrepps

Skaftárhreppur er sveitarfélag sem varð til árið 1990 við sameiningu Hörgslands-, Kirkjubæjar-, Leiðvalla-, Skaftártungu- og Álftavershrepps. Sveitarfélagið er austurhluti Vestur-Skaftafellssýslu og afmarkast af Blautukvísl á Mýrdalssandi í vestri og Sandgígjukvísl á Skeiðarsandi í austri. Kirkjubæjar-klaustur er þéttbýliskjarni Skaftárhrepps og eru íbúar þar um 450 talsins. Landbúnaður og ferðaþjónusta eru aðalvinnuvegir í Skaftárhreppi auk þess sem fiskeldi skipar stóran sess. Sveitarfélagið rekur einn heildstæðan grunnskóla og einn leikskóla (Skaftárhreppur, e.d.). Menntastefna Skaftárhrepps kom út 2016 og gildir til ársins 2020. Stefnan var unnin af vinnuhóp sem skipaður var af fræðslunefnd sveitarfélagsins í lok árs 2011. Í vinnuhópnum sátu fulltrúar kennara, foreldra og leikskólastarfsmanna auk tveggja fulltrúa fræðslunefndar (Skaftárhreppur, 2016, bls. 1).

Grundvallargildi í menntastefnu Skaftárhrepps eru kærleikur, bjartsýni og samvinna. Hugtakið sjálfbærni kemur einu sinni fyrir í stefnunni þar sem kveðið er á um að fræðslustofnanir sveitarfélagsins eigi að vinna samkvæmt umhverfis- og heilsustefnum með sjálfbærni að leiðarljósi. Auk þess er í kafla sem nefnist *Aukin umhverfis- og náttúruvernd* sérstaklega fjallað um að nýta eigi sérstöðu sveitarfélagsins, það er auðlindir og umhverfi, sem kennslutæki (bls. 3 og 6).

Hugtakið mannréttindi kemur hvergi fyrir í stefnunni. Þó má segja að eitt af grungildum hennar, það er kærleikur, taki á mannréttindapættinum. Auk þess tengist hugtakið ákvæðum um jafnrétti (bls. 5).

Hugtakið jafnrétti kemur þrisvar sinnum fyrir í stefnunni, nánar tiltekið í sérstökum kafla um jafnrétti. Þar kemur fram að hlutverk skóla sé að „hlúa að margbreytileika mannlífs, stuðla að góðum samskiptum með fræðslu og að börn og unglingar starfi án aðgreiningar“ (bls. 5). Í kaflanum er jafnframt kveðið á um að allir eigi að hafa „jöfn tækifæri til náms óháð líkamlegri og andlegri getu og þroska, kyni, kynhneigð og þjóðerni“ (bls. 5). Það er því ljóst að hugað er að þáttum sem tengjast mannréttindum, menningarlegri fjölbreytni og alheimsvitund þó hugtökin komi ekki fyrir með beinum hætti í stefnunni.

4.3.7 Samantekt á stefnum sveitarfélaganna

Ljóst er að sveitarfélög hafa ákveðið svigrúm og frjálsræði þegar kemur að uppsetningu og áherslum varðandi skólastefnur og endurspeglast það frjálsræði í því hve ólíkar áðurnefndar stefnur eru. Allar eiga þær þó sameiginlegt að taka mið af lögum um leik- og grunnskóla og tilmælum aðalnámskrár.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út tvær ítarlegar handbækur um mótun skólastefnu. Annars vegar bókina *Skólastefna sveitarfélaga – handbók* og hins vegar *Leiðbeiningar um mótun skólastefnu í sveitarfélögum*. Í þeirri fyrrnefndu kemur fram að lög og aðalnámskrár leik- og grunnskóla séu grunnur að skólastefnum sveitarfélaga. Sveitarfélög hafa hins vegar ákveðið frjálsræði til að mynda sína eigin stefnu og hafa þannig áhrif á skipulag skólastarfs. Auk þess setur hver skóli í sveitarfélaginu sér stefnu sem er ítarlegri en stefna sveitarfélagsins (Björk Ólafsdóttir, 2010a, bls. 4–6).

Þær skólastefnur sem hér hefur verið rýnt í eru gefnar út á ólíkum tímum. Stefna Akureyrarbæjar er elst en hún kom út árið 2006. Skólastefna Fljótalds-héraðs kom út tveimur árum síðar og skólastefnur Hörgársveitar og Skaftár-hrepps árið 2016. Þær yngstu eru menntastefnur Reykjavíkurborgar og Ísa-fjarðarbæjar sem báðar komu út árið 2019. Eins og fram hefur komið eru grunnþættir menntunar samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 7 og 11–13). Meirihluti stefnanna sem hér eru til umfjöllunar voru gefnar út eftir að ný *Aðalnámskrá grunnskóla* tók gildi þar sem kveðið er á um þessa grunnþætti.

Við greiningu á stefnum sveitarfélaganna var sérstaklega rýnt í hugtök og þætti sem tengjast sjálfbærni, mannréttindum, jafnrétti, menningarlegri fjölbreytni og alheimsvitund. Hugtakið sjálfbærni kemur einu sinni fyrir í stefnum

Akureyrarbæjar, Fljótaldshéraðs og Skaftárhrepps en aldrei í stefnum Hörgársveitar, Ísafjarðarbæjar og Reykjavíkurborgar. Þó er ljóst að stefnur Akureyrarbæjar, Hörgársveitar og Skaftárhrepps leggja hvað mesta áherslu á þætti sem tengjast sjálfbærni, einkum umhverfismennt og umhverfisvitund nemenda, og er lögð fram krafa um að skólar nýti nærsamfélagið og geri nemendur læsa á umhverfi sitt. Í skólastefnu Ísafjarðarbæjar er kveðið á um að efla eigi með nemendum virðingu fyrir umhverfinu og í menntastefnu Fljótaldshéraðs er komið inn á mikilvægi þess að stuðla að sjálfbæru samfélagi. Menntastefna Reykjavíkurborgar er eina stefnan þar sem ekki er minnst einu orði á sjálfbærni, umhverfismennt eða umhverfisvitund.

Hugtakið mannréttindi kemur aðeins fyrir með beinum hætti í stefnu Reykjavíkurborgar eða tvisvar sinnum þar sem sérstaklega er vísað í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mikilvægi þess að börn uni sér í samfélagi sem einkennist af mannréttindum. Þó að hugtakið komi ekki fyrir með beinum hætti í hinum stefnunum endurspeglast það þó í þeim grundvallarþáttum, gildum og lykilhugtökum sem sett eru fram í hverri og einni stefnu.

Hugtakið jafnrétti kemur oftast fyrir í menntastefnu Skaftárhrepps eða alls þrisvar sinnum. Auk þess er stefna sveitarfélagsins eina stefnan þar sem sérstakur kafli er settur fram er varðar jafnrétti. Hugtakið kemur tvisvar sinnum fyrir í menntastefnum Ísafjarðarbæjar og Reykjavíkurborgar og er í þeirri síðarnefndu vísað í jafnrétti í tengslum við uppeldi og menntun barna. Þá kemur hugtakið einu sinni fyrir í stefnu Akureyrarbæjar en aldrei í stefnum Hörgársveitar og Fljótaldshéraðs. Þó er vert að taka fram að allar stefnurnar, að menntastefnu Reykjavíkurborgar undanskilinni, eiga það sameiginlegt að endurspeglja jafnrétti í þeim grundvallarþáttum, gildum og lykilhugtökum sem sett eru fram.

Hugtökin menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund eru þau hugtök sem koma sjaldnast fyrir í stefnum sveitarfélaganna. Hugtakið menningarleg fjölbreytni kemur einungis fram með beinum hætti í menntastefnu Fljótaldshéraðs, það er fjórum sinnum. Í menntastefnu Reykjavíkurborgar er vísað einu sinni í fjölbreytileika mannlífs og er meginmarkmið stefnunnar að börn vaxi og dafni í samfélagi þar sem borin er virðing fyrir fjölbreytileika. Þá er í skólastefnu Akureyrarbæjar sérstök umfjöllun um mikilvægi þess að efla skilning og þekkingu nemenda á ólíkum menningarheimum. Í stefnum Hörgársveitar, Ísa-

fjarðarbæjar og Skaftárhrepps koma hugtökin menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund aldrei fram en stefnurnar eiga það þó allar sameiginlegt að taka á þessum þáttum í tengslum við grundvallarþættina, gildi og lykilhugtök.

Sé einungis leitað eftir áður nefndum hugtökum án þess að rýna í þætti sem tengjast þeim má sjá að hugtakið sjálfbærni kemur afar sjaldan fyrir. Í stefnum Akureyrarbæjar, Fljótaldalshéraðs og Skaftárhrepps kemur hugtakið einungis einu sinni fyrir og aldrei í stefnum Hörgársveitar, Ísafjarðarbæjar og Reykjavíkurborgar. Hugtakið mannréttindi kemur einungis fyrir í stefnu Reykjavíkurborgar eða alls tvisvar sinnum. Hugtakið jafnrétti kemur oftast fyrir í stefnu Skaftárhrepps eða alls þrisvar sinnum. Þá kemur það tvisvar sinnum fyrir í stefnu Ísafjarðarbæjar og einu sinni í stefnum Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar. Í stefnum Fljótaldalshéraðs og Hörgársveitar kemur hugtakið þó aldrei fyrir með beinum hætti. Menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund eru þau hugtök sem koma sjaldnast fyrir og er einungis kveðið á um menningarlega fjölbreytni í stefnu Fljótaldalshéraðs með beinum hætti eða alls fjórum sinnum.

4.4 Skólanámskrár þáttökuskólanna

Hverjum skóla á Íslandi er skylt að birta skólanámskrá sem er nánari útfærsla á *Aðalnámskrá grunnskóla*. Í námskránni á meðal annars að vera ákvæði um markmið og fyrirkomulag skólastarfs, kennsluskipan og viðmið um námskröfur og námsframvindu. Þannig er tilgangur hennar að lýsa skólastarfi, sérkennum skólans, sérstöðu og staðbundnum aðstæðum (Björk Ólafsdóttir, 2010b, bls. 7–8). Hér verður rýnt í skólanámskrár þáttökuskólanna tveggja í tveimur köflum. Í upphafi hvors kafla verður fjallað í stuttu máli um skólana og sérstöðu þeirra.

4.4.1 Skólanámskrá Síðuskóla

Síðuskóli er grunnskóli við Bugðusiðu á Akureyri sem hefur starfað síðan 20. september 1984. Nemendur skólans eru í 1.–10. bekk og eru 375 talsins skólaárið 2019–2020. Fjöldi kennara er 46 og aðrir starfsmenn 31 (Síðuskóli, e.d.c; Síðuskóli, e.d.e). Síðuskóli hefur starfað eftir SMT skólafærni frá árinu 2006 og eru einkunnarorð hans ábyrgð, virðing og vinátta (Síðuskóli, e.d.d). Í Síðuskóla er hverjum árgangi skipt niður í tvo umsjónarbekki. Vegna teymis-kennslunnar sem fer þar fram er hver árgangur þó hugsaður sem einn bekkur.

Í skólanum er sérdeild fyrir einhverf börn sem þjónustar nemendur úr öllum skólahverfum bæjarins (Síðuskóli, e.d.b).

Í Síðuskóla er lögð rík áhersla á lýðræðislega þátttöku nemenda í skóla-samfélaginu og hvetur skólinn þá til áhrifa og ábyrgðar á þáttum er varða skóla-starfið og nærsamfélagið. Sérstaða Síðuskóla er hins vegar fólgin í umhverfis-mennt og umhverfisvitund og hefur verið samþykktur sérstakur umhverfis-sáttmáli við skólann sem er kynntur vel fyrir starfsfólki og nemendum. Einnig hafa verið sett skýr og metnaðarfull markmið varðandi umhverfismál, einkum í tengslum við Grænfánann sem skólinn fékk afhentan 25. apríl 2006. Þá hefur verið lögð áhersla á að byggja upp góða aðstöðu fyrir nemendur utandyra og er sérstakt útikennsluvæði vestan við skólann þar sem meðal annars er grill-aðstaða og lítil kennslustofa. Skólalóðin er stór og á henni eru körfuboltavellir, gervigrasvellir, kastali og leiktæki. Auk þess er á lóðinni náttúrulegt vallendi með hvalbaksklöpp og berjalyngi. Þá er stórt svæði í göngufæri frá skólanum þar sem hefið er fyrir því að nemendur og starfsfólk gróðursetji tré. Samtengt íþróttahús hefur verið við skólann frá 2005 og fer þar fram öll íþróttakennsla í vel útbúnu rými. Nemendur stunda stund í Glerárlaus sem er í næsta nágrenni við skólann (Síðuskóli, e.d.a; Síðuskóli, e.d.e).

Skólanámskrá Síðuskóla er sett fram í 53 blaðsíðna riti og var síðast upp-færð í ágúst 2016. Starfshættir taka mið af *Aðalnámskrá grunnskóla*, lögum um grunnskóla og skólastefnu Akureyrarbæjar frá 2006. Í námskránni er lögð áhersla á að allir nemendur læri í takt við áherslur um lærdómssamfélag. Þar sem Síðuskóli er skóli án aðgreiningar er jafnframt lögð áhersla á jafnan rétt allra til náms, stuðning við nám nemenda og hvatningu í samræmi við þroska og áhuga hvers og eins. Reynt er að koma til móts við alla nemendur með einstaklingsmiðuðu námi og fjölbreyttum kennslu- og námsmatsaðferðum auk þess sem rík áhersla er lögð á ábyrgð nemenda á eigin námi (Síðuskóli, 2016, bls. 7).

Hugtakið sjálfbærni kemur sex sinnum fyrir í skólanámskrá Síðuskóla og er í tengslum við það lögð áhersla á endurvinnslu og hófsama nýtingu á orku og vatni. Auk þess tekur skólinn þátt í norrænu loftslagsáskoruninni í tengslum við Grænfánann. Þá leggur skólinn áherslu á að nemendur öðlist skilning á eigin vistspori sem og vistspori annarra samfélaga og þjóða. Einnig kemur fram í skólanámskrá Síðuskóla að fræða eigi nemendur um stöðu neytenda og fjármál. Sérstaklega er tilgreint í námskránni að sjálfbærni sé fyrst og fremst

kennð í samfélags- og náttúrufræðigreinum auk þess sem sjálfbærni og umhverfismennt eru fléttuð við allt skólastarf (bls. 15).

Hugtakið mannréttindi kemur fjórum sinnum fyrir í skólanámskrá Síðuskóla og er sérstaklega fjallað um það í kafla um lýðræði og mannréttindi. Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér gildismat sem er í samræmi við sýn skólans sem byggir á SMT skólafærni og hvílir á einkunnarorðum hans, það er ábyrgð, virðing og vinátta. Einnig er kveðið á um í námskránni að nemendur eigi að læra um lýðræði og mannréttindi í einstökum námsgreinum og eru samfélagsfræði og lífsleikni sérstaklega tilgreindar í því tilliti. Jafnframt kemur fram í námskránni að markvisst sé unnið að því að fá einstaklinga og nemendahópa til að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála auk þess sem lögð er áhersla á að allir beri virðingu fyrir manngildi hvers og eins. Þá eru nemendur skólans virkir þátttakendur í öllu skólastarfi og hafa tækifæri til að hafa áhrif á það í gegnum umræður á bekkjarfundum og með því að sitja í nefndum og ráðum innan skólans (bls. 16).

Hugtakið jafnrétti kemur 78 sinnum fyrir í skólanámskrá Síðuskóla og er sérstaklega fjallað um það í kafla sem ber heitið jafnrétti. Skólinn leggur áherslu á fjölmenningsfræðslu og öfluga náms- og starfsráðgjöf. Þá starfar jafnréttisnefnd við skólann. Í stefnunni segir jafnframt:

Í Síðuskóla taka allir höndum saman um að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Skólasamfélagið verður sífellt margbreytilegra og miðast að því að veita ólíkum einstaklingum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og taka ábyrgð á lífi sínu í víðsýnu skólasamfélagi (bls. 17).

Hugtökin menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund koma ekki beint fyrir í skólanámskrá Síðuskóla en þó er vísað til þeirra í kafla sem fjallar um fjölmenningu. Samkvæmt námskránni eru allir starfsmenn Síðuskóla ábyrgir fyrir því að sá menningarlegi fjölbreytileiki sem nærsamfélagið býr yfir sé hagnýttur til náms og kennslu. Þá eiga kennarar að gera ráð fyrir og nýta fjölbreytileika í öllum nemendahópum til að efla víðsýni og umburðarlyndi nemenda. Einnig segir í námskránni að leggja skuli áherslu á að nemendur skilji og upplifi að í öllum samfélögum eru mismunandi menningarheimar og að mikilvægt sé að borin sé virðing fyrir öllum einstaklingum og ólíkri menningu og siðum (bls. 40).

4.4.2 Skólanámskrá Þelamerkurskóla

Þelamerkurskóli er grunnskóli á Laugalandi í Hörgársveit sem er í um tíu mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri. Nemendur skólans eru í 1.–10. bekk og eru um sjötíu talsins skólaárið 2019–2020 (Þelamerkurskóli, e.d.d). Skólinn telst því fámennur skóli og fer samkensla fram í þremur til fjórum árgöngum þar sem hver samkensluhópur hefur sína heimastofu og tvo kennara. Við þessa hópa bætast stuðningsfulltrúi, sérkennari og iðjuþjálfari en „með þessu fyrirkomulagi telja starfsmenn skólans að best sé komið til móts við allar þarfir nemenda“ (Þelamerkurskóli, e.d.c). Í Þelamerkurskóla er starfað eftir uppeldis- stefnunni *Jákvæður agi* sem byggir á sjálfsstjórnarkenningum en þær fela í sér að horft er á orsakir hegðunar í stað þess að breyta hegðun með umbun eða refsingu. Með stefnuna að leiðarljósi er gengið út frá því að byggja upp skóla- brag sem einkennist af umhyggju, gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu (Þelamerkurskóli, e.d.a).

Sérstaða Þelamerkurskóla er að miklu leyti fólgin í staðsetningu hans, stærð og aðbúnaði. Í skólastarfinu er lögð rík áhersla á einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda og kennara. Í skólanum fer fram teymiskensla og leitast kennarar við að nota fjölbreytta kennsluhætti (Þelamerkurskóli, e.d.b) Á skóla- lóðinni hefur verið útbúinn körfuboltavöllur, sparkvöllur og leiksvæði með ýmsum leiktækjum. Norðan við Laugaland, í stuttu göngufæri frá skólalóðinni, er lítið skógarsvæði. Þar hefur verið komið upp góðri útikennsluástöðu. Ofan við skólalóðina og útiskólasvæðið liggur þjóðvegur eitt. Austan við hann er Laugalandsheiði sem er að miklu leyti skógi vaxin. Sunnan og neðan við skóla- bygginguna er *Íþróttamiðstöðin Þelamörk* þar sem er bæði vel búið íþróttahús og sundlaug sem nefnd er *Jónasarlaug*. Íþróttamiðstöðin er rekin sem sjálfstæð rekstrareining en Þelamerkurskóli nýtir hana fyrri hluta dags fyrir íþrótt- og sundkennslu. Neðan við skólann og íþróttamiðstöðina rennur Hörgá.

Skólanámskrá Þelamerkurskóla er ekki aðgengileg á vefsíðu skólans og voru því fengnar upplýsingar frá skólastjóra sem fór yfir drög að námskránni sem eru í vinnslu. Auk þess voru skoðaðar gagnlegar upplýsingar sem eru að- gengilegar á vefsíðu skólans. Samkvæmt þessum gögnum taka starfshættir skólans mið af *Aðalnámskrá grunnskóla*, lögum um grunnskóla og skólastefnu Hörgársveitar frá árinu 2016.

Hugtakið sjálfbærni kemur fyrir sex sinnum í drögum að skólanámskrá Þelamerkurskóla. Auk þess koma hugtökin umhverfisvernd og umhverfismál fyrir en í skólanum er lögð rík áhersla á umhverfisvitund nemenda. Lagt er ríkt

á um flokkun sorps og nemendum gert að öðlast færni í að umgangast umhverfi sitt af virðingu. Í því ljósi leikur Grænfáninn stórt hlutverk en formleg vinna í tengslum við hann hófst árið 2009. Önnur verkefni sem Þelamerkurskóli vinnur að í tengslum við umhverfis- og sjálfbærnimennt eru meðal annars *Vistheimtarverkefni* Landverndar og alþjóðlegt *Erasmusverkefni* um lífbreytileika (Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, 2020).

Hugtakið mannréttindi kemur fjórum sinnum fyrir í drögum að skólanámskrá Þelamerkurskóla og er sérstaklega fjallað um hugtakið og inntak þess í kafla um lýðræði og mannréttindi. Markmið skólans er að efla þroska, menntun og samkennd nemenda. Þá er lögð rík áhersla á að nemendur tileinki sér gildismat sem byggir á sýn skólans og hvílir meðal annars á einkunnarorðum hans, það er virðing, reisn, vinsemd og festa. Kveðið er skýrt á um skóla án aðgreiningar þar sem nemendur læra að bera virðingu fyrir öllum einstaklingum og að allir eigi skilið jöfn tækifæri. „Leiðarljós skólans er að á skólagöngu sinni í Þelamerkurskóla öðlist nemendur jákvæða sjálfsmynd og verði kunnáttusamir námsmenn fyrir lífið“ (Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, 2020).

Hugtakið jafnrétti kemur ekki beint fyrir í drögum að skólanámskrá Þelamerkurskóla en vísað er til þess þegar fjallað er um samskipti, líðan og þátttöku nemenda í skólastarfi þar sem áhersla er lögð á jöfn tækifæri allra (Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, 2020). Í jafnréttisáætlun skólans er kveðið á um mikilvægi þess að allir nemendur og starfsfólk búi við jafnan rétt í starfi og fái jöfn tækifæri til náms og þroska óháð uppruna, kyni, kynhneigð, búsetu, stétt eða trúarbrögðum. Í aðgerðaráætlun eru sett fram þau markmið sem skólinn hefur sett sér í tengslum við jafnréttismál. Þau fela meðal annars í sér að komið sé í veg fyrir að starfsfólk og nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni eða einelti. Auk þess hefur skólinn það að markmiði að auka þekkingu allra á þess háttar málefnum með fræðslu um jafnréttismál frá víðu sjónarhorni. Loks er sett fram það markmið að auka meðvitund starfsfólks um kynjasjónarmið í námsefni og öðrum gögnum sem nemendur vinna með (Þelamerkurskóli, 2019, bls. 1–2).

Hugtökin menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund koma ekki beint fyrir í drögum að skólanámskrá Þelamerkurskóla en þó er vísað til þeirra í kafla sem fjallar um lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er kveðið á um að starfsfólk skólans eigi að leggja sig fram við að byggja upp námsumhverfi þar sem allir

nemendur eru virkir þátttakendur og fjölbreytileiki er eðlilegur og eftirsóknarverður þáttur í daglegu skólalastarfi. Þá er gerð grein fyrir mikilvægi þess að í skólanum ríki samkennd og vinátta. Til að ná því markmiði leggur skólinn áherslu á að öll samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu og jafnræði (Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, 2020).

4.5 Starfsemi Síðuskóla

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr rýnihópaviðtölum í Síðuskóla. Fjallað verður um hvernig unnið er með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og lykilhugtök rannsóknarinnar, það er sjálfbærni, mannréttindi, jafnrétti, menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund.

4.5.1 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í Síðuskóla

Í Síðuskóla hafa Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna verið kynnt lítillega með beinum hætti. Veturinn 2018–2019 voru hengd upp veggspjöld um Heimsmarkmiðin. Þau eru enn á göngum skólans og fellur það í hlut hvers og eins umsjónarkennara að kynna markmiðin fyrir nemendum. Í samfélagsfræði í 9. og 10. bekk hafa þau svo verið tekin sérstaklega fyrir sem eitt af viðfangsefnum námsgreinarinnar. Þar hafa nemendur þurft að kynna sér markmiðin og velja sér eitt til að fjalla um í stuttri ritgerð. Þá fór 10. bekkur í sérstakt verkefni tengt Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna á haustmisseri 2019 þar sem nemendur unnu saman í pörum. Hvert par valdi sér eitt markmið og fólst verkefnið í að kynna sér markmiðið, velta fyrir sér stöðunni á Íslandi í tengslum við það og setja fram hugmyndir um hvernig væri hægt að ná því og hvetja samfélagið til að leggja sitt af mörkum.

Samkvæmt rýnihóp kennara læra nemendur auk þess um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna óbeint þegar þeir



Mynd 1 Unnið með heimsmarkmiðin í Síðuskóla.

fást við önnur viðfangsefni. Þannig læra þeir um ýmsa þætti sem tengjast markmiðunum jafnvel þó þeir átti sig ekki alltaf á tengingunni. Til að mynda eru þeir sífellt að læra um jafnrétti, sjálfbærni og heilsu og vellíðan en allt eru þetta atriði sem falla undir Heimsmarkmiðin og unnið er með í daglegu starfi.

4.5.2 Sjálfbærnimenntun í Síðuskóla

Síðuskóli er með umhverfisstefnu sem kveður meðal annars á um menntun til sjálfbærni. Samkvæmt rýnihóp stjórnenda hafa skapast ýmsar hefðir og venjur í tengslum við umhverfisstefnuna og segja þeir að sjálfbærnimenntunin sé komin á nokkurs konar sjálfstýringu. Til að mynda hefur skapast menning fyrir flokkun í Síðuskóla og flokka nemendur og starfsfólk allt rusl sem ekki er hægt að endurnýta í flokkunartunnur sem staðsettar eru á nokkrum stöðum í skólanum. Þá hefur skólinn komið sér upp moltugerð fyrir lífrænan úrgang. Ýmsar hefðir hafa skapast í kringum flokkunina. Til að mynda haldin



Mynd 2 Flokkunarkeppni í Síðuskóla.

flokkunarkeppni á hverju ári sem felur í sér að fjórir fulltrúar úr hverjum árgangi keppast um að vera fyrstir til að flokka rusl í réttar tunnur. Eins hefur verið unnið gegn matarsóun með því að efna til árlegrar keppni um það hvaða árgangur leyfir minnstu í mat-salnum. Hver árgangur hefur sérmerкта ruslatunnu í mat-salnum fyrir lífrænan úrgang og er innihaldið vigtað einu sinni í mánuði en nemendur vita ekki hvenær. Niðurstöður úr hverri vigtun eru birtar á súluriti sem gerir nemendum kleift að fylgjast með þróuninni yfir skólaárið. Í lok skólaárs er tilkynnt um úrslit og fær sá árgangur verðlaun sem leyfir minnstu. Samkvæmt rýnihóp kennara „hefur náðst rosalega góður árangur með þetta og krakkarnir hafa gaman af þessu.“

Umhverfisnefnd er starfandi við skólann en í henni sitja fulltrúar nemenda úr bekkjardeildum með slétta tölu, fulltrúar foreldra og fjórir fulltrúar starfsmanna. Hlutverk umhverfisnefndar er að taka ákvarðanir um og móta stefnu um umhverfismennt. Jafnframt á umhverfisnefnd að kynna stefnuna fyrir

nemendum og starfsfólki, hafa eftirlit með og stuðla að umhverfismennt í skól-
anum. Annað hvert ár eru valin ný markmið sem unnið er að með ýmsum hætti
næstu tvö skólaár. Til að mynda er þemað Lýðheilsa veturinn 2019–2020 og
vinna nemendur og starfsfólk að því markmiði að bæta lýðheilsu í skólanum.
Það gera þeir til dæmis með því að taka þátt í verkefnum *Göngum í skólann*. Á
hverjum degi er ferðamáti nemenda skráður og eru niðurstöður hengdar upp á
vegg. Þannig geta nemendur fylgst með þróun mála á meðan verkefnum stand-
ur. Sá bekkur sem stendur sig best hlýtur umbun, til dæmis í formi ísveislu.

Árlega eru haldnir annars vegar útivistardagar og hins vegar umhverfis-
dagar í Síðuskóla. Á útivistardögum fara allir nemendur og starfsfólk upp í
Hlíðarfjall þar sem val er um að fara á skíði/bretti eða fara í stutta göngu um
fjallið. Þennan dag kynnast nemendur því nærumhverfi sínu. Á umhverfis-
dögum er meginviðfangsefnið
átthagafræði þó skipulagið sé
með breytilegu sniði. Á þess-
um dögum læra nemendur
meðal annars um þætti eins og
auðlindir og lífríki í nærum-
hverfinu og er viðfangsefnið
því nær undantekningarlaust
tengt við sjálfbærni. Hefð er
einnig orðin fyrir verkefni sem
nefnist *Náttúrufræðingur Síðu-
skóla* og felur það í sér að
nemendur þurfa að bera kennsl



Mynd 3 Fjallganga upp að Hraunsvatni á umhverfisdegi.

á fimm staði, fimm fjöll, fimm plöntutegundir og fimm fuglategundir á
ljósmyndum. Í kjölfarið er titlaður einn náttúrufræðingur í hverjum árgangi en
það er sá nemandi sem nær að bera kennsl á flest atriði.

Sérstök sjálfbærnikennsla fer fyrst og fremst fram í samfélags- og
náttúrufræðigreinum þar sem viðmið úr námskránni hafa verið tengd beint við
umhverfisstefnuna. Þar vinna nemendur margvísleg verkefni og hafa sum
þeirra fest sig í sessi eins og þemaverkefni á miðstigi um fugla. Í verkefnum er
fjallað um og unnið með þætti eins og ofveiði, friðun, varp, varplendi, um-
gengni og fuglavernd. Eitt af viðfangsefnum samfélagsfræði á elsta stigi eru
umhverfismál og læra nemendur þá meðal annars um vatnið og verndun þess,



Mynd 4 Listaverk eftir nemendur, unnið í myndmennt.

á þætti eins og virðingu og umgengni við náttúruna. Útikennsla er ekki skilgreindur þáttur í skólanámskrá Síðuskóla og er ekki fastur liður í stundatöflu nemenda. Þó fara nemendur í öllum bekkjardeildum reglulega í fjölbreytta útikennslu og er starfandi útikennslunefnd við skólann. Á elsta stigi er lögð áhersla á áttahagafræði og nærumhverfið. Þá standa list- og verkgreinakennarar fyrir markvissri útikennslu á útiskólasvæðinu sem er í stuttu göngufæri vestan við skólann. Þar er fjölbreyttur gróður og tré en nemendur sjá um að halda svæðinu snyrtilegu. Nemendur tóku sjálfir þátt í að smíða kofa sem er á útiskólasvæðinu. Í honum eru bekkir og heimatilbúið grill sem hefur verið nýtt í heimilisfræði.



Mynd 5 Útiskólasvæði Síðuskóla.

Sjálfbærnimenntun tengist að miklu leyti Grænfanum sem skólinn hefur flaggað frá því í apríl 2006. Ýmis þemaverkefni hafa verið unnin á hverju ári í tengslum við hann. Þar má sem dæmi nefna verkefni um vistspor, vatn, og endurnýtingu. Í nokkur ár hefur skólinn kosið að gefa jólagjafir sem tengjast þemanu hverju sinni til fátækra landa í stað þess að senda út jólakort. Til að mynda gaf skólinn brunn í Afríku þegar þemað var vatn.

flokkun og neyslu í gegnum lestur, umræður og verkefnavinnu. Sjálfbærnimenntun fléttast þó einnig inn í fleiri námsgreinar hjá fleiri árgöngum. Til að mynda er unnið með endurnýtingu í list- og verkgreinum þar sem nemendur vinna að nýsköpunarverkefnum. Þá hefur sjálfbærnihugtakið verið tekið fyrir í útikennslu þar sem komið er inn

4.5.3 Mannréttindi og jafnrétti í Síðuskóla

Í Síðuskóla er starfað eftir jafnréttisstefnu sem samþykkt var í nóvember 2018. Stefnan nær yfir jafnrétti kynjanna bæði meðal starfsfólks og nemenda. Í stefnunni kemur meðal annars fram að kennsla í jafnréttismálum fellur undir margar námsgreinar og eiga kennarar að fara eftir viðmiðum úr *Aðalnámskrá grunnskóla* þegar kemur að jafnréttismenntun í hverju fagi. Einnig er í stefnunni kveðið á um að veita eigi nemendum nám og kennslu við hæfi og tækifæri til að takast á við viðfangsefni að eigin vali.

Samkvæmt stjórnendum og rýnihóp kennara fer markviss mannréttinda- og jafnréttisfræðsla fyrst og fremst fram í samfélagsgreinum á mið- og elsta stigi og á bekkjarfundum sem haldnir eru reglulega í öllum árgöngum. Misjafnt er

hvernig unnið er með viðfangsefnið frá ári til árs en alla jafna lesa nemendur sér til um efnið, taka þátt í umræðum og leysa margvísleg verkefni. Þá segir rýnihópur kennara að verkefni og fyrirlestrar eins og *Krakkaspjall*, *Unglingaspjall* og *Karlmennskan* séu notuð til að upplýsa og fræða nemendur um þætti sem tengjast mannréttindum og jafnrétti. *Krakka-*



Mynd 6 Nemendaverkefni um mannréttindi.

og *Unglingaspjall* eru verkefni á vegum *Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri* en um er að ræða samræðu- og samskiptaverkefni fyrir nemendur grunnskóla. *Krakkaspjallið* er ætlað yngsta- og miðstigi grunnskólans en *Unglingaspjallið* er hugsað fyrir nemendur á elsta stigi. Verkefni byggja á tíu til tólf samræðu- og samskiptafundum sem eru allt frá fjörutíu mínútum og upp í níutíu mínútur. *Karlmennskan* er fyrirlestur á vegum Þorsteins V. Einarssonar og er ætlaður nemendum á elsta stigi en Þorsteinn hefur heimsótt skólann á hverjum vetri frá því að hann hóf fræðslu sína. Í fyrirlestrinum ræðir hann um hugmyndir karlmenskunnar, skaðlega karlmennsku, fyrirmyndir og samskipti kynjanna svo dæmi séu tekin. Auk þess fjallar hann um það hvernig unglingar í dag geta haft áhrif og útrýmt gömlum og úreltum hugmyndum, venjum og hefðum. Stjórnendur og rýnihópur kennara segjast einnig telja að „kennarar séu almennt meðvitaðir um það að draga þessa þætti fram þegar þeir

eru að lesa eitthvað eða fjalla um eitthvað sem tengist þessum þáttum.“ Þannig séu kennarar jafnvel oft að fjalla ómeðvitað um þessa þætti í kennslunni í tengslum við önnur viðfangsefni.

Samkvæmt rýnihóp stjórnenda í Síðuskóla læra nemendur fyrst og fremst um mannréttindi og jafnrétti í verki. Í því sambandi nefna þeir nemendaráð, skólaráð og umhverfisráð þar sem nemendur eiga fulltrúa sem geta komið með tillögur að breytingum og þannig haft áhrif á skólafarfið. Skólastjórnendur segja að nemendur séu mjög virkir á fundum ráðanna sem skipti máli því rödd nemenda sé

mjög mikilvæg í þessum nefndum og að þeir séu oft með alveg frábærar hugmyndir. Jafnvel þó að við séum að ræða hluti eins og nýtt fyrirkomulag á námsmati, skólanámskrá eða símalausa viku þá skorast þeir aldrei undan umræðunni og taka alltaf þátt og það er svo gaman að heyra þeirra rödd. Það er svo nauðsynlegt að hún komi fram.

Skólastjórnendur bæta því við að SMT skólafærni sem skólinn fer eftir byggi að mörgu leyti á mannréttinda- og jafnréttissjónarmiðum. Þannig eru virðing, vinátta og samskipti stórir þættir í agastefnu skólans.

Aðspurður um það hvort nemendur geti haft áhrif á nám sitt, skólann eða nærsamfélagið segir rýnihópur nemenda að þeir geti einkum haft áhrif á skólann og nærsamfélagið en síður á námið. Að sögn nemenda hafa þeir stundum val um það hvernig þeir skila verkefnum. Aftur á móti er upplifun þeirra sú að þeir geta haft lítil áhrif á hvað þeir læra. Í því samhengi segjast þeir til að mynda vilja gera umhverfismennt að skyldufagi. Hvað varðar áhrif nemenda á skólann segir rýnihópurinn að nemendur geti fyrst og fremst haft áhrif með því að vera góðar fyrirmyndir og sýna gott fordæmi, til dæmis með því að flokka og fylgja skólareglum. Að mati hópsins getur fólk á þeirra aldri haft áhrif á samfélagið með því að sýna gott fordæmi og hvetja aðra til þess sama, til dæmis í tengslum við flokkun. Eins segir rýnihópurinn að með því að bjóða sig fram í nefndir og ráð, til að mynda ungmennaráð, öðlist ungmenni grundvöll til að hafa áhrif á samfélagið.

4.5.4 Menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund í Síðuskóla

Í samtali við stjórnendur Síðuskóla kemur fram að starfsfólk skólans sé „alltaf í því að kynna ólíka menningarheima fyrir nemendum og fléttast það inn í alveg fjölmargar námsgreinar en umræðan er tekin ansi oft í daglegu starfi.“

Ein ástæða þess er sú að nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað mikið í Síðuskóla undanfarin ár og segja stjórnendur og rýnihópur kennara að ýmis tækifæri felist í því. Nemendurnir og foreldrar þeirra eru gjarnan fengnir til að segja frá hefðum sínum og venjum. Þannig öðlast aðrir nemendur tækifæri til að læra um menningarlega fjölbreytni í gegnum beina fræðslu en einnig í gegnum dagleg samskipti við nemendur með annan menningarbakgrunn en þeir sjálfir.

Samkvæmt stjórnendum leikur trúarbragðafræðsla lykilhlutverk í að nemendur öðlist alheimsvitund. Í námsgreininni kynnast nemendur ólíkum hefðum og venjum sem tilheyra mismunandi trúarbrögðum. Undir þetta tekur rýnihópur kennara og segir einn viðmælandi:

Ég hef verið að taka fyrir ólíka menningarheima þegar kemur að trúarbrögðum af því að það eru ekki allir með sömu trúarbrögð inni í stofunni hjá mér. Þannig að ég hef farið létt yfir það og einblínt svo á gagnkvæma virðingu.

Í tengslum við trúarbragðafræðsluna hefur skapast hefð fyrir því að heimsækja Gleráarkirkju sem er handan götunnar. Tilgangurinn með ferðinni er þó ekki að boða kristna trú heldur mun fremur að kynna fyrir nemendum þá menningu sem skapast hefur í kringum trúna. Til að kenna nemendum um önnur trúarbrögð hefur öðrum trúarhópum verið boðið að heimsækja skólann og kynna trú sína og menningu.

Fræðsla um menningarlega fjölbreytni fer að hluta til fram í gegnum verkefnið *Jól í skókassa* sem skólinn tekur þátt í. Verkefnið er alþjóðlegt og felur í sér að gleðja börn sem glíma við fátækt, sjúkdóma eða aðra erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Hvert ár gefur skólinn gjöf til UNICEF í tengslum við Grænfána þemað hverju sinni. Í kjölfarið fær skólinn afhentan fræðslupakka frá samtökunum sem nýttur er á litlu jólunum til að segja nemendum frá menningarheimi og aðstæðum þeirra sem fá gjöfina. Þannig er sjálfbærnihugtakið einnig tengt við umfjöllun um menningarlega fjölbreytni.

Í samtali við rýnihóp nemenda kemur fram að nemendur læra meðal annars um aðra menningarheima í gegnum samstarfsverkefni við önnur lönd. Þeir nefna sem dæmi samstarfsverkefni við Svíþjóð þar sem nokkrir nemendur fengu tækifæri til að heimsækja landið og taka í kjölfarið á móti jafnöldrum þeirra frá Svíþjóð. Í verkefninu læra nemendur því um menningarheim Svíþjóðar í verki með því að eiga í samskiptum við jafnaldra og heimsækja landið.

4.6 Starfsemi Þelamerkurskóla

Hér verður rýnt í niðurstöður rýnihópaviðtala úr Þelamerkurskóla. Skoðað verður hvernig unnið er með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í skólanum sem og lykilhugtök rannsóknarinnar, það er sjálfbærni, mannréttindi, jafnrétti, menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund.

4.6.1 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í Þelamerkurskóla

Í Þelamerkurskóla er unnið óbeint með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Veggspjöld um þau eru sýnileg á veggjum skólans og minnst kennarar á þau þegar unnið er með viðfangsefni sem tengjast markmiðunum. Heimsmarkmiðin eru því hluti af daglegu starfi og telja skólastjórnendur að þannig geti nemendur helst tengt þau við raunveruleika sinn. Misjafnt er hversu mikið er unnið með hvert markmið hverju sinni. Til að mynda er veturinn 2019–2020 lögð áhersla á enn öflugri vinnu en áður með markmið númer þrjú sem snýr að heilbrigðu líferni og vellíðan þar sem skólinn er heilsueflandi grunnskóli. Heimsmarkmið fjögur, sem kveður á um aðgang allra að góðri menntun og tækifæri allra til náms alla ævi, er þó alltaf í hávegum haft í Þelamerkurskóla og segja skólastjórnendur að:

Það er mjög sterkt í orðræðunni að við erum hér fyrir alla nemendur, alltaf. Þau eru ekki hér fyrir okkur og það eru þeirra þarfir sem stjórna okkar starfi en ekki þau sem eiga bara að lúta að okkar starfi eins og okkur hentar. Við vinnum mjög markvisst og lausnamiðað að því að finna leiðir til að mæta þörfum allra barna, sama hverjar þær eru.

Þó að Heimsmarkmiðin séu fyrst og fremst tengd við daglegt líf nemenda hafa kennarar á elsta stigi tekið þau sérstaklega fyrir í náttúrufræði. Unnið er með viðfangsefnið í þrjár til fjórar vikur. Stuðst er við bókina *Verður heimurinn betri?* (Landin, 2013) auk heimasíðu félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Í kjölfar umræðu um Heimsmarkmiðin hafa nemendur unnið fjölbreytt verkefni sem eru í fyrrnefndri bók og heimasíðu. Auk þess hafa kennarar útbúið verkefni sem felur í sér að nemendur kynna sér og fjalla um þau Heimsmarkmið sem tengjast náttúrufræði.

4.6.2 Sjálfbærnimenntun í Þelamerkurskóla

Þelamerkurskóli hefur ekki sérstaka stefnu um sjálfbærnimenntun. Hins vegar hefur hann stefnu varðandi Grænfánann sem felur meðal annars í sér menntun til sjálfbærni. Fánanum hefur skólinn flaggað frá því vorið 2011. Samkvæmt kennurum og stjórnendum eru umhverfisvitund og sjálfbærni orðnir rótgrónir þættir í menningu skólans. Þannig hafa ýmsar hefðir skapast í skólastarfinu sem tengjast sjálfbærnimenntun. Til dæmis hefur mótast menning í Þelamerkurskóla fyrir flokkun. Nemendur og starfsfólk kappkosta að takmarka rusl með því að endurnýta. Til að

mynda hafa trékubbar sem hafa fallið til í smíðastofunni verið nýttir í námsverkefni þar sem nemendur á elsta stigi búa til sitt eigið þorp. Eins hafa gamlar og ónýtar bækur verið nýttar í myndmennt þar sem nemendur gera listaverk úr bókunum. Þá fá hæurnar sem skólinn heldur afganga úr mötuneytinu og annar lífrænn



Mynd 7 Nemendaverkefni unnið úr endurnýjanlegum efnivið.

úrgangur fer í moltugerðina sem skólinn er með. Að sögn stjórnenda læra nemendur því að miklu leyti um sjálfbærni í verki en í skólanum er lögð áhersla á að „krakkarnir átti sig á hvað umhverfið okkar er mikils virði og hvað er hægt að gera margt án þess að þurfa að fara í bæinn.“ Samkvæmt þeim eru nemendur

orðnir mjög meðvitaðir um þetta og duglegir að nota hugmyndaflugið og nýta það sem til er.

Ýmis verkefni eru unnin árlega sem tengjast sjálfbærnimenntun. Eitt dæmi um það er verkefni sem er unnið á elsta stigi í svokölluðum við-tímum en það eru tímar sem falla undir lífsleikni og samfélagsgreinar og ná yfir tvær og hálf



Mynd 8 Skip smíðað úr afgangsbókun úr smíðastofunni.



Mynd 9 Veiðiferð í Hörgá sem rennur neðan við skólann.

kennslustund á viku. Verkefnið felur í sér að nemendur útbúa smáréttahlaðborð úr hráefnum sem þeir útvega sjálfir á haustin. Á hlaðborðinu er til að mynda sushi úr fiski sem nemendur veiða í Hörgá, jurtate úr jurtum sem þeir tína í nágrenni skólans og réttir með sveppum sem þeir hafa tínt og þurrkað.

Á sama tíma og nemendur

læra að þekkja umhverfið sitt læra þeir að nýta það sem til er í nærumhverfinu með því að leysa verkefnið. Annað dæmi sem má nefna eru árlegir útivistardagar þar sem nemendur fara í dagsferðir á nokkra ólíka staði í sveitarfélaginu. Til að mynda hafa nemendur farið í fjallgöngur, hjólaferðir, fjöruferðir og gönguferðir um svæði í grennd við skólann. Á þessum degi læra nemendur því að þekkja nærumhverfi sitt og tengjast samfélaginu sem þeir búa í. Þá ber einnig að nefna að hefð er fyrir því að nemendur gróðursetji tré á skólalóðinni og í nærumhverfi skólans. Umhverfisdagur hefur einnig fest sig í sessi í Þelamerkurskóla. Þann dag fá



Mynd 10 Fjöruferð á útivistardegi.

nemendur fræðslu um og vinna ýmis verkefni á stöðvum sem tengjast umhverfismálum. Sem dæmi segir einn kennari:

Ég man í fyrra eða hittiðfyrra þá vorum við til dæmis með ratleik sem tengdist umhverfismálum og plasti og þá þurfti að leysa einhverjar ákveðnar þrautir. Ég var til dæmis með afmælisborð á minni stöð, sem sagt þau gátu valið hvort þau völdu lakkrísrör eða plaströr eða hvernig þau myndu dekkja upp borð og hvað þau myndu velja til að vera umhverfisvæn.

Að sögn nemenda fá þeir að taka vissan þátt í skipulagningu dagsins því fulltrúar þeirra í nemendaráði fá að skipuleggja eitthvað sem þeir vilja gera þennan dag sem tengist umhverfinu.

Útiskóli hefur verið starfræktur við Þelamerkurskóla í að verða tvo áratugi enda er aðbúnaður og aðstaða skólans góð. Formið hefur tekið nokkrum breytingum frá því í upphafi þó að markmiðin séu enn þau sömu, það er 1) að gera nemendur læsa á umhverfi sitt, 2) að kenna þeim að bera virðingu fyrir náttúrunni og auka tengsl þeirra við umhverfið og 3) að vekja þá til umhugsunar um möguleikana sem eru í nánasta umhverfi þeirra. Útiskólinn er fastur liður í stundaskrá hjá nemendum 1.–4. bekkjar og er um tvær og hálfu samliggjandi kennslustundir á viku að ræða. Á mið- og elsta stigi er útiskólanum hins vegar komið fyrir á haustin og vorin miðað við viðfangsefni hverju sinni. Útiskólinn skiptist í þrjú þemu sem unnið er með yfir veturinn, það er 1) *Hluti af hverri námsgrein*, 2) *Grenndarkennsla* og 3) *Hreyfing er líka afþreying*.

Í gegnum árin hafa nemendur og starfsfólk komið sér upp myndarlegri útikennsluástöðu á skógarsvæði sem er í stuttu göngufæri frá skólanum. Þar hefur verið sett upp eldstæði og smíðuð borð, stólar, kofar, leiktæki og fleira úr trjám sem nemendur hafa sjálfir gróðursett á einhverjum tímapunkti eða öðrum efnivið sem til hefur fallið í eða við skólann. Á útiskólasvæðinu hafa nemendur þurft að leysa ýmis verkefni sem tengjast flestum námsgreinum.



Mynd 12 Eldað í útielðhúsi á útiskólasvæðinu.



Mynd 11 Kofi á útiskólasvæðinu.

Þannig hafa nemendur til að mynda þurft að rannsaka lífríkið (náttúrufræði), mæla og reikna ýmsar stærðir á svæðinu (stærðfræði), elda á hlóðum (heimilisfræði) og sinna viðhaldi á húsgögnum útiskólans (smíðar). Útiskólinn nær þó

yfir meira en einungis útikennslusvæðið. Til dæmis fer hann stundum fram í sundlauginni en þar hafa nemendur þurft að lesa, spila eða leysa önnur verkefni. Eins má nefna *Skíðaskólann* en hann er starfræktur fyrir nemendur í 1.–4. bekk og fellur undir þemað *Hreyfing er líka afþreying*. Verkefnið hlaut *Foreldraverðlaun Heimilis og skóla* í maí 2017.



Mynd 13 Kort af vistheimtarsvæði.

Veturinn 2018–2019 hóf Þelamerkurskóli að vinna að *Vistheimtarverkefni* í samstarfi við Landvernd, Norðurorku og sveitarfélagið Hörgársveit. Verkefnið felur í sér að græða upp gamla malarnámu skammt norðan við útiskólasvæði skólans. Markmiðin með verkefninu eru fyrst og fremst að skapa náms-tækifæri fyrir nemendur og græða upp landsvæði sem tekið hefur breytingum af manna völdum. Nemendur taka virkan þátt í verkefninu en í upphafi var haldin hugmyndasamkeppni meðal nemenda um það hvernig mætti byggja svæðið upp. Ýmsar hugmyndir voru settar fram og sáu nemendur meðal annars fyrir sér að hægt væri að útbúa fuglaskoðunarsvæði, göngu- og hjólastíga, hjólabrettarampa og snjóþotubrekkur sem þeir og íbúar sveitarfélagsins gætu nýtt til útivistar og heilsueflingar. Nú á öðru ári verkefnisins taka nemendur þátt í að koma upp ræktunarreitum og bera saman uppgræðslu á ólíkum svæðum með mismunandi jarðvegi. Gert er ráð fyrir að nemendur komi til með að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu næstu árin.

Í tvö ár hefur umhverfísráð Þelamerkurskóla unnið að verkefni sem snýr að endurheimt votlendis við Hraun í Öxnadal. Í ráðinu sitja tveir fulltrúar nemenda úr hverjum árgangi og

Veturinn 2018–2019 hóf Þelamerkurskóli að vinna að *Vistheimtarverkefni* í samstarfi við Landvernd, Norðurorku og sveitarfélagið Hörgársveit. Verkefnið felur í sér að græða upp gamla malarnámu skammt norðan við útiskólasvæði skólans. Markmiðin með verkefninu eru fyrst og fremst að skapa náms-tækifæri fyrir nemendur og græða upp landsvæði sem tekið hefur breytingum af manna



Mynd 14 Nemendur mæla vatnsstöðu í Hrauni í Öxnadal.

tveir starfsmenn skólans. Verkefnið felst í að fara reglulega og mæla vatnsstöðuna við Hraun og fylgjast með því hvernig gróður- og dýralíf breytist í takt við breytta vatnsstöðu.

4.6.3 Mannréttindi og jafnrétti í Þelamerkurskóla

Mannréttinda- og jafnréttiskennsla er fléttað við daglegt starf í Þelamerkurskóla þar sem nemendur læra í verki um virðingu og víðsýni. Samkvæmt stjórnendum er leitast við að „skapa með nemendum þá viðleitni að allir séu jafnir og jafn mikils virði og þá er ég bæði að tala um jafnrétti á milli starfsfólks og nemenda og jafnrétti á milli nemenda.“ Í því ljósi ríkir til að mynda virðing gagnvart því að það eru ekki endilega allir nemendur með eins stundatöflu þó þeir séu í sama bekk. Þannig fara sumir meira í verklegar greinar meðan aðrir sækja stundum tíma hjá sérkennara og/eða iðjuþjálfra.

Hugtökin mannréttindi og jafnrétti eru tengd við flestar námsgreinar þó að hugað sé sérstaklega að þeim á bekkjarfundum og í við-tímum á elsta stigi. Bekkjarfundir eru haldnir einu sinni í viku í öllum árgöngum þar sem meðal annars er rætt um hvaða réttindi fólk hefur, hvernig koma eigi fram við aðra og að allir eigi að hafa jafna möguleika. Í við-tímum er jafnframt unnið markvisst með þessa þætti. Iðjuþjálfri og almennur kennari sjá um þessa tíma auk þess sem ýmsir utanaðkomandi aðilar koma með fræðslu fyrir nemendur. Þar má sem dæmi nefna *Fokk me fokk you* fræðslu sem er á vegum forvarnar- og félagsmálaráðgjafa sem starfa í félagsmiðstöðvum í Reykjavík. Inntak fræðslunnar er sjálfmyndin, samfélagsmiðlar og samskipti kynjanna. Auk *Fokk me fokk you* fræðslunnar fá nemendur kynningu frá Amnesty International. Að sögn rýnihóps nemenda þykir þeim betra að utanaðkomandi aðilar sjái um fræðslu um viðkvæm mál eins og persónuleg mörk einstaklinga. Þetta stafar fyrst og fremst af því að nemendur telja að gestafyrirlesarar dæmi þá síður en kennararnir.

Aðspurður um það hvort nemendur geti haft áhrif á námið sitt, skólann eða nærsamfélagið segir rýnihópur nemenda að þeir geti haft áhrif á nám sitt og skólann en síður á nærsamfélagið. Til að mynda voru nemendur á elsta stigi beðnir um að svara könnun í upphafi haustannar 2019 varðandi það hvað þeir vildu læra. Samkvæmt nemendum er það mismunandi á milli námsgreina hversu mikil áhrif þeir geta haft á nám sitt. Þeir nefna náttúrufræði og dónsku sem dæmi um námsgreinar þar sem þeir geta komið með tillögur um hvað þeir

læri. Þá upplifa nemendur að þeir geti haft áhrif á skólastarfið í gegnum nemendaráð en í því sitja fjórir fulltrúar nemenda. Sem dæmi nefna þeir að hvítu pasta hafi verið skipt út fyrir heilhvítu pasta, sjálfsskömmun í mötuneytinu var komið á og sett var upp opinn aðgangur að interneti skólans fyrir nemendur eftir að nemendaráð hafði sett fram tillögur að þessum breytingum.

4.6.4 Menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund í Þelamerkurskóla

Þekkingu á menningarlegri fjölbreytni og alheimsvitund hljóta nemendur Þelamerkurskóla meðal annars í gegnum dagleg samskipti við nemendur af erlendum uppruna en þeir eru nokkrir. Að sögn stjórnenda eru kennarar sveigjanlegir og duglegir að grípa tækifærið þegar erlend börn hefja nám við skólann og fræða nemendur um ólíka menningarheima, tungumál, trúarbrögð og fleira.

Samkvæmt rýnihópum kennara og nemenda er helst fjallað um þætti eins og menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund í samfélagsgreinum. Í flestum tilfellum ræður námsefnið því hver áhersluatriðin eru og eru verkefni sem nemendur vinna alla jafna misjöfn. Nemendur nefna dæmi um verkefni sem þeir unnu veturinn 2018–2019 þar sem þeir áttu að kynna sér og útbúa kynningu um ólíka þjóðflokka og lítil samfélög í útrýmingarhættu. Kennarar nefna einnig stök verkefni sem hafa beina tengingu við menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund. Á haustönn 2019 tóku nemendur á elsta stigi til að mynda þátt í *Mystery Skype* verkefni þar sem komið var á Skype fundi við nemendahóp í einhverju öðru landi. Markmiðið með verkefninu var að komast að því hvaðan nemendurnir væru með því að spyrja spurninga sem hægt væri að svara með já og nei. Með verkefninu var leitast við að fá nemendur til að tengjast fólki frá öðrum menningarheimum og velta fyrir sér atriðum eins og fjarlægðum, staðsetningu landa og borga, útliti fólks, framburði og svo framvegis. Á miðstigi hafa nemendur unnið sambærilegt verkefni þar sem komið hefur verið á pennavinasamskiptum við nemendur í Póllandi. Verkefnið felur í sér að nemendur skrifast á við jafnaldra í Póllandi og fá þeir þannig tækifæri til að eiga í samskiptum við og læra um menningarheim pennavina sinna.

4.7 Upplifanir kennaranema

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður rýnihópaviðtala við fjórða og fimmta árs kennaranema í Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Greint verður frá umræðum í tengslum við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sjálfbærni, mannréttindi, jafnrétti, menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund.

4.7.1 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í kennaranámi

Niðurstöður úr rýnihópaviðtali við kennaranema í Háskólanum á Akureyri sýna að á fyrsta ári í grunnnáminu er unnið með ýmis viðfangsefni sem falla undir Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Fjallað er um stefnu Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðin, einkum í tengslum við sjálfbærni, umhverfismál og vistkerfi. Kennaranemar hafa þurft að vinna verkefni þar sem þeir velja sér námsbækur fyrir grunnskólanemendur og greina þær meðal annars með tilliti til Heimsmarkmiðanna. Þátttakendurnir upplifa sig ekki nægilega vel undirbúna til að kenna um Heimsmarkmiðin og segja að ef til þess kæmi þyrftu þeir að kynna sér þau mun betur og á heildstæðari hátt. Allir eru þeir sammála um að vilja aukna umfjöllun um markmiðin í náminu og telja að samfella í umræðunni um þau þyrfti að vera meiri í gegnum allt námið.

Samkvæmt kennaranemum við Háskóla Íslands er umfjöllun um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna mismikil í náminu eftir því hvaða kjörsvið eru valin. Þannig segja þrír nemar að aldrei hafi verið minnst á Heimsmarkmiðin í námi þeirra en einn nemi segist hafa setið áfanga þar sem lögð var rík áhersla á þau, einkum markmið sjö, tólf, þrettán, fjórtán og fimmtán. Í tengslum við námskeiðið fóru nemendur á ráðstefnu um loftslagsmál þar sem eitt af meginviðfangsefnunum voru Heimsmarkmiðin. Aðspurðir sögðust kennaranemarnir upplifa sig nægilega undirbúna til að kenna um Heimsmarkmiðin en bættu því við að það væri fyrst og fremst til komið vegna eigin áhuga og upplýsingaöflunar um viðfangsefnið. Að sögn þeirra hefðu þeir viljað aukna áherslu á lífsleikni og að umhverfismennt væri „rauður þráður í námi kennaranema með áherslu á náttúruvísindi, það er að segja að kennsla náttúrugreina væri að miklu leyti samþætt umhverfismennt þar sem við á.“

4.7.2 Sjálfbærni í kennaranámi

Í samtali við rýnihóp kennaranema við Háskólann á Akureyri kom fram að hugtakið sjálfbærni er tengt við ólík viðfangsefni í einhverjum námskeiðum í kennaranáminu. Einkum er unnið með sjálfbærni í grunnnámi kennarafræða þar sem nemendur fá fræðslu um hugtakið og „kennslu um það hvernig væri gott að miðla sjálfbærni til nemenda með því að búa til allskonar skemmtileg og krefjandi verkefni fyrir þá.“ Fjallað er um hugtakið í tengslum við þætti eins og sjálfbæra orku, vistkerfi, auðlindir og fleira. Í því samhengi er brýnt fyrir kennaranemum að vera meðvitaðir um flokkun, leyfa hugmyndafluginu að njóta sín og nýta ólíkan efnivið í kennslunni. Þá stendur kennaranemum í grunnnámi einnig til boða að sitja námskeið sem hefur það að markmiði að kenna um sjálfbærni og hvernig hægt sé að vinna með hugtakið á ólíkum skólastigum. Aðspurðir segjast kennaranemarnir telja sig nokkuð vel undirbúna til að kenna um sjálfbærni þar sem þeir hafi ágæta hugmynd um hvað felst í hugtakinu og hafa fengið einhverjar hugmyndir um það hvernig hægt sé að nálgast viðfangsefnið með mismunandi hætti í kennslu. Þeir bæta því þó við að „eins og með allt annað þá þarf maður að undirbúa sig vel og afla sér nýjustu upplýsinga því þetta þróast hratt líkt og samfélagið sem við búum í.“ Þátttakendur eru sammála um að litlu sé ábótavant í tengslum við sjálfbærni-kennslu í kennaranámi. Þeir segja þó að tengja mætti betur og kafa þyrfti dýpra í hugtökin sem tengjast sjálfbærni.

Samkvæmt rýnihóp kennaranema við Háskóla Íslands er unnið vítt með hugtakið sjálfbærni, einkum í tengslum við grunnþætti menntunar. „Kennslan sjálf fjallar ekki mikið um hvað sjálfbærni er heldur meira um sjálfbærni í hugsun og hvernig við getum nýtt okkur möguleika í nærumhverfi okkar í kennslu.“ Kennaranemar hafa í kjölfar kennslunnar þurft að leysa verkefni sem felur í sér að meta sjálfbærni í eigin skóla með sérstöku tilliti til félagslegra, efnahagslegra og umhverfistengdra þátta. Þá er hugtakið veigamikill þáttur í kennaranámi þeirra sem velja náttúrugreinar sem kjörsvið.

Fjöldi námskeiða eru í boði á námsbrautinni sem fjalla að einhverju leyti um sjálfbærni, þá sérstaklega valáfangar sem snúa að loftslagsbreytingum og menntun, nám í náttúruvísindum á 21. öldinni, umhverfismennt og fleira. Hvort þetta séu þó ólík námskeið má deila um.

Þó að kennaranemar í Háskóla Íslands segi að unnið sé vítt með hugtakið telja þeir sig ýmist lítið eða þokkalega undirbúna til að sinna sjálfbærnikennslu. Að þeirra mati þyrfti að vera enn meiri kennsla um sjálfbærni í námi þeirra sem ekki velja náttúrugreinakjörsvið.

4.7.3 Mannréttindi og jafnrétti í kennaranámi

Að sögn kennaranema við Háskólann á Akureyri fá kennaranemar kynningu á réttindum barna í ólíkum námskeiðum og er unnið með mannréttindi í verkefnavinnu sem felur í sér skipulagningu náms og gerð kennsluáætlana. Í slíkum verkefnum þarf að taka mið af nemendahópnum í heild sinni sem felur meðal annars í sér að þekkja til og vera meðvitaður um þær skyldur og réttindi sem börn hafa. Samkvæmt kennaranemunum er þó aldrei kafað djúpt ofan í viðfangsefni eins og mannréttindi og jafnrétti fyrir en á fyrra ári í meistaranámi. Að þeirra mati er frábært að fá umfjöllun um þessa þætti en segja að í raun ætti „að kenna þetta mikið fyrir, auka tengingu inn í önnur námskeið í grunnnáminu og síðan dýpka þekkingu okkar á þessum málefnum í meistaranáminu.“ Í því ljósi myndu kennaranemarnir ekki einungis vilja fræðast meira um mannréttindi og jafnrétti heldur einnig fá fleiri hugmyndir að verkefnum til að leggja fyrir grunnskólanemendur.

Í samtali við rýnihóp kennaranema við Háskóla Íslands kemur fram að háskólakennarar leitast við að flétta umfjöllun um mannréttindi og jafnrétti inn í námsefnið en ná einungis að svamla á yfirborðinu. Markviss vinna með hugtakið mannréttindi fer einungis fram á fyrsta námsári í tengslum við nám án aðgreiningar og fjölmenningu. Hins vegar er ekki fjallað um jafnrétti nema í valáföngum. Það segir einn þátttakandi sorglegt „því það er mitt aðal áhuga-svið en ég kem ekki öllum valáföngum inn í stundatöfluna með allri skyldunni.“ Að sögn kennaranemanna þyrfti mannréttinda- og jafnréttisfræðsla að vera sýnilegri og myndu þeir vilja aukna fræðslu um þessa þætti.

4.7.4 Menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund í kennaranámi

Í hóp kennaranema við Háskólann á Akureyri er samhljómur um að umfjöllun um menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund er ekki ýkja mikil í náminu. Þó sögðu kennaranemar að fjallað væri um þætti tengda fjölmenningu og verðandi kennarar undirbúnir til að sinna ólíkum þörfum allra barna. Þá er

fjallað um hugtökin á fyrra ári í meistaranámi. Að öðru leyti er ekki tekið markviss á menningarlegri fjölbreytni og alheimsvitund í kennaranáminu. Að sögn kennaranema myndu þeir vilja fá mun meiri fræðslu um þessa þætti og einnig myndu þeir vilja fá hana fyrir á námsferlinum.

Samkvæmt rýnihóp kennaranema við Háskóla Íslands er helst unnið með þætti eins og menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund í tengslum við það hvernig megi koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda sem stafa af ólíkum menningarbakgrunni. Að sögn þeirra er valáfangi á flestum námsbrautum sem fjallar sérstaklega um þetta viðfangsefni og telja þeir engu ábótavant í kennaranáminu þegar kemur að umfjöllun um menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund.

5. Umræður

Í þessum kafla verða niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman og ígrundaðar. Í upphafi verður rýnt í íslensk stefnuskjöl, það er lög um grunnskóla og *Aðalnámskrá grunnskóla*. Einnig verður fjallað um skólastefnurnar sex sem áður hefur verið greint frá. Þá verða teknar saman og rýnt í niðurstöður úr rýnihópaviðtölunum, annars vegar úr grunnskólunum tveimur og hins vegar úr viðtölum við kennaranema.

5.1 Íslensk menntastefna

Samkvæmt niðurstöðum textagreiningarinnar er ekki minnst einu orði á hugtakið sjálfbærni í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008). Þetta er athyglisvert og mætti ætla að í þeim væri kveðið á um sjálfbærnimenntun þar sem lögin voru samþykkt átta árum eftir að Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru undirrituð. Eins og áður hefur komið fram kveða lögin þó á um að *Aðalnámskrá grunnskóla* eigi að leggja áherslu á ábyrga umgengni við umhverfið. Þegar námskráin er skoðuð kemur í ljós að ákvæðum laganna er fylgt vel eftir enda koma hugtökin sjálfbærni, sjálfbær þróun og sjálfbærnimenntun alls 65 sinnum fyrir í henni (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2017, bls. 6–9). Það er ef til vill ekki að undra þar sem einn af grunnþáttum menntunar er sjálfbærni.

Jákvætt er að í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) séu ákvæði í tengslum við lýðræði, mannréttindi, jafnrétti og virðingu fyrir náttúrunni þó að ekki sé kafað djúpt ofan í þessa þætti. Í því ljósi er ítrekað vísað í *Aðalnámskrá grunnskóla* og er gert ráð fyrir nánari útfærslu í henni. Vert er að velta því fyrir sér hvort þetta stafi af því að auðveldara er að breyta stefnuskjölum en lögum. Þegar aðalnámskrá er skoðuð kemur í ljós að þessum tilmælum laganna er fylgt vel eftir (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 7, 16–22, 36–38, 52, 106–107, 116, 124, 130, 142, 192–202 og 225).

Sú aðalnámskrá sem nú er í gildi var fyrst gefin út árið 2011. Helstu nýmæli hennar í samanburði við fyrri námskrá eru grunnþættirnir sex sem mynda ákveðinn kjarna í stefnunni og er ætlað að skapa samfellu í íslensku skólastarfi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 11–13). Það er þó athyglisvert að aðeins þremur árum eftir að námskráin kom út og ný ríkisstjórn var við völd gaf ráðuneytið út *Hvítbók um umbætur í menntun* þar sem þessum grunnþáttum var sópað undir teppið og lítið gert úr þeirri félags- og umhverfislegu

áherslu sem er ríkjandi í námskránni (Brynja E. Halldórsdóttir, Ólafur Páll Jónsson, og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016, bls. 437; Kristín Dýrfjörð og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016, bls. 85–86). Grunnþættirnir voru þó endurvaktir haustið 2017 þegar nýr menntamálaráðherra hafði verið skipaður (Nordic council of ministers, 2018, bls. 9). Það er því ljóst að sá sem situr í ráðherrastól hverju sinni getur haft mikil áhrif á stefnumótunina og er áhugavert að velta fyrir sér þeim áherslubreytingum sem verða með tilliti til þess í hvaða stjórnmalaflokki menntamálaráðherra er.

Þrátt fyrir að ráðherrar eigi tiltölulega auðvelt með að gera breytingar á stefnumálum sem tengjast menntakerfinu er ljóst að stefnumótun varðandi innleiðingu og eftirfylgni er ábótavant og má því deila um hversu mikil áhrifin eru hverju sinni. Eins og fram hefur komið liggja fyrir drög að þingsályktunartillögu um menntastefnu til ársins 2030 sem núverandi ráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, lagði fram til ályktunar í byrjun mars þessa árs. Því ber að fagna að heildstæð menntastefna fyrir allt Ísland eigi að verða að veruleika. Einnig er jákvætt að hugtökum eins og sjálfbærni, mannréttindi, jafnrétti, menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund sé gert hátt undir höfði í ályktuninni og virðist ráðherra því vera fylgjandi því að halda grunnþáttunum á lofti. Auk þess er ljóst að horft hefur verið til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við gerð stefnunnar. Áhugavert verður að fylgjast með framgangi hennar en til að menntastefna geti haft raunverulegt gildi þurfa löginn að vera skýr og ítarlegri en þau eru í dag að mati höfunda. Þá er eðlilegt að kveðið sé á um gildi grunnþáttanna í lögunum ef þeir eiga að vera leiðarljós á öllum skólastigum og leiða til samfelli í námi nemenda. Löginn sjálf ættu einnig að taka mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og tilgreina þyrfti sérstaklega hvernig megi ná markmiðunum. Það er auk þess áhyggjuefni að skortur er á eftirfylgni og er gríðarlega mikilvægt að bæta úr því. Þess vegna er jákvætt að með gerð menntastefnunnar sé hafin vinna sem leiða á til aukinnar eftirfylgni. Þá er einnig vert að taka fram að markmið aðalnámskrár eru mörg hver háleit og opin sem gerir það að verkum að kennarar túlka markmiðin og meta þætti á ólíka vegu. Úr því þarf að bæta ef nást á samfella og árangur á landsvísu.

5.2 Stefnur íslenskra sveitarfélaga í menntamálum

Skólastefnurnar sex sem lágu til grundvallar í verkefninu eru nokkuð ólíkar hvað varðar uppsetningu, inntak, markmið og gildi og kemur það nokkuð á óvart. Sveitarfélög hafa vissulega ákveðið frjálsræði þegar kemur að gerð þessara stefna og er augljóst að þau nýta sér það til að koma fram eigin áherslum hverju sinni.

Áhugavert er að velta sérstaklega fyrir sér fyrir hverja skólastefnur sveitarfélaganna eru í raun og veru skrifaðar. Skólastefna Fljótshéraðs sker sig að vissu leyti frá hinum stefnunum hvað þetta varðar en áherslur hennar byggja á byggðasjónarmiðum og eflingu sveitarfélagsins í heild sinni. Lítið er kveðið á um skólastarfið sjálft og gildi þess þó að vísað sé til þeirra þátta í inngangsorðum stefnunnar. Þar eru sett fram skýr gildi og markmið, einkum hvað varðar skólabrag og áherslur í menntamálum í tengslum við skóla án aðgreiningar og mikilvægi þess að tryggja aðgengi allra að menntun. Ætla mætti að skólafólk hafi ekki komið að gerð stefnunnar þar sem rauði þráðurinn í henni er byggðarpólitik. Þó kom fjölbreyttur hópur einstaklinga að borðinu og áttu öll skólastig sinn fulltrúa í stýrihópnum sem hafði umsjón með gerð stefnunnar (Fljótshérað, 2008, bls. 5). Miðað við hve opin stefna Fljótshéraðs er má gera ráð fyrir að skólastarf sé ólíkt á milli þeirra skóla sem sveitarfélagið rekur og að frjálsræði þeirra sé mun meira en í mörgum öðrum skólum. Til samanburðar kveður skólastefna Akureyrarbæjar til dæmis á um þætti sem eiga að vera sameiginlegir í öllum skólum bæjarins í tengslum við inntak og gildi menntunar á öllum skólastigum (Akureyrarbær, 2006, bls. 8).

Við greiningu á skólastefnum sveitarfélaganna kom í ljós að stefnurnar taka mismikið mið af lögum um grunnskóla og *Aðalnámskrá grunnskóla*. Stefnur Fljótshéraðs og Reykjavíkurborgar taka einna minnst mið af aðalnámskrá og þau lykillugtök sem sérstaklega var leitað eftir í þessari rannsókn komu sjaldnast fyrir í þeim stefnum (Fljótshérað, 2008, bls. 5–12; Reykjavíkurborg, 2019, bls. 4–9). Í tilfelli Fljótshéraðs skýrist það vafalítið af því að skólastefnan var gefin út þremur árum áður en ný *Aðalnámskrá grunnskóla* kom út. Hins vegar er óljóst hvers vegna menntastefna Reykjavíkurborgar sker sig úr að þessu leyti þar sem hún kom út árið 2019. Þessi niðurstaða er áhuga-verð einkum í ljósi þess að skólastefna Akureyrarbæjar, sem er eldri en námskráin, er í mun betra samræmi við inntak aðalnámskrár og fjallar í ríkari

mæli um lykilhugtökin en menntastefna Reykjavíkurborgar (Akureyrarbær, 2006, bls. 6–12). Því er vert að velta upp þeirri spurningu hvort okkur sé að fara aftur með tilliti til umfjöllunar um sjálfbærnimenntun í skólastefnum sveitarfélaga.

Við greiningu á skólastefnum sveitarfélaganna vakti sérstaka athygli að í menntastefnu Reykjavíkurborgar koma hugtökin sjálfbærni, umhverfismennt, umhverfisvitund, menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund aldrei fyrir. Þá kemur hugtakið mannréttindi einungis tvisvar sinnum fyrir og jafnrétti aðeins einu sinni (Reykjavíkurborg, 2019, bls. 4–9). Áður var gert ráð fyrir að stefnan stæði öðrum stefnum framur hvað þessa þætti varðar vegna þess hve nýleg hún er. Ætla mátti að í svo ungri stefnu væri lögð mun meiri áhersla á grunnþættina, einkum sjálfbærni, mannréttindi og jafnrétti og menningarlega fjölbreytni þar sem sífellt meiri áhersla er lögð á þessa þætti í nútímasamfélagi manna. Þannig verður umræðan um mikilvægi menntunar til sjálfbærni og um jafnréttismenntun á öllum skólastigum með tilliti til aukinnar menningarlegrar fjölbreytni sífellt meira áberandi í samfélaginu. Það er því erfitt að gera sér í hugarlund hvers vegna ekki er kveðið á um og fjallað nánar um þessa þætti í menntastefnu Reykjavíkurborgar.

5.3 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í íslensku skólakerfi

Niðurstöður rýnihópaviðtalanna í Síðuskóla og Þelamerkurskóla sýna að í báðum skólum er fyrst og fremst unnið óbeint með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Þannig eru markmiðin gerð sýnileg fyrir nemendum með því að hengja upp veggspjöld á víð og dreif um byggingarnar. Það fellur svo í hlut kennara að kynna þau fyrir nemendum og tengja við önnur viðfangsefni í ólíkum námsgreinum. Með öðrum orðum eru Heimsmarkmiðin samþætt við daglegt skólastarf og í einhverjum tilvikum er það jafnvel ómeðvitað. Út frá þessari niðurstöðu má draga þá ályktun að vinna með Heimsmarkmiðin geti verið tilviljunarkennd og ef til vill ómarkviss í einhverjum tilfellum. Að vissu leyti kemur þessi niðurstaða þó ekki á óvart þar sem Heimsmarkmiðin tengjast ýmsum þáttum í daglegu lífi sem heppilegt getur verið að tengja þau við.

Það er verulega áhugavert að í Síðuskóla eru markmiðin fyrst og fremst tengd við viðfangsefni í samfélagsfræði. Í Þelamerkurskóla er hins vegar helst unnið með þau í náttúrufræði. Þetta gefur til kynna að Heimsmarkmiðin geta

gengið þvert á námsgreinar og er hægt að vinna með þau í tengslum við ólík viðfangsefni. Þó að markmiðin séu tekin fyrir í ólíkum námsgreinum virðast verkefni þó vera áþekk í báðum skólum. Þannig kynna nemendur sér markmiðin og velja sér eitt til að segja samnemendum frá. Út frá þeirri niðurstöðu má greina að sérstök vinna með Heimsmarkmiðin er ekki ýkjá fjölbreytt.

Heilt yfir virðast bæði Síðuskóli og Þelamerkurskóli vinna að og í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Í fyrsta lagi ber að nefna að unnið er að heilbrigði og bættum lífsstíl nemenda með fjölbreyttum hætti, til að mynda með árlegum útivistardögum og verkefnum eins og *Göngum í skólann*. Þetta er í samræmi við Heimsmarkmið þrjú sem kveður á um að stuðla eigi að heilbrigðu líferni og vellíðan allra frá vöggu til grafar. Í öðru lagi er lögð áhersla á að skapa öllum nemendum tækifæri til að stunda einstaklingsmiðað nám. Í Þelamerkurskóla er það til dæmis gert með því að veita nemendum gott aðgengi að stuðningsfulltrúa og iðjuþjálfra í daglegu starfi. Þetta fellur vel við markmið fjögur sem kveður meðal annars á um að tryggja eigi öllum jafnan aðgang að góðri menntun. Í þriðja lagi er fjallað um og unnið með jafnrétti í kennslu og daglegu skólastarfi beggja skólanna. Það er í samræmi við markmið fimm, tíu og sextán. Nánar verður fjallað um þennan þátt í kafla 5.3. Í fjórða lagi er sjálfbærni hugtakið tengt við skólastarfið með fjölbreyttum hætti í báðum skólum og er tilgangurinn með því að nemendur læri að vera sjálfbærir í verki. Af sautján Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna snúa ellefu að sjálfbærni eða sjálfbærri þróun að einhverju leyti (Stjórnarráð Íslands, e.d.a). Nánari útlistun á sjálfbærnimenntun í tengslum við markmiðin er í kafla 5.2.

Segja má að unnið sé með Heimsmarkmiðin í samræmi við lög um grunnskóla (nr. 91/2008) þó að vissulega megi gera betur og vinna með þau á fjölbreyttari hátt. Til að mynda er unnið með umburðarlyndi, kærleika, jafnrétti, umhyggju og virðingu í báðum skólum en eins og komið hefur fram kveða íslensk lög á um að starfshættir grunnskóla skuli meðal annars mótast af fyrrnefndum þáttum. Þá ber einnig að nefna að sú áhersla sem lögð er á trúarbragðafræðslu í Síðuskóla og umfjöllun um kristna arfleið íslenskrar menningar með árlegri kirkjuheimsókn er jafnframt í samræmi við gildandi grunnskólalög þar sem kveðið er á um að starfshættir eigi að mótast af kristinni arfleið.

Eins og gefur að skilja vinna skólarnir með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í samræmi við tilmæli *Aðalnámskrár grunnskóla* enda byggir hún á lögum um grunnskóla. Segja má að grunnþættir menntunar sem listaðir eru upp

í námskránni og skólarnir starfa eftir samræmist vel Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þannig ná fjórir þættir af sex, það er sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og heilbrigði og velferð, yfir ákvæði Heimsmarkmiðanna með beinum hætti (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 16; Stjórnarráð Íslands, e.d.a).

Þegar litið er á skólastefnur Akureyrarbæjar og Hörgársveitar sést að ólíkir grundvallarþættir í stefnunum samræmast misvel við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Segja má að tveir af fjórum grundvallarþáttum í skólastefnu Akureyrarbæjar samræmist markmiðunum en það eru vellíðan og virðing. Fyrri þátturinn tengist markmiði þrjú sem kveður á um heilbriggt líferni og vellíðan. Að því gefnu að virðing sé ein forsenda friðar, má tengja seinni þáttinn við markmið sextán sem snýr að friðsælum og sjálfbærum samfélögum. Svipaða sögu má segja um skólastefnu Hörgársveitar. Einungis tveir af sex grundvallarþáttum stefnunnar samræmast Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en það eru virðing og samkennd sem tengjast markmiði sextán. Misunandi er á milli sveitarfélaga hvort og þá hversu mikil áhersla er lögð á þætti eins og sjálfbærni, mannréttindi, jafnrétti, menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund í skólastefnum þeirra en nánar verður fjallað um það í næstu köflum (Akureyrarbær, 2006, bls. 6–17; Hörgársveit, 2016, bls. 5 og 7; Stjórnarráð Íslands, e.d.a). Áhugavert er að bera saman þessi tilmæli sveitarfélaganna við það sem raunverulega er gert er í þátttökuskólunum tveimur. Eins og áður hefur komið fram virðast báðir skólarnir vinna að Heimsmarkmiðunum sem sýnir að starfsemi þeirra byggir í meiri mæli á markmiðunum en skólastefnur sveitarfélaganna gera ráð fyrir.

5.4 Sjálfbærnimenntun í íslensku skólakerfi

Niðurstöður rýnihópaviðtalanna sýna að margt er keimlíkt í Síðuskóla og Þelamerkurskóla þegar kemur að sjálfbærnimenntun og leggja báðir skólarnir ríka áherslu á umhverfismennt og umhverfisvitund nemenda. Í báðum skólum er starfandi umhverfisnefnd sem í sitja fulltrúar starfsmanna, nemenda og foreldra. Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að móta stefnu um og stuðla að umhverfismennt í skólunum. Kveðið er á um sjálfbærnimenntun í stefnum beggja skólanna. Í Síðuskóla er ákvæðið í umhverfisstefnu skólans en Græn-fánastefna Þelamerkurskóla kveður meðal annars á um menntun til sjálfbærni.

Í skólanámskrá Síðuskóla hafa verið sett metnaðarfull markmið varðandi umhverfismál, til að mynda í tengslum við endurvinnslu, orkusparnað, vatnsnotkun og fleira. Þá hefur sérstakur umhverfissáttmáli verið gerður við skólann (Síðuskóli, 2016, bls. 7; Síðuskóli, e.d.a; Síðuskóli, e.d.d). Í drögum að skólanámskrá Þelamerkurskóla er líkt og í námskrá Síðuskóla lögð rík áhersla á umhverfisvernd og umhverfismál, meðal annars í tengslum við Grænfánann, *Vistheimtarverkefni* Landverndar og alþjóðlegt Erasmusverkefni um lífbreyti-leika (Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, 2020).

Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við tilmæli *Aðalnámskrár grunnskóla* og skólastefnur Akureyrarbæjar og Hörgársveitar kemur í ljós að starfsemi í báðum skólum er í samræmi við opinber tilmæli. Þó að hugtakið sjálfbærni komi aldrei fram í skólastefnu Hörgársveitar og einungis einu sinni í stefnu Akureyrarbæjar leggja þær báðar ríka áherslu á umhverfismennt. Nánar tiltekið er kveðið á um að skólar eigi að skapa námstækifæri í tengslum við umhverfið með tilliti til náttúrufræðis, atvinnulífs og menningar í bæjarfélaginu (Akureyrarbær, 2006, bls. 13; Hörgársveit, 2016, bls. 5 og 7). Þetta er í samræmi við það markmið sem sett er fram í *Aðalnámskrá grunnskóla*, það er að nemendur læri að þekkja, skilja og virða náttúruna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 20).

Þegar rýnt er í starfsemi þátttökuskólanna tveggja sést að unnið er að þessu markmiði með fjölbreyttum hætti og eru ýmis verkefni unnin í skólunum sem stuðla að umhverfisvitund og sjálfbærnimenntun. Í því samhengi má til að mynda nefna árlega umhverfisdaga sem haldnir eru í báðum skólum. Áherslurnar eru ólíkar á milli skólanna. Í Síðuskóla er fyrst og fremst einblínt á áttahagafræði, einkum í tengslum við auðlindir og lífríki í nærumhverfinu. Í Þelamerkurskóla er meginviðfangsefnið hins vegar umhverfismál. Útivistardagar eru einnig haldnir í báðum skólum í þeim tilgangi að nemendur læri að þekkja nærumhverfi sitt og tengjast samfélaginu sem þeir búa í. Í Síðuskóla er einnig unnið með umhverfisvitund og sjálfbærni í útiskólanum, þemaverkefni á miðstigi um fugla og í verkefnum um umhverfismál sem unnin eru í samfélagsfræði á elsta stigi. Í Þelamerkurskóla er þó fyrst og fremst unnið að því að ná markmiðinu með útiskólanum sem er fastur liður í stundaskrá yngstu nemendanna. Markmið útiskólans, það er 1) að gera nemendur læsa á umhverfi sitt, 2) að kenna þeim að bera virðingu fyrir náttúrunni og auka tengsl þeirra við umhverfið og 3) að vekja þá til umhugsunar um möguleikana sem eru í

nánasta umhverfi þeirra, samræmast vel ákvæði aðalnámskrár. *Vistheimtarverkefnið* og verkefni sem snýr að endurheimt votlendis við Hraun í Öxnadal eru jafnframt skýr dæmi um viðfangsefni sem fengist er við í Þelamerkurskóla sem stuðla að þekkingu, skilningi og virðingu nemenda gagnvart náttúrunni. Út frá niðurstöðum rýnihópaviðtalanna má því greina að í báðum skólum er einkum fjallað um nærumhverfið í tengslum við náttúrufarsþætti en síður í tengslum við atvinnulíf og menningu. Þó ber að halda því til haga að trúarbragðafræðslan í Síðuskóla leikur lykilhlutverk í að kynna nemendum fyrir menningarlegri fjölbreytni og felur að miklu leyti í sér umfjöllun um menningu og siði í ólíkum samfélögum.

Athyglisverð er sú niðurstaða að í báðum skólum virðist sjálfbærnimenntun vera orðin hluti af daglegu skólastarfi og er komin á nokkurs konar sjálfstýringu. Þannig er menntunin ekki alltaf heildstæð eða undirbúin sérstaklega. Í sumum tilvikum eru kennarar og nemendur jafnvel ekki meðvitaðir um að sjálfbærnimenntun fer fram þegar fengist er við viðfangsefni daglegs skólastarfs sem tengjast þó óeitanlega sjálfbærni. Þetta á til að mynda við um endurnýtinguna og flokkunina sem eru orðnir rótgrónir þættir í skólastarfi beggja skólanna. Segja má því að nemendur í báðum skólum læri um sjálfbærni í verki alla skólagöngu sína. Með öðrum orðum virðist sjálfbærnihugsunin vera orðin undirliggjandi þáttur í daglegu starfi sem sýnir hversu langt skólarnir eru komnir hvað varðar menntun til sjálfbærni. Þetta er í samræmi við það sem kemur fram í skólanámskrám Síðuskóla og Þelamerkurskóla og er í þeirri fyrrnefndu sérstaklega greint frá því að sjálfbærni og umhverfismennt sé fléttað við allt skólastarf (Síðuskóli, 2016, bls. 15). Þessi niðurstaða er hins vegar ekki í samræmi við áður nefndar niðurstöður verkefnastjórnar íslenskra stjórnvalda um Heimsmarkmiðin. Í stöðuskýrslu sem gefin var út 2018 kom fram að þó að innleiðing á grunnþáttum menntunar, þar á meðal sjálfbærni, hafi tekist vel á öllum skólastigum hefur það vafist fyrir kennurum að samþætta grunnþættina við daglegt skólastarf. Einnig var greint frá því í skýrslunni að erfitt hefur reynst að fá alla aðila skólasamfélagsins til að vinna í sameiningu að innleiðingu grunnþáttanna (Verkefnastjórn íslenskra stjórnvalda um Heimsmarkmiðin, 2018, bls. 20). Út frá niðurstöðum rýnihópaviðtalanna í Síðuskóla og Þelamerkurskóla má hins vegar greina að samstaða og samvinna virðist ríkja í báðum skólum hvað varðar innleiðingu á menntun til sjálfbærni.

Að framansögðu má ljóst vera að í báðum skólum er farið eftir ákvæði laga um grunnskóla (nr. 91/2008) sem segir að grunnskólum beri að efla víðsýni nemenda og skilning þeirra á umhverfinu.

5.5 Mannréttinda- og jafnréttisfræðsla í íslensku skólakerfi

Eins og kom fram í niðurstöðukafla er ekki kveðið sérstaklega á um mannréttindakennslu í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008). Þó er fjallað um ýmis atriði sem varða mannréttindi, til dæmis rétt allra barna til að stunda nám við hæfi í skóla án aðgreiningar. Þá er einnig kveðið á um að starfshættir grunnskóla skuli mótast af jafnrétti og að undirbúa eigi bæði kyn undir þátttöku í samfélaginu. Á þessu er jafnframt hnykk í *Aðalnámskrá grunnskóla* þar sem kemur fram að nemendur eigi að fá að þroskast á eigin forsendum og að taka þurfi tillit til áhuga þeirra og ábyrgðar á eigin námi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 21–22). Þegar niðurstöður rýnihópaviðtalanna eru skoðaðar kemur í ljós að báðir þátttökuskólarnir leitast við að fylgja eftir þessum tilmælum og er í skólanámskrá Síðuskóla kveðið sérstaklega á um að veita eigi nemendum nám og kennslu við hæfi og tækifæri til að takast á við viðfangsefni að eigin vali. Í drögum að skólanámskrá Þelamerkurskóla er samþærilegt ákvæði er varðar skóla án aðgreiningar og leitast skólinn við að skapa með nemendum þá viðleitni að allir séu jafnir, bæði innan nemendahópsins sem og innan skólasamfélagsins alls (Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, 2020). Ljóst er því að báðir skólarnir starfa samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 10/2008) og alþjóðlegum samþykktum, svo sem Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindasáttmála Evrópu (Alþingi, 2019; Stjórnarráð Íslands, e.d.a).

Athyglisverð er sú niðurstaða að í báðum skólum er lögð áhersla á að nemendur læri um mannréttindi og jafnrétti í verki, til að mynda í gegnum dagleg samskipti við aðra, vinnu með ólíkum einstaklingum með mismunandi þarfir og setu í ýmsum nefndum og ráðum. Samkvæmt þátttakendum er skipulögð mannréttinda- og jafnréttisfræðsla samþætt við flestar námsgreinar í Síðuskóla og Þelamerkurskóla. Í báðum skólum er þó einkum fjallað um hugtökin á bekkjarfundum og í samfélagsgreinum. Þetta er í samræmi við það sem kemur fram í *Aðalnámskrá grunnskóla* um að samfélagsgreinar og lífsleikni séu

kjölfesta þekkingar og mótunar viðhorfa til mannréttinda (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 21). Jafnframt rímar þetta vel við niðurstöður úr spurningakönnun Guðnýjar S. Guðbjörnsdóttur og Steinunnar Helgu Lárusdóttur (2017) sem sýndu að helst er fjallað um jafnréttismál í samfélagsgreinum og lífsleikni, samverustundum og daglegu tali við nemendur (bls. 19). Auk þess að fá fræðslu um mannréttindi og jafnrétti í samfélagsgreinum og á bekkjarfundum fá nemendur í Síðuskóla og Þelamerkurskóla ýmsa fyrirlestra um viðfangsefni sem tengjast þessum þáttum frá utanaðkomandi aðilum sem heimsækja skólann. Þannig er virku samstarfi komið á milli skólans og grenndarsamfélagsins. Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* er slíkt samstarf mikilvæg forsenda þess að hægt sé að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 21).

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* er kveðið á um að mannréttindi séu forsenda lýðræðis. Til að læra um lýðræði þurfa nemendur því að fá tækifæri til að vera virkir þátttakendur og læra um lýðræði í lýðræði (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 21). Þessi tilmæli aðalnámskrár eru nánar útfærð í skólánámskrá Síðuskóla þar sem kemur fram að nemendur eigi að vera virkir þátttakendur í öllu skólastarfi og fá tækifæri til að hafa áhrif á það, til dæmis í gegnum umræður á bekkjarfundum og með því að sitja í nefndum og ráðum innan skólans (Síðuskóli, 2016, bls. 16). Í því samhengi er athyglisvert að rýna í ummæli nemenda. Samkvæmt rýnihóp í Síðuskóla finnst nemendum þeir geta haft áhrif á skólann og nærsamfélagið en síður á námið. Nemendum Þelamerkurskóla finnst þeir hins vegar geta haft áhrif á nám sitt og skólann en síður á nærsamfélagið. Þá er einnig mismunandi hvernig viðmælendur upplifa sig geta lagt sitt að mörkum. Þannig líta nemendur Síðuskóla meira inn á við og segjast geta haft áhrif með því að vera góðar fyrirmyndir og sýna gott fordæmi. Í Þelamerkurskóla líta nemendur meira út á við og segjast geta breytt ýmsum þáttum í skólastarfinu með því að leggja fram tillögur að úrbótum. Þar leika fulltrúar nemenda í ýmsum nefndum og ráðum lykilhlutverk.

Áhugavert er að bera skólastefnur sveitarfélaga saman við starfsemi þátttökuskólanna tveggja en báðir skólarnir virðast vinna meira með hugtökin en skólastefnurnar gera ráð fyrir. Hugtakið mannréttindi kemur til dæmis hvorki fyrir í stefnu Akureyrarbæjar né í stefnu Hörgársveitar. Þó koma tveir grundvallarþættir í stefnu Akureyrarbæjar, það er virðing og vellíðan, inn á mannréttindi þar sem kveðið er á um að bera eigi virðingu fyrir öllum einstaklingum, óháð menningu og siðum. Þó að engin slík tilmæli séu í stefnu Hörgársveitar

má ætla að tveir af grundvallarþáttum skólastefnunnar, það er virðing og samkennd, tengist mannréttindum. Hugtakið jafnrétti kemur einungis einu sinni fyrir í stefnu Akureyrarbæjar þar sem kveðið er á um að hlúa skuli að jafnrétti kynjanna og leitast eftir því að árangur og líðan stúlkna og drengja sé sem best. Í skólastefnu Hörgársveitar kemur hugtakið jafnrétti hvergi fyrir (Akureyrarbær, 2006, bls. 6 og 13; Hörgársveit, 2016, bls. 2–7). Þessar niðurstöður koma nokkuð á óvart, einkum varðandi stefnu Hörgársveitar þar sem hún er nýleg. Ætla mætti að þáttum eins og mannréttindum og jafnrétti yrðigt hærra undir höfði í nýlegum skólastefnum þar sem gerðar eru sífellt meiri kröfur til þessara þátta í nútímasamfélagi manna. Það er þó bót í máli að skólarnir virðast leggja meiri áherslu á mannréttinda- og jafnréttisfræðslu en skólastefnurnar gera ráð fyrir. Eins og áður hefur komið fram má með slíkri fræðslu stuðla að því að nemendur geri tilkall til réttinda sinna, komi í veg fyrir mannréttindabrot og leitist við að byggja upp samfélag þar sem mannréttindi eru virt (Íslandsdeild Amnesty International, e.d.).

5.6 Menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund í íslensku skólakerfi

Niðurstaða textagreiningarinnar sýnir að hugtökin menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund koma hvorki fyrir í lögum um grunnskóla né í *Aðalnámskrá grunnskóla*. Þetta kemur nokkuð á óvart fyrir tveggja hluta sakir. Í fyrra lagi vegna þess að nemendum af erlendum uppruna fjölgar stöðugt í íslensku skólakerfi. Í síðara lagi vegna þess að samskipti við aðra menningarhópa aukast sífellt með bættri samskiptatækni og alheimsvæðingu. Í lögunum er þó kveðið á um að grunnskólar eigi að stuðla að víðsýni nemenda og efla skilning þeirra á umheiminum (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Í aðalnámskrá má jafnframt finna ákvæði um skyldu skóla til að huga að fjölbreyttum menningarlegum bakgrunni nemenda við skipulagningu náms. Eins kemur fram að skilning á menningarlegum aðstæðum ólíkra þjóða hljóti nemendur meðal annars við tungumálanám. Í hæfniviðmiðum má einnig finna ákvæði um menningarlæsi nemenda í tengslum við erlend tungumál og samfélagsgreinar (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 106–107, 124, 130, 142 og 197). Út frá þessu má draga þá ályktun að hugtökin menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund hafi einfaldlega ekki verið búin að ná fótfestu í íslensku máli þegar löggin voru sett og námskráin gefin út.

Eins og komið hefur fram í umfjöllun um skólastefnu Akureyrarbæjar og Hörgársveitar koma hugtökin ekki fram í stefnunum. Í stefnu Akureyrarbæjar er þó kveðið á um að skólar eigi að leggja áherslu á að efla víðsýni og umburðarlyndi nemenda með því að auka skilning þeirra og þekkingu á mismunandi menningarheimum og ólíkum sambúðarháttum og hátternisreglum (Akureyrarbær, 2006, bls. 8 og 12). Þegar rýnt er í skólanámskrár og niðurstöður rýnihópaviðtalanna í þátttökuskólunum sést að þekkingu á menningarlegri fjölbreytni og alheimsvitund hljóta nemendur í Síðuskóla og Þelamerkurskóla að miklu leyti í gegnum dagleg samskipti við nemendur af erlendum uppruna. Sú niðurstaða kemur ekki mjög á óvart enda hefur nemendum með annan menningarbakgrunn en íslenskan fjölgað mjög á undanförunum árum. Samkvæmt rýnihópum í báðum skólum eru kennarar sveigjanlegir og duglegir að grípa tækifærið þegar erlendir nemendur hefja nám við skólann þar sem ýmis tækifæri felast í því. Í Síðuskóla eru foreldrar þessara barna jafnframt gjarnan fengnir til að segja frá menningarheimi þeirra, tungumáli, trúarbrögðum og fleira. Markviss fræðsla um menningarlega fjölbreytni fer fram í samfélagsgreinum í báðum skólum. Í Síðuskóla leikur trúarbragðafræðsla þar lykilhlutverk en í Þelamerkurskóla ræður námsefnið hverju sinni hver áhersluatriðin eru. Báðir skólar taka jafnframt þátt í samstarfsverkefnum með erlendum skólum sem veitir nemendum tækifæri til að eiga í samskiptum við nemendur frá öðrum menningarheimum og jafnvel heimsækja heimaland þeirra. Það má því ljóst vera að í báðum skólum er farið eftir tilmælum laga og aðalnámskrár hvað þessi atriði varðar.

5.7 Undirbúningur kennaranema

Áhugavert er að rýna í og bera saman niðurstöður úr rýnihópaviðtölum við kennaranema í Háskólanum á Akureyri og í Háskóla Íslands þar sem þær endurspeglu upplifun og viðhorf kennaranema á náminu. Rétt er að árétta að niðurstöðurnar taka ekki mið af náms- og kennsluskrá. Samkvæmt kennaranemum við Háskólann á Akureyri er fjallað nokkuð ítarlega um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í einum skylduáfanga á fyrsta ári í grunnnáminu. Að öðru leyti virðist umfjöllun um markmiðin ekki ýkja mikil og upplifa kennaranemar sig því ekki nægilega vel undirbúna til að fjalla um þau í kennslu. Kennaranemar við Háskóla Íslands segja aftur á móti að áhersla á markmiðin sé mismikil eftir kjörsviðum. Þannig virðast einhverjir kennaranemar fá litla

sem enga umfjöllun um þau í náminu á meðan aðrir sitja áfanga þar sem lögð er rík áhersla á markmiðin. Þetta er að mörgu leyti áhugaverð niðurstaða, einkum vegna þess hve fjölbreytt Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru og tengjast ólíkum þáttum á flestum sviðum mannlegs lífs. Þannig mætti ætla að mikilvægt væri að markmiðin væru tengd við sem fjölbreyttust viðfangsefni í kennaranámi og þá sérstaklega markmið fjögur sem kveður á um að tryggja eigi öllum tækifæri til góðrar menntunar alla ævi (Stjórnarráð Íslands, e.d.a). Þrátt fyrir þetta telja allir þátttakendur úr Háskóla Íslands sig reiðubúna til að fást við Heimsmarkmiðin í kennslu en það skýrist meðal annars af því að áhugi þeirra á viðfangsefninu hefur leitt til þess að þeir hafa kynnt sér markmiðin á eigin forsendum og þekkja því vel til þeirra.

Þegar rýnt er í samræður kennaranema um sjálfbærni í kennaranámi má sjá að unnið er með hugtakið í tengslum við ólíka þætti. Í Háskólanum á Akureyri fer umfjöllun að mestu leyti fram í grunnnámi kennarafræða, einkum í tengslum við þætti eins og sjálfbæra orku, vistkerfi, auðlindir, flokkun, endurnýtingu og fleira. Þá geta kennaranemar jafnframt setið áfanga þar sem farið er yfir hvernig megi vinna með hugtakið á ólíkum skólastigum. Í Háskóla Íslands er hins vegar fyrst og fremst unnið með sjálfbærni í tengslum við grunnþætti menntunar og er í kennslunni fjallað um sjálfbærni í hugsun og hvernig nýta megi nærumhverfið í kennslu. Þá er kafað enn dýpra í þessi atriði á náttúrugreinakjörsviði. Ljóst er því að áherslurnar eru ólíkar á milli skólanna. Það sem vekur þó athygli er að í samtali við kennaranema í Háskólanum á Akureyri er ekki komið inn á sjálfbærni í tengslum við grunnþætti menntunar. Sú niðurstaða kemur nokkuð á óvart enda má ætla að flest viðfangsefni í kennaranámi megi tengja við grunnþætti menntunar, þar á meðal sjálfbærni. Af ummælum þátttakenda að dæma upplifa rannsakendur einnig að kennaranemar við Háskólann á Akureyri telji sig betur undirbúna til að sinna sjálfbærnikennslu en nemar við Háskóla Íslands. Þó er þörf á frekari rannsóknum tengdum þessu og rýna þarf sérstaklega í kennsluskrár háskólanna.

Út frá niðurstöðum rýnihópaviðtalanna má greina að mannréttinda- og jafnréttishugtökin eru tengd við ólík viðfangsefni í kennaranáminu, bæði í kennslu og verkefnavinnu. Þannig virðast þau vera nokkurs konar undirliggjandi þáttur í öllu kennaranámi, bæði í Háskólanum á Akureyri og í Háskóla Íslands. Samkvæmt kennaranemum í Háskólanum á Akureyri er þó aldrei fjallað ítarlega um hugtökin fyrr en í meistaranámi. Í Háskóla Íslands fer hins vegar markviss vinna einungis fram á fyrsta ári í grunnnámi. Allir þátttakendur

eru sammála um að umfjöllunininni sé ábótavant og myndu þeir vilja aukna og dýpri umræðu um mannréttindi og jafnrétti í náminu. Þetta rímar vel við niðurstöður Þorgerðar Einarsdóttur og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar (2011) sem sýndu að skortur er á kynjajafnréttisfræðslu í kennaranámi (bls. 9–11).

Samkvæmt kennaranemum í Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands er umfjöllun um menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund ekki ýkja mikil í kennaranámi. Í báðum skólum er komið inn á fjölmenningu og fjallað um ólíkar þarfir nemenda sem stafa af ólíkum menningarbakgrunni en markviss kennsla um þessa þætti virðist þó ekki vera mikil. Sú niðurstaða kemur á óvart einkum vegna þess að nemendum af erlendum uppruna fjölgar sífellt á Íslandi og samskipti við umheiminn aukast einnig í takt við bætтар samgöngur og rafrænar samskiptaleiðir. Einnig er athyglisverð sú niðurstaða að misjafnt er á milli rýnihópanna hversu ánægðir þátttakendurnir eru með kennaranámið með tilliti til umfjöllunar um menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund. Þannig myndu kennaranemar við Háskólann á Akureyri vilja fá aukna fræðslu um þessa þætti snemma á námsferlinum. Aftur á móti telja kennaranemar við Háskóla Íslands engu ábótavant í kennaranáminu þegar kemur að umfjöllun um menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund þótt umfjöllun um þessa þætti sé ekki mikil í náminu.

6. Samantekt

Í inngangi voru settar fram þrjár rannsóknarspurningar: 1) Hvað segja lög og reglugerðir um menntun til sjálfbærni á Íslandi? 2) Hvernig er staðan innan veggja tveggja grunnskóla á Íslandi með tilliti til sjálfbærnimenntunar? 3) Upplifa grunnskólakennaranemar sig nægilega undirbúna fyrir sjálfbærni-kennslu? Til að leita svara við fyrstu spurningunni var framkvæmd texta- greining á lögum um grunnskóla, *Aðalnámskrá grunnskóla*, skólafestnum sex sveitarfélaga víðs vegar um landið og skólanámskrám þátttökuskólanna tveggja. Niðurstöður sýna að ýmsu er ábótavant í lögum og íslenskum stefnuskrám þegar kemur að umfjöllun um lykilhugtökin sjálfbærni, mann- réttindi, kynjajafnrétti, menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund. Helst er fjallað um þessa þætti í aðalnámskrá og er misjafnt á milli sveitarfélaga hversu mikil áhersla er lögð á þá í skólafestnum þeirra. Leiða má líkum að því að þetta skýrist að einhverju leyti af því að ákvæði íslenskra grunnskólalaga í tengslum við þessa þætti eru hvorki mörg né ítarleg. Auk þess er skortur á innleiðingu og eftirfylgni með þessum þáttum. Því eru drög að þingsályktunartillögu um menntastefnu til 2030 fagnaðarefni þar sem skýrt er kveðið á um mikilvægi þeirra.

Til að draga upp mynd af því sem íslenskir grunnskólar eru að gera í tengslum við sjálfbærnimenntun voru tekin þrjú rýnihópaviðtöl í tveimur grunnskólum. Í upphafi var lagt upp með að þátttökuskólarnir yrðu þrír en ekki tókst að fá skóla á höfuðborgarsvæðinu til þátttöku. Að vissu leyti er það áhugavert og kann að vera að allir þeir skólar sem höfnuðu boði um þátttöku telji sig einfaldlega ekki uppfylla ákvæði um sjálfbærnimenntun. Niðurstöður úr rýnihópaviðtölum í Síðuskóla og Þelamerkurskóla gefa hins vegar til kynna að unnið sé með sjálfbærni og önnur lykilhugtök með fjölbreyttum hætti. Það sem er ef til athyglisverðast er að bæði starfsmenn skóla og nemendur virðast tengja hugtakið sjálfbærni við náttúrugreinar en hin lykilhugtökin við sam- félagsgreinar.

Í því augnamiði að leita svara við þriðju rannsóknarspurningunni voru tekin rýnihópaviðtöl við fjórða og fimmta árs kennaranema í Háskólanum á Akur- eyri og Háskóla Íslands. Í viðtölunum voru þátttakendur spurðir hvernig fjallað væri um sjálfbærni, mannréttindi, jafnrétti, menningarlega fjölbreytni og al- heimsvitund í kennaranámi. Út frá svörum þeirra má greina að hugtökin fá

mismikið vægi í kennaranáminu þar sem mannréttindi og jafnrétti eru sýnilegust og fá mesta umfjöllun en menningarleg fjölbreytni og alheimsvitund eru þau hugtök sem minnst er fjallað um. Heilt yfir myndu kennaranemar úr báðum skólum vilja fá ítarlegri kennslu um þessa þætti og telja að það myndi leiða til þess að þeir væru betur undirbúnir og viljugri til að fást við þá í kennslu.

Að framansögðu má ljóst vera að mörgu er ábótavant á Íslandi í tengslum við innleiðingu á Heimsmarkmiði 4.7 sem kveður á um menntun til sjálfbærni þó að vissulega sé margt vel gert. Ef til vill stafar það fyrst og fremst af því að tilmæli íslenskra grunnskólalaga eru ekki mjög skýr hvað þetta varðar auk þess sem kennaraefni virðast ekki upplifa sig nægilega vel undirbúin til að sjá um sjálfbærnikennslu. Það kemur því nokkuð á óvart að skólar virðast fjalla um sjálfbærnihugtakið með fjölbreyttum hætti þó að oft sé bein umfjöllun um hugtakið tilviljunarkennd og jafnvel ómeðvituð. Ljóst er því að huga þarf betur að og leggja aukna áherslu á innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og verður athyglisvert að fylgjast með því hvort og þá hvernig þingsályktunartillaga núverandi menntamálaráðherra muni leiði til þess.

Heimildaskrá

- Akureyrarbær. (2006). *Skólastefna Akureyrarbæjar*. Akureyri: Skóladeild Akureyrarbæjar.
- Akureyrarbær. (2019, 18. desember). Skólarnir. Sótt af <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/grunnskolar>
- Akureyrarbær. (2020, 10. febrúar). Almennt um leikskóla á Akureyri. Sótt af <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/leikskolar>
- Alþingi. (2019). Kaflar lagasafns: 2. Mannréttindi. Sótt af <https://www.althingi.is/lagasafn/kaflar/nuna/02.html>
- Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, nr. 10/1979.
- Björk Ólafsdóttir. (2010a). *Leiðbeiningar um mótun skólastefnu í sveitarfélögum*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Björk Ólafsdóttir. (2010b). *Skólastefna sveitarfélaga – handbók*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Björn Bergsson. (2014). *Hvernig veit ég að ég veit? Félagsfræðikenningar og rannsóknaraðferðir*. Reykjavík: Iðnú.
- Brander, P. (2009). *Kompás: Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk* (Helga Jónsdóttir og Þórgunnur Skúladóttir þýddu). Kópavogur: Námsgagnastofnun.
- Breiting, S., Mayer, M. og Mogensen, F. (2005). *Gæðaviðmið skóla fyrir menntun til sjálfbærrar þróunar: Leiðarvísir um hvernig auka má gæði menntunar til sjálfbærrar þróunar*. (Stefán Bergmann þýddi). Sótt af http://skrif.hi.is/geta/files/2009/02/gaedavidmid_-300408.pdf

- Brundtland, G. H. (1987). *Report of the world commission on environment and development: Our common future*. Sótt af <http://www.un-documents.net/our-common-future.pdf>
- Brynja E. Halldórsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2016). Education of democracy, citizenship and social justice: The case of Iceland. Í A. Peterson, R. Hattam, M. Zembylas og J. Arthur (ritstjórar), *The palgrave international handbook of education for citizenship and social justice* (bls. 435–463). London: Palgrave Macmillan.
- Creswell, J. W. (2012). *Educational research: Planning, conducting and evaluating quantitative and qualitative research* (4. útgáfa). Boston: Pearson.
- European court of human rights. (2010). *Mannréttindasáttmáli Evrópu*. Sótt af https://www.echr.coe.int/Documents/Convention_ISL.pdf
- Eygló Árnadóttir. (2009). *Ekki benda á mig! Um framkvæmd laga um jafnréttisfræðslu í grunnskólum* (óútgefin meistararitgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík). Sótt af https://skemman.is/bitstream/1946/3593/1/forsidu_fixed.pdf
- Félag Sameinuðu þjóðanna. (e.d.a). Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sótt af <https://www.un.is/skolavefur/heimsmarkmid-sameinudu-thjodanna-um-sjalfbaera-throun/>
- Félag Sameinuðu þjóðanna. (e.d.b). Um Sameinuðu þjóðirnar. Sótt af <https://www.un.is/stadreyndir/>
- Fljótshérað. (2008). *Menntastefna 2008–2027*. Sótt af https://www.fljotsdalsherad.is/static/files/Skjol/Samth-regl-stefnur/stefnur/menntastefna_fljotsdalsherads.pdf
- Fljótshérað. (2016, 27. apríl). Saga sveitarfélagsins. Sótt af <https://www.fljotsdalsherad.is/is/mannlif/frodleikur-um-fljotsdalsherad/saga-fljotsdalsherads>

- Fljótsdalshérað. (2019, 26. júní). *Fljótsdalshérað í tölum*. Sótt af <https://www.fljotsdalsherad.is/is/stjornsysla/um-fljotsdalsherad-1/tolulegar-upplýsingar>
- Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhann Ólafur Halldórsson og Valdimar Gunnarsson (önnuðust útgáfu). (2013). *Byggðir Eyjafjarðar 2010*. Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.
- Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2017). Hvernig er tekið á fræðslu um kynjajafnrétti í skólum? Athugun á viðhorfum, þekkingu og áhuga skólastjóra þriggja skólastiga. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <https://opinisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/612/17.pdf?sequence=1&isAllowed=y>
- Hinsegin frá Ö til A. (e.d.). Grunnurinn: Kynjatvíhyggja. Sótt af <https://otila.is/grunnurinn/kynjatvihyggja>
- Hörgársveit. (2016). *Skólastefna*. Sótt af <https://www.horgarsveit.is/static/files/thjonusta/menntun-og-fraedsla/skolastefna-lokautgafa.pdf?fbclid=IwAR2LNqVFegp31NxXVfgJvGdcrUqlPCoUrg2586EE1HarfnqYPER174PWuyY>
- Hörgársveit. (e.d.). Sveitarlýsing. Sótt af <https://www.horgarsveit.is/is/frodleikur/sveitarlysing>
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2017). Sjálfbærni menntun í aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla 2011: Samræmdar hugmyndir eða sundurlausar? *Netla–Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/05.pdf>
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Kristín Norðdahl, Auður Pálsdóttir, Björg Pétursdóttir, Eygló Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Þórunn Reykdal. (2008). *Andi sjálfbærrar þróunar í námskrám og menntastefnu – náum honum til jarðar*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

- Ísafjarðarbær. (2019). *Menntastefna Ísafjarðarbæjar*. Sótt af https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Stefnur/menntastefna_isafjardarbaejar_2019.pdf
- Ísafjarðarbær. (e.d.a). Grunnskólar. Sótt af <https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/skolar-og-born/grunnskolar>
- Ísafjarðarbær. (e.d.b). Leikskólar. Sótt af <https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/skolar-og-born/leikskolar>
- Ísafjarðarbær. (e.d.c). Um Ísafjarðarbæ. Sótt af <https://www.isafjordur.is/is/stjornsysla/um-isafjardarbae/soguagrip>
- Íslandsdeild Amnesty International. (e.d.). Sköpum samfélag þar sem skilningur ríkir á mannréttindum. Sótt af <https://amnesty.is/starfid-okkar/mannrettindafraedsla/namsmidjur>.
- Jafnréttisstofa. (e.d.). Orðabók. Sótt af <https://www.jafnretti.is/is/um-jafnrettisstofu/ordabok>
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eiginlegum rannsóknnum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 129–136). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kennarasamband Íslands. (2019, 26. ágúst). Kynjafræði verði skyldufag í kennaranámi. Sótt af <http://gamli.ki.is/rss/5392-kynjafraed-i-verd-i-skyldufag-i-kennaranami>
- Killerman, S. (e.d.). Comprehensive* List of LGBTQ+ Vocabulary Definitions. Sótt af <https://www.itspronouncedmetrosexual.com/2013/01/a-comprehensive-list-of-lgbtq-term-definitions/>
- Kristín Dýrfjörð og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2016). Privatization of the early childhood education in Iceland. *Research in comparative and international education*, 11(1), 80–87. Sótt af <https://journals.sagepub.com/doi/full/10.1177/1745499916631062>

- Krippendorff, K. (2013). *Content analysis: An introduction to its methodology*. London: Sage.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. California: Sage.
- Lacity, M. C. og Janson, M. A. (1994). Understanding qualitative data: A framework of text analysis methods. *Journal of management information systems*, 11(2), 137–155. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/218958880>.
- Landin, S. (2013). *Verður heimurinn betri? Fróðleikur um þróunina í heiminum* (Salvör Aradóttir þýddi). Reykjavík: Þróunarsamvinnustofnun Íslands.
- Landssamtök íslenskra stúdenta. (2019, 4. september). Stuðningsyfirlýsing við bréf jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands um að kynjafræði verði skyldufag í kennaranámi. Sótt af <http://studentar.is/frettir-og-greinar/2019/9/3/stuningsyfirlsing-vi-brfi-jafnrttisnefndar-kennarasambands-slnds-um-a-kynjafri-veri-skyldufag-kennaranmi>
- Landvernd. (e.d.). Hvað eru Skólar á grænni grein? Sótt af <https://graenfaninn.landvernd.is>
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). Mannréttindahugtakið. Sótt af <http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindahugtakid>

- Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. (2005). *Samningur um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/MRN-pdf/UNESCO_fjolfreytileg_menningarleg_tjningarform.pdf
- Menntamálaráðuneytið. (2002). *Íslenska skólakerfið*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Reykjavík: Höfundur.
- Nordic council of ministers. (2018). *A common path: Iceland's presidency of the Nordic council of ministers in 2019*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=04fe5615-dc6e-11e8-942e-005056bc4d74>
- Ólafur Páll Jónsson. (2018). In Search of a Democratic Society: The Icelandic kitchenware revolution and educational response to socio-economic collapse. Í J. Feu og Ó. Prieto-Flores (ritstjórar), *Democracy and education in the 21st century: The articulation of new democratic discourse and practices* (bls. 44–67). Bern: Peter Lang.
- Reykjavíkurborg. (2019). *Látum drauma rætast. Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt_efni/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf
- Reykjavíkurborg. (e.d.a). Grunnskólar í Reykjavík. Sótt af <https://reykjavik.is/thjonusta/grunnskolar-i-reykjavik>
- Reykjavíkurborg. (e.d.b). Leikskólar í Reykjavík. Sótt af <https://reykjavik.is/leikskolar>
- Schreier, M. (2012). *Qualitative content analysis in practice*. Los Angeles: Sage.

- Sigrún Helgadóttir. (2013). *Sjálfbærni: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71–88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 229–237). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sisk, D. A. (2010). Fostering global awareness and global learning for gifted students. *Gifted educational international*, 27(1), 10–18. Sótt af <https://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/026142941002700104>
- Síðuskóli. (2016). *Skólanámskrá Síðuskóla*. Sótt af <https://www.siduskoli.is/static/files/Skolanamskra/agust2016.pdf>
- Síðuskóli. (e.d.a). Grænfáninn. Sótt af <https://www.siduskoli.is/is/skolinn/marmid-og-stefnur/grafenfani>
- Síðuskóli. (e.d.b). Sérdeild. Sótt af <https://www.siduskoli.is/is/starfsfolk/starfslysingar/serdeild>
- Síðuskóli. (e.d.c). Skólinn. Sótt af <https://www.siduskoli.is/is/skolinn/um-skolann/almennar-upplysingar>
- Síðuskóli. (e.d.d). SMT. Sótt af <https://www.siduskoli.is/is/skolinn/marmid-og-stefnur/smt>
- Síðuskóli. (e.d.e). Um Síðuskóla. Sótt af <https://www.siduskoli.is/is/skolinn/um-skolann/sagan>
- Skaftárhreppur. (2016). *Menntastefna Skaftárhrepps 2016–2020*. Sótt af http://www.klaustur.is/files/Menntastefna_2016_2020.pdf

- Skaftárhreppur. (e.d.). Skaftárhreppur og Kirkjubæjarklaustur. Sótt af http://www.klaustur.is/Stjornsysla/Um_Svaedid/Sogulegt/Saga_sveitar_felagsins
- Sóley S. Bender. (2013). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 299–312). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Stefán Bergmann, Erla Kristjánsdóttir, Eygló Björnsdóttir, Kristín Norðdahl, Þórunn Reykdal og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2010). *Menntun til sjálfbærrar þróunar: Af reynslu átta íslenskra skóla 2008–2009*. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Stjórnarráð Íslands. (2008). *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/JafnrettiNu/Mannrettinda_ICEHR.pdf
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.a). Heimsmarkmiðin 17. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/heimsmarkmidin/heimsmarkmidin-17/>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.b). Námskrár. Sótt af stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/
- UNESCO. (e.d.). UN decade of ESD. Sótt af <https://en.unesco.org/themes/education-sustainable-development/what-is-esd/un-decade-of-esd>
- United nations. (e.d.). Human rights. Sótt af <https://www.un.org/en/sections/issues-depth/human-rights/>
- van der Westhuizen, C. N. og Maree, J. G. (2010). From human to humankind: Facilitating global awareness among the gifted. *Gifted education international*, 27(1), 54–62. Sótt af <http://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/026142941002700110>

- Verkefnastjórn íslenskra stjórnvalda um Heimsmarkmiðin. (2018).
Stöðuskýrsla. Sótt
af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=14565f37-7dd6-11e8-942c-005056bc530c>
- Verkefnastjórn íslenskra stjórnvalda um Heimsmarkmiðin. (e.d.a).
Heimsmarkmiðin. Sótt
af <http://heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin/>
- Verkefnastjórn íslenskra stjórnvalda um Heimsmarkmiðin. (e.d.b). 4.
Menntun fyrir alla. Sótt af <http://heimsmarkmidin.is/forsida/hagnytt-efni/merki/?itemid=abf50269-3f29-11e9-9436-005056bc530c>
- World health organization. (e.d.). Gender. Sótt
af <https://www.who.int/health-Topics/gender>
- Belamerkurskóli. (2019). *Jafnréttisáætlun Belamerkurskóla 2019–2020*. Sótt
af https://www.thelamork.is/static/files/jafnrettisaaetlun-thelamerkurskola_2019-2022.pdf
- Belamerkurskóli. (e.d.a). Jákvæður agi. Sótt
af <https://www.thelamork.is/is/serstada/jakvaedur-agi>
- Belamerkurskóli. (e.d.b). Kennsluhættir. Sótt
af <https://www.thelamork.is/is/namskra-og-kennsluhaettir/kennsluhaettir>
- Belamerkurskóli. (e.d.c). Samkennsla árganga. Sótt af
<https://www.thelamork.is/is/serstada/samkennsla-arganga>
- Belamerkurskóli. (e.d.d). Skólinn. Sótt af <https://www.thelamork.is/is/skolinn>
- Þingskjal nr. xxx/2019–2020. Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2020.

Þjóðskrá Íslands. (2019). *Fjöldi íbúa eftir sveitarfélögum 1. febrúar 2019 (og samanburður við íbúatölur 1. desember 2017/2018)*. Sótt af <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2019/02/04/Ibuafjoldi-efrir-sveitarfelogum/>

Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2011). Kynjajafnréttisfræðsla í skólum: Hindranir og tækifæri. *Ráðstefnurit Netlu – Menntavika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntavika2011/030.pdf>

Munnleg heimild

Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir. (2020, 20. mars). Viðtal höfunda við Ragnheiði Lilju Bjarnadóttur, skólastjóra Þelamerkurskóla, um skipulag og starfshætti skólans.

Fylgiskjöl

<i>Fylgiskjal 1 Kynningarbréf um rannsóknina</i>	82
<i>Fylgiskjal 2 Kynningarbréf til foreldra</i>	83
<i>Fylgiskjal 3 Samþykki fyrir að birta nöfn þátttökuskóla</i>	84

Akureyri 31. október 2019

Nafn skólustjóra

Við heitum Bryndís Sóley og Sólveig María og erum meistaranemar í menntunarfræðum við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Þessa dagana erum við að hefja rannsóknarvinnu sem tengist meistaraverkefni okkar. Verkefnið er hluti af samnorrænu verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Markmið verkefnisins er að kanna hver staða Norðurlandanna er á innleiðingu Heimsmarkmiðs 4.7 um sjálfbæra þróun en það kveður á um að eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.

Í okkar verkefni leggjum við áherslu á að skoða það sem skólar eru að gera, þegar kemur að menntun til sjálfbærni. Til að leita svara við rannsóknarspurningum okkar, langar okkur að taka viðtöl við þrjá rýnihópa, í þremur ólíkum grunnskólum. Rýnihóparnir eru: 1) nemendur á elsta stigi, 2) kennarar og 3) stjórnendur. Okkur finnst mikilvægt að finna og sýna dæmi um það hvað skólar hafa verið að gera og því leitum við sérstaklega til ykkar.

Ef þið eruð tilbúin til að taka þátt í rannsókninni og finna tíma sem hentar í nóvember, þá óskum við eftir aðstoð ykkar við að manna rýnihópana. Æskilegt er að í rýnihóp kennara séu 3 kennarar, valdir af stjórnendum. Hvað varðar hóp nemenda teljum við að gott væri ef umsjónarkennarar á elsta stigi myndu velja 3–4 nemendur sem eru líklegir til þess að hafa eitthvað til málanna að leggja.

Leiðbeinendur og ábyrgðarmenn verkefnisins eru Bragi Guðmundsson (bragi@unak.is), prófessor við Háskólann á Akureyri, og Ólafur Páll Jónsson (opj@hi.is), prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Með von um góð viðbrögð,

Bryndís Sóley Gunnarsdóttir (ha150149@unak.is, s. 862-2692)

Sólveig María Árnadóttir (ha150127@unak.is, s. 845-4496)

Akureyri 10. nóvember 2019

Ágæta foreldri/forráðamaður

Við heitum Bryndís Sóley og Sólveig María og erum meistaraneimar í menntunarfræðum við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Þessa dagana erum við að hefja rannsóknarvinnu sem tengist meistaraverkefni okkar. Verkefnið er hluti af samnorænu verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Markmið verkefnisins er að kanna hver staða Norðurlandanna er á innleiðingu Heimsmarkmiðs 4.7 um sjálfbæra þróun. Markmiðið kveður á um að eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.

Í okkar verkefni leggjum við áherslu á að skoða það sem skólar eru að gera, þegar kemur að menntun til sjálfbærni. Til að leita svara við rannsóknarspurningum okkar munum við koma til með að taka viðtöl við skólastjórnendur, kennara og nemendur í þremur ólíkum grunnskólum. Þar sem xxxskóli hefur samþykkt að taka þátt í rannsókninni óskum við hér með eftir samþykki fyrir því að barn þitt taki þátt í samræðum ásamt 2–3 bekkjarfélögum þar sem rætt verður um hvað nemendur hafa lært og gert í skólanum sem tengist sjálfbærni. Nöfn nemenda og aðrar persónugreinanlegar upplýsingar munu ekki koma fram í verkefninu.

Leiðbeinendur og ábyrgðarmenn verkefnisins eru Bragi Guðmundsson (bragi@unak.is), prófessor við Háskólann á Akureyri, og Ólafur Páll Jónsson (opj@hi.is), prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Ég undirrituð/-ritaður samþykki að barn mitt taki þátt í verkefninu:

Með von um góð viðbrögð,
Bryndís Sóley Gunnarsdóttir (ha150149@unak.is, s. 862-2692)
Sólveig María Árnadóttir (ha150127@unak.is, s. 845-4496)

Akureyri, 17. febrúar 2020

Ágæti þátttakandi í rannsókninni Mapping Education for Sustainability in the Nordic Countries

Með þessu bréfi biðjum við um formlegt samþykki fyrir eða höfnun á því að nafn xxxskóla komi fram í íslenskum hluta rannsóknarinnar Mapping Education for Sustainability in the Nordic Countries.

Við höfum þegar tekið viðtöl við skólastjóra, kennara og nemendur í xxxskóla auk þess að greina skólastefnu sveitarfélagsins og skólanámskrá skólans. Afrakstur vinnunnar mun birtast í meistararitgerð sem skilað verður við Háskólann á Akureyri vorið 2020. Ávinningur af því að nafn skólans komi fram í ritgerðinni er einkum tvenns konar.

Í fyrra lagi getur verið mjög erfitt að segja almennt frá skólanum, sem og skólastefnu sveitarfélagsins, án þess að upplýsa í raun um hvaða skóli á í hlut. Til að ná nægilegri dýpt í greiningu á stefnu sveitarfélagsins og skólanámskrá skólans þarf lýsing á innihaldi stefnu og námskrár að vera nokkuð ítarleg. Einnig gæti verið mikilvægt að lýsa vel stærð skólans, staðsetningu, staðhættum, sérstökum áherslum (grænfánaskóli, réttindaskóli, o.s.frv.) en af slíkri lýsingu kynni að vera ljóst þeim sem til þekkja um hvaða skóla er að ræða. Af þessum sökum er hreinlegra að nafn skólans komi fram.

Í seinna lagi verður auðveldara að bera skólann saman við fyrri rannsóknir, segja frá þróunarverkefnum eða sérstökum verkefnum sem unnin eru í skólanum ef ekki þarf að fela um hvaða skóla er að ræða.

Áður en við birtum efni úr þessari rannsókn verður þér gefinn kostur á að lesa yfir það sem við segjum um skólann, gera athugasemdir og gæta þess að ekkert komi fram sem varpað getur rýrð á skólann eða einstaka starfsmenn hans.

Ábyrgðarmenn rannsóknarinnar eru Bragi Guðmundsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, (bragi@unak.is) og Ólafur Páll Jónsson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (opj@hi.is).

Vinsamlegast merktu í viðeigandi reit og skrifaðu nafn þitt undir.

Ég undirrituð/aður gef leyfi til að nafn xxxskóla komi fram í íslenskum hluta ofangreindrar rannsóknar.

Ég undirrituð/aður gef ekki leyfi til að nafn xxxskóla komi fram í íslenskum hluta ofangreindrar rannsóknar.

Nafn

Staður og dagsetning

Sólveig María Árnadóttir

Bryndís Sóley Gunnarsdóttir